

MS – ritgerð

Júní 2015

Úr sementstétt í skapandi stétt Akranes á tímum sköpunar

Sindri Birgisson



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Skipulagsfræði

MS – ritgerð

Júní 2015

Úr sementstétt í skapandi stétt
Akranes á tímum sköpunar

Sindri Birgisson

30 eininga ritgerð sem er hluti af Magister Scientiarum gráðu í skipulagsfræði

Leiðbeinandi: Gauti Sigpórsson og
Erla Margrét Gunnarsdóttir

Landbúnaðarháskóli Íslands
Umhverfiseild

Yfirlýsing

Ég ábyrgist hér með að ritgerð þessi er samin af mér og byggð á mínum eigin rannsóknum og að hún hafi hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Sindri Birgisson

Ágrip

Breyttir tímar kalla á breyttar áherslur og breyttar aðgerðir. Með auknu vægi skapandi starfsemi í nútíma hagkerfi er litið til vaxtarmöguleika Akraness, sem stendur frammi fyrir þéttbýlisendurnýjun með endurbótum á gömlu stóru iðnaðarsvæði í hjarta bæjarins. Framundan eru spennandi tímar hjá iðnaðarbænum Akranesi, sem liggur í útjaðri stórhöfuðborgarsvæðisins og hefur gengið í gegnum nokkrar sviptingar í atvinnulífinu. Hverjir eru möguleikar Akraness á tímum sköpunar?

Velt er upp framtíðarmöguleikum Akraness í von um að efla bjartsýni og styrkja sjálfsmynd íbúa, og þar með framgangi atvinnu- og menningarlífs og samfélagsins í heild. Vonast er til að verkefnið hafi breiðari skírskotun til annarra sveitarfélaga, geti gefið þeim innblástur og veitt breiðari sýn og styrkt heilðræna nálgun til skipulagsvinnu.

Með því að sameina eigindlegar og meginlegar aðferðir við skipulagsfræði félags-, og efnahagsmál og skoða samband skapandi starfsemi, staðsetningar og vaxtarmöguleika, þá er niðurstaða rannsóknarinnar að skapandi starfsemi þrífst á Akranesi, en betur má ef duga skal. Hægt er að auka vaxtarmöguleika Akraness með því byggja upp innviði sem styðja við skapandi starfsemi og skapa félagslegar og efnahagslegar aðstæður fyrir skapandi fólk til að starfa í. Mikil sóknarfæri felast í nálægðinni við Reykjavík og góðu framboði af húsnæði á Akranesi, sem er ódýrara en á höfuðborgarsvæðinu. Endurbætur á gömlu iðnaðarsvæði geta gengt veigamiklu hlutverki í þéttbýlisendurnýjun Akraness. Þar mætti veita skapandi starfsemi aðstöðu og skapa fjölbreytt og lifandi athafnasvæði með góðum tengingum við nærumhverfið.

Lykilorð: Akranes, gamalt iðnaðarsvæði, skapandi starfsemi, skipulagsfræði, sveitarfélag, vaxtarmöguleikar, þéttbýlisendurnýjun.

Abstract

„The Times They Are A-Changin,“ said the poet to the world. With different times comes different atmosphere and subsequently the need for new measures. The 21st century most certainly marks the dawn of the so-called creative age, where economical changes mean that creativity has become the new „it“ of world economy. The town of Akranes is an excellent example of a town immersed in „indust-reality“, a town facing urban renewal with industrial renovation. Akranes lies in the outskirts of a metropolitan area, in West Iceland, and has undergone several fluctuations in labour life economy over the years. The potential growth of Akranes will be observed in light of increased role of creative activities in modern economy. What potential does Akranes have in the creative age?

Future possibilities and opportunities of Akranes will be examined in hope of both promoting optimism and strengthening the residents identity, and therefore the progress of economy, culture and society. It is the authors‘ hope that this project and its conclusions will have a broader appeal to other municipalities, inspire and provide a different perspective and new approach to urban planning.

By combining qualitative and quantitative methods with social science, economics and urban planning, and looking into the relation between creative activity, urban growth and location, it will be concluded that creative activity thrives in Akranes, although a lot more must be done. Akranes‘ potential growth may be increased both by creating social and economic conditions for people to work in and by building an infrastructure to support creative activities. The presence of the capital city of Reykjavík, gives Akranes a lot of opportunities. In addition there is a good supply of housing in Akranes, which is cheaper than in the capital. All in all, I will demonstrate how the industrial area of the town can serve as an important role in urban renewal, where diverse and vibrant conditions can be created for facilities with creative activities and good connections with the surrounding area, as well as an improved public transportation to the metropolitan center.

Keywords: Akranes, creative activities, growth, industrial renovation, municipalities, urban planning, urban renewal.

Þakkir

„Nauðsynleg forsenda sköpunar er að vera ekki hræddur við að mistakast“

(e. „An essential aspect of creativity is not being afraid to fail“)

Edwin Land (1909-1991)

Ég kann öllum sem studdu mig við sköpun þessa verkefnis alúðlegar þakkir. Helst ber að nefna leiðbeinendur mína dr. Gauta Sigþórsson, dósent og greinarformann í fjölmiðlafræði og Erlu Margræti Gunnarsdóttur skipulagsfræðing, sem brugðust mér ekki. Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og starfsmönnum hans færi ég miklar þakkir, einkum og sér í lagi Áslaugu Helgadóttur, prófessor og aðstoðarrektr rannsóknarmála, Álfheiði B. Marinósdóttur, kennslustjóra, Helenu Guttormsdóttur, lektor og námsbrautarstjóra, Sigríði Kristjánsdóttur, lektor og skipulagsfræðing og samnemendum mínum í skipulagsfræði. Ég vil þakka Akraneskaupstað og Írisi Reynisdóttur, garðyrkjustjóra, landslagsarkitekt og umfram allt vin.

Þökk sé þuði og sköpun þess.

Takk Fylkir bróðir.

Takk mamma og pabbi.

Takk Aldís, Magnea og Jökull.

Takk vetur, sumar, vor og haust. Takk vinir...

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	v
Myndaskrá	vii
Töfluskrá	viii
Inngangur	1
Fyrsti hluti: Aðferðafræði	4
1.1 Tilgangur og markmið.....	5
1.2 Aðferðir og gögn.....	6
Annar hluti: Fræðileg umfjöllun	10
2 Breyttur tíðarandi	11
2.1 Áhersla á sköpun	14
2.2 Efnahagsleg áhrif sköpunar	15
2.3 Niðurlag	17
3 Hin skapandi stétt	17
3.1 Hreyfiafl efnahagslegrar þróunar	18
3.2 Hin skapandi stétt veldur ágreiningi.....	20
3.3 Niðurlag	21
4 Skapandi samfélag	21
4.1 Stefnumótun og skipulag í anda skapandi borga	25
4.2 Á annan veg.....	27
4.3 Skapandi velferðarsamfélög í Danmörku	27
4.4. Niðurlag	32
5. Akranes	33
5.1 Saga og þróun.....	33
5.2 Þættir úr skipulagssögu Akraness.....	36
5.3 Aðalskipulag Akraness 2005-2017.....	38
5.4 Skipulagsverkefni bæjarins.....	42
5.5 Þróun íbúafjölda	45
5.6 Húsnæðismál	46
5.7 Niðurlag	47
Þriðji hluti: Akranes á tímum sköpunar	48
6. Hreyfiafl efnahagslegrar þróunar á Akranesi	49

6.1 Hæfileikar	49
6.2 Tækni	51
6.3 Umburðarlyndi	52
6.4 Niðurlag	54
7. Skapandi greinar í þéttbýlum útjöðrum borga.....	55
7.1 Rýnihópar	55
7.2 Niðurstöður	57
7.3 Niðurlag	58
8. Rýnihópar	58
8.1 Samgöngur	59
8.2 Ásýnd bæjarins	60
8.3 „Skagíska“	61
8.4 Viðhorf.....	65
8.5 Að skapa aðstæður fyrir fólk	68
8.6 Aðdráttarafl	69
8.7 Sementsverksmiðjan	70
8.8 Niðurlag	73
Fjórði hluti: Niðurstöður, umræður og ályktanir.....	74
9. Niðurstöður.....	75
9.1 Er hægt að heimfæra kenningar og aðferðir um hina skapandi stétt yfir á íslensk sveitarfélög?	75
9.2 Getur Akranes aukið vaxtarmöguleika sína með því að hlúa að skapandi starfsemi?	76
9.3 Hvernig má endurbæta stórt iðnaðarsvæði með áherslu á skapandi starfsemi?	77
10. Umræður.....	78
10.1 Florida og hin skapandi stétt.....	78
10.2 Áhrif sköpunar á vaxtarmöguleika Akraness.....	81
10.3 Skapandi samfélag á Akranesi	81
10.4 Sementsverksmiðjusvæðið	87
11. Ályktanir	90
Heimildaskrá	94
Viðauki I	103

Myndaskrá

Mynd 5.1: Akranes.....	34
Mynd 5.2: Sementsreitur.....	36
Mynd 5.3: Skipulagsuppdráttur frá 1927	37
Mynd 5.4: Aðalskipulagsuppdráttur 1980-2000	38
Mynd 5.5: Aðalskipulagsuppdráttur 2005-2017	39
Mynd 5.6: Náttúruvernd.....	41
Mynd 5.7: Skilgreint miðbæjarsvæði.....	42
Mynd 5.8: Verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði við Smiðjuvelli.....	43
Mynd 5.9: Valin svæði.....	44
Mynd 10.1: Neðri-Skagi	86
Mynd 10.2: Fjarlægð frá Reykjavík.....	89

Töfluskrá

Tafla 1.1 Uppbygging ritgerðarinnar	5
Tafla 5.1 Þróun íbúafjölda	45
Tafla 5.2 Húsnæðisverð	46

Inngangur

Starfsemi Sementsverksmiðju Vesturlands á Akranesi hefur verið stöðvuð. Hvað á að gera við stórt iðnaðarsvæði sem þekur dýrmætt landsvæði? Getur Akranes aukið vaxtarmöguleika sína með því að ráðast í þéttbýlisendurnýjun með endurbótum á gömlu iðnaðarsvæði til dæmis með því að hlúa að skapandi starfsemi á svæðinu? Er hægt að heimfæra kenningar um skapandi stéttir og hlutverk þeirra í endurnýjun atvinnustarfsemi, einkum á svæðum þar sem hefðbundinn iðnaður er ekki lengur til staðar, yfir á íslensk sveitarfélög?

Í þessu verkefni er leitað svara við þessum spurningum út frá tilviksrannsókn. Akranes verður lagt til grundvallar og verða vaxtarmöguleikar sveitarfélagsins kannaðir út frá skapandi starfsemi, auk framtíðarmöguleika yfirgefins iðnaðarsvæðis. Velt verður upp möguleikum Akraness í von um að efla hjartsýni, bæta vellíðan og styrkja sjálfsmynd íbúa, og þar með framgang atvinnu- og menningarlífs og samfélagsins í heild. Vonast er til að verkefnið hafi breiðari skírskotun til annarra sveitarfélaga, geti styrkt þau og gert þau samkeppnishæfari á alþjóðavísu.

Markmiðið er að skoða hugmyndir og kenningar um hina skapandi stétt (*e. the creative class*) (Florida, 2002, 2005, 2007, 2009), með áherslu á hvernig þær hafa þróast og aðlagast samfélögum í Norður-Evrópu. Rannsakað verður hvort heimfæra megi þær kenningar og aðferðir sem stuðst er við og hafa verið þróaðar erlendis yfir á íslenskar aðstæður og hvort sveitarfélög geti nýtt sér slíkar upplýsingar sem grunn í stefnumótun og framkvæmdarvinnu í skipulagi. Það ætti að geta veitt breiðari sýn og styrkt heildræna nálgun til skipulagsvinnu.

Síðastliðna tvo áratugi hefur verið mikil uppsveifla í rannsóknum og athugunum á tengslum efnahagslegra þróunarframkvæmda, hagvaxtar og þéttbýlisendurnýjunar annars vegar og sköpunarkrafts, kunnáttu og færni einstaklinga hins vegar. Ein áhrifamesta orðræðan á þessu sviði hefur verið um kenningar Richard Florida (2002, 2005, 2007, 2009) og samstarfsmanna hans um *hina skapandi stétt* (meðal annarra; Andersen, Bugge, Hansen, Isaksen & Raunio, 2010; Andersen & Lorenzen, 2009; Boschma & Fritsch, 2009; Flew, 2012; Lawton, Murphy & Redmond, 2013; Lorenzen & Andersen, 2009). Ástæðan er hugsanlega sú að með kenningunum tekst að sameina annar svegar tiltölulega óumdeilanlegan skilning sem byggir á rannsóknum innan félagsvísinda og á atvinnumarkaðnum og hins vegar

borgarskipulagi og hinu efnahagslega landslagi, sem aftur skilar sér í stefnu sem vekur athygli og veldur ágreiningi (meðal annarra; Cunningham, 2010; Glaeser, 2005; Malanga, 2004; McGuigan, 2009; Peck, 2005).

Á sama tíma og fólk keppist við að ljúka lofsorði á kenningar Florida hafa þær valdið miklum deilum. Þær hafa verið gagnrýndar jafnt af fræðimönnum sem öðrum, út frá hinum og þessum pólitísku sjónarmiðum, meðal annars fyrir að ala á einhverjum einum forréttindahóp (Kagan & Hahn, 2011; Kirchberg & Kagan, 2013; Kotkin, 2006, 2007; Walsh, 2012). Eins hefur verið efast um þau gögn sem hann byggir kenningar sínar á (Boren & Young, 2012; Markusen, 2006; Peck, 2005). Bent hefur verið á að skilyrðin sem Florida lýsi séu ef til vill ekki lengur til staðar og að kenningar hans henti betur stjórnmálum en hagfræði (Malanga, 2004). Eins hefur því verið haldið fram að skilgreining hans á hinni skapandi stétt sé of víðtæk (Cunningham, 2010; McGuigan, 2009) eða greiningin ekki nægilega nákvæm (Evans, 2009; Oakley, 2009). Sumir fræðimenn hafa lýst áhyggjum sínum yfir áhrifum Florida á skipulagsfræðinga um öll Bandaríkin og gagnrýnt tilhneigingu Florida til að hvítþvo neikvæð ytri áhrif sem tengjast þróun skapandi borgar (Joshua, 2010).

Hamborg í Þýskalandi er dæmi um borg sem hefur stefnumótandi markmið í anda kenninga Richard Florida um hina skapandi stétt og skapandi borg. Þeirri stefnu hefur hins vegar verið mætt með háværum mótmælum grasrótahreyfinga (Kagan & Hahn, 2011;- Kirchberg & Kagan, 2013). Horft hefur verið til þess að skapandi starfsemi sé ekki staðbundin við borgir heldur þrífist líka í úthverfum þeirra (Gibson & Brennan-Horley, 2006; Gibson, 2010). Skapandi starfsemi í þéttbýlum útjöðrum borga getur haft marga kosti fram yfir annarskonar starfsemi og jafnvel sambærilega starfsemi í miðborgum (Felton, Gibson, Flew, Graham & Daniel, 2010). Norðmenn og Svíar hafa tekið saman staðla í anda Richard Florida, fyrir hæfileika, tækni og umburðarlyndi eða það sem hann kallar hreyfiafl efnahagslegrar þróunar (*e. The 3 T's of economic development*) og borið saman fyrir öll héruð ríkjanna (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Tinagli, 2014). Í Danmörku hafa verið gerðar víðtækar rannsóknir tengdar kenningum Florida. Þar hefur hin skapandi stétt verið kortlögð og athyglisverðar tilraunir gerðar til að aðlaga hugmyndir Florida og samstarfsmanna hans að dönsku samfélagi (Lorenzen & Andersen 2009, 2011; Andersen & Lorenzen 2009). Þannig hefur Dönum verið kleift að greina með dýpri hætti landfræðilega dreifingu hinnar skapandi stéttar en hefur verið gert, til dæmis í Norður-Ameríku. Lorenzen og Andersen (2011) settu í kjölfarið fram stílfærðar

hugmyndir að fjórum tegundum bæja með mismunandi aðdráttarafl fyrir hina skapandi stétt undir yfirskriftinni *Öðruvísi skapandi borgir*.

Þrátt fyrir að hugmyndir Florida um hina skapandi stétt hafi verið í brennidepli í hinum vestræna heimi þegar kemur að efnahagslegum þróunarframkvæmdum og þéttbýlisendurnýjun, og að vísbendingar séu um að Ísland ætti að vera á meðal fremstu þjóða þegar kemur að því að virkja hið skapandi vinnuafli (Florida, 2007) þá hafa kenningar Florida ekki vakið mikla athygli eða fengið mikinn hljómgrunn hér á landi. Mesta áherslan hér á landi hefur verið á mikilvægi skapandi greina í hagrænu samhengi (Ása Richardsdóttir, 2012; Forsætisráðuneytið, 2010; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011). Þannig hefur verið sýnt fram á að hagræn áhrif skapandi greina gegni mikilvægu hlutverki í nútíma hagkerfi á Íslandi (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011) og horft er til skapandi greina, meðal annarra, sem helstu vaxtargreina atvinnulífsins (Forsætisráðuneytið, 2010).

Fyrsti hluti:
Aðferðafræði

1.1 Tilgangur og markmið

Lagt er upp með eftirfarandi rannsóknaspurningar til að nálgast tilsett markmið verkefnisins:

Er hægt að heimfæra kenningar og aðferðir um hina skapandi stétt yfir á íslensk sveitarfélög?

Getur Akranes aukið vaxtamöguleika sína með því að hlúa að skapandi starfsemi?

Hvernig má endurbæta stórt iðnaðarsvæði með áherslu á skapandi starfsemi?

Tafla 1.1 Uppbygging ritgerðarinnar

Úr sementstétt í skapandi stétt Akranes á tímum sköpunar			
Inngangur			
Fyrsti hluti: Aðferðafræði			
Tilgangur og markmið		Aðferðir og gögn	
Annar hluti: Fræðileg umfjöllun			
Breyttur tíðarandi	Hin skapandi stétt	Skapandi samfélag	Akranes
Þriðji hluti: Akranes á tímum sköpunar			
Hreyfiafl efnahagslegrar þróunar á Akranesi	Skapandi greinar í þéttbýlum útjöðrum borga		Rýnihópar
Fjórði hluti: Niðurstöður, umræður og ályktanir			

Markmiðið er að leita svara við rannsóknarspurningum út frá tilviksrannsókn (*e. case study*) þar sem Akranes verður lagt til grundvallar og kannaðir vaxtarmöguleikar sveitarfélagsins út frá skapandi starfsemi. Velt verður upp möguleikum Akraness í von um að efla bjartsýni, bæta vellíðan og styrkja sjálfsmynd íbúa, og þar með framgang atvinnu- og menningarlífs og samfélagsins í heild. Vonast er til að verkefnið hafi breiðari skírskotun til annarra sveitarfélaga, geti styrkt þau og gert þau samkeppnishæfari á alþjóðavísu.

Markmiðið er að skoða hugmyndir og kenningar um hina skapandi stétt (Florida, 2002, 2005, 2007, 2009), með áherslu á hvernig þær hafa þróast og aðlagast samfélögum í Norður-Evrópu. Rannsakað verður hvort heimfæra megi þær kenningar og aðferðir sem stuðst er við og hafa verið þróaðar erlendis yfir á íslenskar aðstæður og kanna hvort sveitarfélög geti nýtt sér slíkar upplýsingar sem grunn í stefnumótun og framkvæmdarvinnu í skipulagi. Það ætti að geta veitt breiðari sýn og styrkt heilðræna nálgun til skipulagsvinnu.

1.2 Aðferðir og gögn

Rannsóknin er tilviksrannsókn í skipulagsfræðum þar sem Akranes verður rannsakað í smáatriðum út frá hugmyndum og kenningum um skapandi starfsemi til að þróa eins ítarlegan skilning og mögulegt er. Leitast verður við að viðhalda heildarmynd og innra samhengis rannsóknarefnisins með nálgun sem byggir á ofangreindum rannsóknarspurningum. Tilviksrannsóknir skapa þekkingu sem er háð samhenginu en vonast er til að tilvik þessarar rannsóknar geti veitt breiðari þekkingargrunn um fleiri sambærileg tilvik. Danski samfélagsrýnirinn Bent Flyvbjerg (2006) hefur vakið athygli fyrir tilviksrannsóknir sínar á völdum og lýðræði í skipulagi. Hann hefur bent á að rannsókn á tilviki hafi ekki meiri tilhneigingu til þess að staðfesta formótaðar skoðanir rannsakanda um tilvikið heldur en aðrar aðferðir, þvert á móti sýnir reynslan að tilviksrannsóknir hafi meiri hneigð til þess að umturna fyrirfram mótuðum skoðunum heldur en að renna stoðum undir þær.

Í bókinni *Introducing the creative industries, from theory to practice* benda höfundarnir, Rosamund Davies og Gauti Sigþórsson (2013), á að hægt sé að nálgast rannsóknir á skapandi greinum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi megi nálgast þær með tölfræðilegum atvinnulífsgögnum, þar sem til að mynda framleiðni eða hlutföll iðnaðarins eru skoðuð (Department for Culture Media & Sport, 2001; 2014). Í annan stað eru skoðuð einkenni markaðarins, þar sem skapandi framleiðslu eða þjónustu fylgja margir óvissuþættir eins og tíska og straumar, efnahags- og tæknibreytingar og hverflyndi neytenda (Caves, 2000; Potts, Cunningham, Hartley & Ormerod, 2008). Að endingu er hægt að skoða reynslu þeirra sem starfa á breiðu sviði sköpunar, til að fá samtíðarheimildir um starfsemi þeirra sem kenna sig við skapandi vinnu, upplýsingar um kosti og galla starfsins, samfélagsins og umhverfisins sem þeir lifa og hrærast í (Hesmondhalgh & Baker, 2011; McKinlay & Smith, 2009).

Til að svara framangreindum rannsóknarspurningum eru sameinaðar meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir við félagsfræði-, hagfræði- og skipulagsfræðilegar hugmyndir og kenningar. Litið er til hugmynda og aðferða Richard Florida (2002, 2005, 2007, 2009) um hina skapandi stétt, reynslu þeirra sem starfa innan skapandi greina og samanburðarrannsókna hvað varðar landfræðilega staðsetningu. Aflað verður eftirfarandi gagna til greiningar á þeim þáttum sem hafa áhrif á rannsóknarspurningarnar:

1. Fræðileg gögn tengd viðfangsefninu
2. Eigindleg gögn sem byggja á þátttökuathugun
3. Meginleg gögn til að kvarða hreyfiafl efnahagslegrar þróunar og samkeppnisstöðu Akraness út frá kenningum um sköpunarauð (*e. creative capital theory*)
4. Samanburðarrannsókn frá Ástralíu
5. Eigindleg gögn sem byggja á þátttöku fólks sem starfar innan skapandi greina með vettvangsferð og rýnihópavinnu

Gagnasöfnun fyrir fræðilega hluta verkefnisins er fyrst og fremst beint að rannsóknum, aðferðum, kenningum og hugmyndum tengdum skapandi vinnuafli, ásamt skipulags- og borgarfræðum. Einnig er tekið saman og greint efni um sögu og þróun Akraness og aflað staðbundinna lýðfræðigagna.

Þátttökuathuganir (*e. participant observation*) eru aðferðir sem tilheyra þjóðfræðilegum eða mannfræðilegum rannsóknum (*e. ethnographic research*). Sem menntaður leikari, núverandi íbúi Akraness, uppalinn „Skagamaður“ og skipulagsfræðinemi hefur rannsakandi verið áhorfandi og virkur þátttakandi í samfélaginu, sótt flesta viðburði innan breiðs sviðs skipulagsmála og verið athugull gagnvart mynstrum og skilningi innan samfélagsins. Litið er til aðferða í anda Hesmondhalgh og Baker (2011) við að sameina þátttökuathugun við kenningar innan félagsvísinda.

Sóst verður eftir að afla tölfræðilegra gagna til að kvarða hreyfiafl efnahagslegrar þróunar og samkeppnisstöðu Akraness sem byggir á kenningum Richard Florida (2002) um sköpunarauð (*e. creative capital theory*). Horft er til stofnana á borð við Hagstofu Íslands, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Sveitarfélagsins Akranes.

Farið er í samanburð við tilvik rannsóknar sem gerð var á skapandi greinum í þéttbýlum útjöðrum tveggja borga í Ástralíu (Felton o.fl., 2010). Sérstaklega verður skoðuð og borin saman landfræðileg samsvörun í rannsóknunum tveimur, það er áhrif þess að vera í nálægð við borg. Í áströlsku rannsókninni eru til skoðunar þéttbýli í útjaðri tveggja borga sem hafa sambærileg tengsl við borgirnar og Akranes hefur við Reykjavíkurborg.

Beitt er eiginlegum rannsóknaraðferðum til að afla upplýsinga og nálgast viðfangsefnið nánar. Tekin verða viðtöl við tvo rýnihópa (*e. focus groups*) með 4-6 einstaklingum í hvorum hópi. Fyrri hópurinn verður samsettur af skapandi vinnuafli sem býr á Akranesi og seinni hópurinn verður skipaður skapandi vinnuafli sem býr utan Akraness. Farið verður í vettvangsferð um sementsverksmiðjувæðið og viðfangsefnið, rannsóknarsvæðið og fyrirliggjandi skipulagsákvæðanir kynntar fyrir rýnihópunum. Hvort viðtal fyrir sig verður um 90 mínútur. Þar sem um er að ræða skoðanir, viðhorf og reynslu skapandi starfsstétta er reiknað með að þátttakendur verði ágætlega að sér um efnið og hafi ríkar skoðanir á því. Viðtölin verða tekin upp og afrituð orð frá orði til að auðvelda greiningu og koma í veg fyrir að einhverjir þættir fari forgörðum. Greining mun fara fram á meðan viðtalinu stendur og strax að því loknu. Notast verður við svokallaða þemagreiningu.

Þátttakendur verða markvisst valdir með hliðsjón af rannsóknarspurningum. Fordast verður að blanda saman mjög ólíku fólki, þátttakendur munu eiga það sameiginlegt að starfa innan skapandi greina, samkvæmt nýjustu skilgreiningu breska menningar-, margmiðlunar- og íþróttaráðuneytisins (DCMS, 2014). Þannig standa vonir til að betra flæði skapist og fleiri sjónarhorn komi fram. Hugsað er til þess að sameiginlegir þættir geti hvatt til samræðna, en ekki verður leitað eftir sameiginlegu álitni hópsins heldur mismunandi reynslu og skoðunum. Leitast verður við að hafa breidd innan hópsins hvað varðar aldur, uppruna og kyn. Beitt verður hálf stöðluðum spurningum og óstöðluðum til að bæta við þekkingu og fá dýpri skilning á viðfangsefninu.

Kostirnir við rýnihópa eru að það fást miklar upplýsingar um rannsóknarefnið á stuttum tíma og án mikils tilkostnaðar. Innan rýnihópa skapast hugarflæði (*e. group dynamic*) og þeir endurspeglar raunveruleg samskipti með mörgum, fjölbreyttum og nýjum sjónarhornum. Rýnihópar eru takmarkandi að því leyti að það er margt sem getur haft áhrif á rannsóknarefnið og hafa rýnihópar því ekkert alhálfingagildi.

Tilgangurinn er að nýta rýnihópa í eigindlegum rannsóknum til að fá nýjar hugmyndir, dýpri skilning á aðstæðum og styrkja aðrar aðferðir. Markmiðið er að skilja skoðanir, viðhorf, reynslu og sjónarhorn þátttakenda og greina þá þætti sem gefa til kynna stöðu og framtíðarmöguleika Akraness þegar kemur að skapandi starfsemi á svæðinu.

Að lokum verða niðurstöður rannsóknarinnar settar í fræðilegt samhengi.

Annar hluti:
Fræðileg umfjöllun

2 Breyttur tíðarandi

Allt frá landnámi og fram á miðja 18. öld var lítil sem engin þéttbýlismyndun á Íslandi. Höfuðatvinnuvegurinn var landbúnaður en byggðakjarnar mynduðust trauðla út frá honum. Einhver hneigð var til þéttbýlismyndunar tengt helstu verstöðvum landsins, meðal annars á Akranesi og víðar, en dönsk verslunareinokun kom í veg fyrir að þéttbýli myndaðist í kring um verslun fram yfir miðja 19. öld. Upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi er rakin til myndunar byggðakjarna í kring um iðnað í Reykjavík á seinni hluta 18. aldar. Undir lok 19. aldar hófst þéttbýlismyndun með miklum hraða og um svipað leyti varð nútímaskipulag til. Á hálfri öld eða frá 1900 og fram til ársins 1950 flutti helmingur þjóðarinnar úr sveitum og í þéttbýli. Helsti hvati þessarar þróunar var vöxtur í sjávarútvegi en í kjölfarið fylgdi vélvæðingin, iðnbyltingin og ýmis afleidd þjónusta. Drjúgur hluti þessarar tilfærslu fólks úr sveit í bæ fólst í kynslóðaskiptum þar sem unga fólkið fann sér nýjan starfsvettvang í þéttbýli, meðan eldri kynslóðir héldu áfram búskap. Eftir miðja síðustu öld var áherslan á hagnýtni, tækni framfarir, skilvirkari samgöngur og þróunin varð sú að fólkið fluttist á milli þéttbýlisstaða, frá þeim smærri til þeirra stærri (Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2011; Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Bjarni Reynarsson, 2014).

Þrátt fyrir að Akurnesingar hafi ekki mátt þola fólksfækkun af neinu ráði síðustu áratugina – þvert á móti hefur þar verið fólksfjölgun (sjá kafla 5.5 Þróun íbúafjölda) – þá hefur fólksfækkunin víða á landsbyggðinni verið mönnum hugleikin. Ekki síst vegna þess að stór hluti þeirra sem flust hefur á brott er ungt fólk og á sama tíma hefur höfuðborgarsvæðið bólgnað út og dafnað með tilheyrandi fólksaukningu. Þessi þróun hefur valdið fólki miklu hugarangri og á öllum tímum hefur verið leitað skýringa og úrlausna á hvernig megi viðhalda og tryggja byggð í landinu. Fjöldi útskýringa á þessari þróun hefur litið dagsins ljós, svo sem efnahagslegar, félagslegar, náttúrufarslegar og sögulegar útskýringar, en þær hafa verið mis háværar eftir tíðaranda. Eftir á að hyggja er hugsanlegt að um óumflýjanlega þróun hafi verið að ræða, af völdum samþættra krafta sem eru mun öflugri en nokkur maður fái ráðið við (Axel Hall o.fl., 2002; Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012).

„Við lifum líklega mestu byltingartíma sögunnar“

Jón Ormur Halldórsson, 2015

Umbreyting hefur orðið á hinni hefðbundnu skiptingu bandaríska samfélagsins eftir starfsstéttum, sem leidd er áfram af hinni skapandi stétt eða þeim sem hafa hugvit og sköpun að lífsviðurværi (Florida, 2002). Örar breytingar hafa sömuleiðis orðið á íslenskum atvinnuháttum, en framleiðsla í hefðbundnum atvinnugreinum, fiskvinnslu, landbúnaði og iðnaði hefur ýmist dregist saman eða staðið í stað á meðan ferðaþjónusta og skapandi greinar hafa vaxið gríðarlega (Forsætisráðuneytið, á.á.a). Í hinum vestræna heimi hefur áherslan verið á mikilvægi hagrænna áhrifa skapandi greina sem hafa meðal annars skilað sér í alþjóðlegri samkeppni svæða, aðallega stórborga sem vilja verða ofan á í þessari nýju efnahagsþróun.

Á meðal þess sem kom fram í samræðum og viðtölum mínum við skapandi starfsfólk var að atvinna væri ekki næg forsenda fyrir búsetu. Bent var á að þegar ungt fólk hleypti heimdraganum settist það í auknum mæli að í menningarsamfélögum um allan heim, oft tímabundið til að mennta sig. Auknir afþreyinga- eða upplifunarmöguleikar, frelsi til að njóta lífsins og félagslegt og opið umhverfi með fjölbreyttri menningu, skiptir skapandi fólk miklu máli (sjá kafla 8.4 Viðhorf). Þetta samræmist ágætlega kenningum Florida (2002) um að nýja stétt leiti í umburðarlynt umhverfi. Á meðal þeirra þátta sem Jón Ormur (2015) telur styðja fullyrðingu sína, sem vitnað er til hér að ofan, er gífurleg efnahags- og fólksfjöldaþróun og heimsvæðingin, það er allir hlutir hanga saman, allt er komið í návígi og viðfangsefni dagsins mótast af alþjóðlegum en ekki staðbundnum hlutum. Það sem er að gerast í Nepal, Mexíkó eða Palestínu núna, er þannig líka að gerast hjá okkur.

Síðastliðna tvo áratugi hefur verið mikil uppsveifla í rannsóknum og athugunum á tengslum efnahagslegra þróunarframkvæmda, hagvaxtar og þéttbýlisendurnýjunar annars vegar og sköpunarkrafts, kunnáttu og færni einstaklinga hins vegar. Áhrifamesta orðræðan á þessu sviði hefur verið um hugmyndir og kenningar Richard Florida (2002, 2005, 2007, 2009). Florida er kenningasmiður í borgarfræðum með áherslu á efnahagslega og félagslega þætti. Hann vakti fyrst athygli á kennimerki sínu *hinni skapandi stétt* í metsölubókinni *The Rise of the Creative Class* sem kom út árið 2002. Þar setur hann fram skilgreiningu á skapandi vinnuafli og kenningar um mikilvægi þeirra í vexti og framgangi borga eða landsvæða, sem aftur skilar sér í aðferð sem vekur athygli og veldur ágreiningi (meðal

annarra; Cunningham, 2010; Glaeser, 2005; Malanga, 2004; McGuigan, 2009; Peck, 2005).

Í grófum dráttum lýsir Florida (2002) nýjum tíðaranda þar sem andi sköpunar og hugvits er ríkjandi. Hann bendir á hvernig gömlum hugsunarhefðum, sem svara ekki lengur kröfum nútímans, hefur verið skipt út fyrir nýjum viðhorfum. Stóraukinn hluti fólks hafi tileinkað sér óhefðbundnari og meira skapandi lifnaðarhætti. Gildismat, smekkur og jafnvel almenn skynsemi sé að breytast. Fólk verji tíma sínum öðruvísi en áður og áherslurnar hafi breyst þegar kemur að persónulegum samböndum og vali á búsetu. Hann bendir einnig á að í samkeppnisvæddu alþjóðlegu hagkerfi. þar sem nýsköpun veitir forskot megi innan atvinnumarkaðarins finna vel menntað og skapandi vinnuafli sem starfar við nýsköpun og beiti tæknilegri, félagslegri og listrænni sköpun. Þetta sé *hin skapandi stétt* og þó hún falli ekki undir neinar hefðbundnar skilgreiningar á vinnumarkaði sé hún nú orðin næst stærsta starfsstétt Bandaríkjanna, eða ríflega þriðjungur þjóðarinnar, og sé mikilvægasta hreyfiafli efnahagslífs samtímans.

Margir forverar og samtíðarmenn Florida hafa velt fyrir sér breyttum tíðaranda, nýjum félagslegum viðmiðum, þéttbýlisendurnýjun, þróuninni úr iðnvæddu hagkerfi, upprisu nýrra starfstétta og mikilvægi þeirra. Peter Drucker (1959), stjórnunarráðgjafi og rithöfundur, kom fram með hugmyndir um mikilvægi svokallaðra þekkingarstarfsmanna (*e. knowledge workers*) sem samsvara stórum hluta *hinnar skapandi stéttar* Florida. Skrif Jane Jacobs og William H. Whyte, endurspegluðu spennuna á milli kerfisvæðingar og sköpunar um miðja 20. öldina. Whyte (1956) skrifaði kálfandi áhrif kerfisvæðingar og skrifræðis á sjálfstæði einstaklinga og sköpun í bók sinni um fyrirtækjamenningu, *The Organization Man*. Á meðan Jane Jacobs (1961, 1969) skrifaði meðal annars um félagslegt umhverfi og náttúrulegan styrk borga, þar sem sköpunarkraftur og nýsköpun blómstrar og fólk býr í nálægð við hvort annað í fjölmenningsamfélagi. Hún benti einnig á mikilvægi skapandi einstaklinga í aðdráttarafli og hagvexti borga. Félagsfræðingurinn Daniel Bell (1973) skrifaði um samfélagsbreytingu sem hann kallaði *Post-Industrial Society*, sem lýsti sér í grundvallarbreytingu á eðli atvinnulífsins, breytingu sem yrði leidd áfram af upplýsingunni með miklum vexti í þjónustugreinum. Félagsfræðingurinn Sharon Zukin (1982) lýsti listrænni leið í framleiðslu og greindi félagslegt hlutverk listamanna í þéttbýli. Kenningar Paul Fussell (1983) um vaxandi hóp sem hann kallaði *x-stéttina* (*e. x-class*) leituðust við að flokka vinnuafli eftir félagslegum viðmiðum og

gildum. Landry og Bianchini (1995) komu fram með hugtakið skapandi borg (*e. creative city*) og settu fram hugmyndir um mikilvægi menningar, lista og fjölbreytileika í samfélögum við þéttbýlisendurnýjun. David Brooks (2000) kom fram með hugmyndir sínar um nýja menningu sem byggði á nýrri stétt fólks, samblöndu af íhaldssamri millistétt og einstaklingsmiðuðum bóhemum.

2.1 Áhersla á sköpun

Þegar unnið er að verkefni sem ber yfirskriftina „Akranes á tímum sköpunar“ er mikilvægt að gera grein fyrir hvað átt er við með „tímum sköpunar“. Hugtakið „tímar sköpunar“ (*e. creative age*) er í þessu tilfelli sótt í smíðju Richard Florida og samstarfsmanna hans og vísar til grundvallarbreytinga í nútímasamfélagi sem felast í vaxandi hlutverki sköpunar. Á íslensku merkir orðið sköpun, að skapa eða búa til. Það getur átt við sköpunargáfu eða hugvit og í hugum fólks tengist hugtakið oft nýsköpun og listsköpun. Það að vera skapandi getur merkt að vera frjór, andríkur, frumlegur eða hugmyndafríkur. Þessi víði skilningur orðanna þjónar ágætlega merkingu hugtakanotkunarinnar.

Sköpun (*e. creativity*) hefur vakið mikla athygli í kjölfar pólitískra áherslna á svokallaðar skapandi greinar (*e. creative industries*) í Ástralíu og Bretlandi á tíunda áratug síðustu aldar. Auk skapandi greina hafa hugtök eins og hin skapandi stétt, skapandi borg og skapandi hagkerfi (*e. creative economy*) verið mikið í umræðunni og byggja meðal annars á áherslubreytingum í vestrænu hagkerfi, sem ganga út á minna vægi framleiðslu og vaxandi hlutverk sköpunar í nútímasamfélagi (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014).

Hugtakið skapandi greinar má rekja til stefnumótunar í Ástralíu um miðjan tíunda áratuginn og vísar til atvinnustarfsemi í framleiðslu og nýtingu á þekkingu og fræðslu. Undir lok tíunda áratugarins þegar verkamannaflokkur Tony Blair komst til valda í Bretlandi, hafði hann frumkvæði að kortlagningu skapandi greina við endurbætur í stjórnsýslunni þegar Ráðuneyti þjóðararfs (*e. The Department of National Heritage*) varð að Ráðuneyti menningar, margmiðlunar og íþróttar (*e. Department for Culture, Media and Sport*) (Ross, 2009).

Breska ráðuneytið, skammstafað *DCMS*, skilgreinir skapandi greinar sem iðnað eða atvinnustarfsemi sem eigi uppruna sinn í sköpun, hæfileikum, færni og kunnáttu og eigi kost á fjárhagslegri velferð og atvinnusköpun með hagnýtingu hugverka (*DCMS*, 2001). Það kallast á við tillögu Lash og Urry (1994) um að hvert

skapandi atvinnusvið hafi óbreytanlegan kjarna (*e. irreducible core*) sem lýsi sér í hugverkarétti fremur en fjármagni. Samkvæmt nýjustu skilgreiningu DCMS (2014) eru níu skapandi atvinnusvið sem falla undir skapandi greinar; auglýsingar og markaðssetning; arkitektúr; handiðn; hönnun; kvikmyndaiðnaður, myndbandagerð, ljósmyndun, sjónvarp og útvarp; útgáfustarfsemi; söfn og listasýningar; tónlist, sjón- og sviðslistir; upplýsingatækni, hugbúnaður og tölvuþjónusta. Margar mismunandi leiðir hafa verið farnar og tillögur litið dagsins ljós þegar kemur að því að skilgreina starfsflokka eða atvinnusvið sem hugtakið skapandi greinar á að fela í sér (meðal annarra; Caves, 2000; DCMS, 2001; Hesmondhalgh, 2002; Howkins, 2001; Throsby, 2001; UNCTAD, 2010; UNESCO, 2009; WIPO, 2002).

Skapandi starfsemi er nútíma hagkerfi á Íslandi afar mikilvæg. Á Íslandi hefur samfélagið og atvinnulífið tekið örum breytingum og fyrir vikið þykir skynsamlegt að leggja aukna áherslu á hugvit, sköpun og nýsköpunartækifæri á öllum sviðum atvinnulífsins (Forsætisráðuneyti, á.á.a). Horft er til skapandi greina í nýju og breiðara samhengi en áður og litið hefur verið til hvernig megi efla stöðu þeirra og starfsumhverfi (Ása Richardsdóttir, 2012; Forsætisráðuneytið, 2010; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011).

2.2 Efnahagsleg áhrif sköpunar

Hlutverk skapandi greina fer vaxandi, það hefur verið bent á það í skýrslum frá Norðurlöndum og Evrópu að mesta aukning hagvaxtar sé í skapandi greinum, sem er ört vaxandi atvinnuvegur (European Commission, 2006; DCMS, 2010; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011). Staðfest hefur verið að hagræn áhrif skapandi greina gegni sömuleiðis mikilvægu hlutverki í nútímahagkerfi á Íslandi, en skortur á efnahagsgögnum um skapandi greinar hér á landi veldur því að aðeins hefur verið hægt að rannsaka lítinn hluta sögunnar (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011).

Margrét og Tómas (2011) byggðu kortlagningu sína á hagrænu umfangi skapandi greina á hugmyndafræði í anda skapandi þríeiningar (*e. creative trident*) (Cunningham, 2011). Þær ganga út á að fjalla um skapandi greinar í víðara samhengi stuðningsgreina og framleiðslu, byggja á vinnuafllsskilgreiningu fremur en framleiðsluskilgreiningu. Sökum þess að aðgengi að gögnum um ársverk út frá vinnumarkaðsgögnum var ábótavant hér á landi var kortlagning þeirra

framleiðsluskilgreind og byggð á staðgreiðsluskrá eftir íslenskri atvinnugreinaflokkun. Notast var við skilgreiningu UNESCO (2009) til að segja til um hvaða atvinnugreinar falla undir skapandi greinar, en einnig var „lítið til DCMS um vigtun á þeim greinum rammans sem ekki teljast til kjarnagreina skapandi greina“ (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011, 19).

Staða sköpunar í efnahagslífinu er ekki einföld. Skapandi vinnuafli skapar innihald sem nýtist í hagrænum skilningi, til dæmis í upplifun og ferðamannaíðnaði. Á sama tíma er hluti skapandi greina háður styrkjum, eins og til dæmis íslenskur kvikmyndaiðnaður. Eftir efnahagshrun haustið 2008 dró verulega úr styrkjum, eða útgjöldum hins opinbera, til menningarmála á Íslandi, en á sama tíma dróst menningarneysla almennings ekki saman með viðlíkum hætti. Það er athyglisverð þróun í ljósi þeirrar sögulegu skilgreiningar að menning og listir flokkist undir óþarfa neyslu, sem muni alltaf vera háð sveiflum í útgjöldum neytenda (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). Þvert á móti virðast fyrirtæki innan skapandi greina hafa staðið efnahagsþrengingar betur af sér en fyrirtæki í öðrum greinum. Skýringin liggur að hluta til í sveigjanleika eða aðlögunarhæfni skapandi vinnumarkaðarins, sem gerir honum betur kleift að takast á við efnahagssveiflur.

Mörg fyrirtæki innan skapandi greina eru lítil, sjálfbær og virðisaukandi (De Propriis, 2013; Kirkpatrick 2009; Priestman 2009). Skapandi greinar hafa tilhneigingu til að reiða sig á léttari innviði, þar sem helstu kostir þeirra felast í hugverki og fólki sem skapar eitthvað úr litlu eða engu. Þar af leiðandi bregðast skapandi greinar mögulega betur við breyttum efnahagsaðstæðum en aðrar greinar sem reiða sig á fyrirferðarmeiri innviði og eru svifaseinni í breytingum (Kirkpatrick 2009). Florida og félagar bentu á að hin skapandi stétt í Bandaríkjunum hefði síður orðið atvinnulaus í kreppunni og það væri ekki ólíklegt að hin skapandi stétt ætti betur með að skapa sér sjálf vinnu við atvinnumissi, ólíkt öðrum stéttum þar sem samdráttur leiddi til lengri tíma atvinnuleysis. Wetzels (2008) hefur bent á að þeir sem starfi innan skapandi greina séu launalægri en þeir sem hafa sambærilega menntun innan annarra greina. Önnur skýring á sveigjanleika eða aðlögunarhæfni skapandi vinnumarkaðar gæti falist í að þeir sem vinna skapandi störf eru oft í mörgum störfum til að ná endum saman, verkefnaráðningar eru algengar og atvinnuöryggi þeirra er lítið (Ball, Pollard, Stanley & Oakley, 2010; Hesmondhalgh & Baker, 2010). Þrautseigja skapandi atvinnugreina undirstrikar þá staðreynd að við niðurskurð eru neytendur engu að síður mjög háðir

vörum og þjónustu skapandi geirans í daglegu lífi sínu (dos Santos-Duisenberg, 2009).

Í skýrslu Margrétar og Júlíu (2014) kemur fram að fyrirtæki í skapandi greinum standi frammi fyrir flestum sömu takmörkunum og önnur fyrirtæki eftir efnahagshrun. Takmarkað aðgengi að fjármagni, gjaldeyrishöft og regluverk geri fyrirtækjum á Íslandi erfitt fyrir í alþjóðlegri samkeppni. Þar af leiðandi sé það ljóst að fyrirtæki á alþjóðlegum markaði séu ekki staðsett á Íslandi af því að það sé svo hagkvæmt heldur vegna þess að stofnendur og eigendur vilja það. Það samsvarar ágætlega því sem Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, lýsti á Iðnþingi 2014, þegar hann sagði það ekki skynsamlegt að vera staðsettur á Íslandi með íslenskan gjaldmiðil en hann langaði að vera á Íslandi og ástæðan væri tilfinningalegs eðlis (Hilmar Veigar Pétursson, 2014, mars).

2.3 Niðurlag

Jón Ormur Halldórsson (2015) segir okkur lifa byltingarkennda tíma og það má til sanns vegar færa að það séu tímar sköpunar. Tímar sköpunar vísa til grundvallarbreytinga í nútímasamfélagi sem felast í vaxandi hlutverki sköpunar. Umbreytingar hafa orðið á vestrænu samfélagi sem eru leiddar áfram af fólki sem hefur hugvit og sköpun að lífsviðurværi. Umræðan um skapandi starfsemi byggir meðal annars á áherslubreytingum í atvinnuháttum sem ganga út á minna vægi framleiðslu og vaxandi hlutverk sköpunar. Staðfest hefur verið að áhrif skapandi starfsemi gegni sömuleiðis mikilvægu hlutverki í nútíma hagkerfi á Íslandi og örar breytingar hafa orðið á íslenskum atvinnuháttum, þar sem framleiðsla í hefðbundnum atvinnugreinum hefur ýmist dregist saman eða staðið í stað á meðan skapandi greinar hafa vaxið gríðarlega á meðal annarra. Fyrir vikið þykir skynsamlegt að leggja aukna áherslu á hugvit og sköpun og nýsköpunartækifæri á öllum sviðum atvinnulífsins og hlúa að og örva skapandi starfsemi.

3 Hin skapandi stétt

Kjarni kenningarinnar um hina skapandi stétt gengur út á að undirstaða hennar sé efnahagsleg. Hún er arðbær stétt og það er efnahagsleg virkni hennar sem rennir stoðum undir og skýrir lífsstíl hennar og menningarlegt og félagslegt val hennar. Hún ávaxtar eignir sínar með launavinnu annarra, stjórnar framleiðslu og ræður starfsmenn

líkt og atvinnurekandi eða auðmagnseigandi í hefðbundnum marxískum skilningi, en hún er ekki efnahagsleg hvað varðar eignarhald, hlutafé eða framleiðsluvörur. Hin skapandi stétt á sjaldnast eða stýrir þýðingamiklum efnislegum eignum. Eign þeirra er óáþreifanleg, hún er í höfðinu á þeim, í formi hugvits eða sköpunargáfu.

Hin skapandi stétt samanstendur annars vegar af svokölluðum ofur-skapandi kjarna (*e. super-creative core*) en til hans teljast vísindamenn og verkfræðingar, háskólaprófessorar, skáld og rithöfundar, listamenn, skemmtikraftar, leikarar, hönnuðir og arkitektar, sem og leiðandi hugsuðir í nútíma samfélagi á borð við fræðirithöfunda eða rithöfunda almenns efnis, ritstjóra, fræðimenn, sérfræðinga, menningarfrömuði, rannsakendur, greinendur og aðra skoðanamótandi aðila. Meðlimir þessa kjarna framleiða eða hanna nýja hluti sem auðveldlega má framselja og eru í meginatriðum gagnlegir. Þeir hanna til dæmis vöru sem hægt er að framleiða, selja og nota víða. Þeir smíða kenningu eða stefnu sem hægt er að beita í mörgum tilfellum eða semja tónlist sem hægt er að flytja aftur og aftur.

Fyrir utan þennan kjarna teljast til stéttarinnar skapandi fræðimenn sem starfa á breiðum sviðum þekkingariðnaðarins, eins og í hátækni- og heilbrigðisgeiranum, lögfræðingar, fjármálaþjónustuaðilar og viðskiptastjórar. Svo sem sjálfstætt og vel menntað fólk sem leysir sértæk vandamál með skapandi hætti.

Helstu gildi hinnar skapandi stéttar segir Florida vera víðsýni, fjölbreytni og einstaklingseðli. Meðlimir hinnar skapandi stéttar leggja mikið upp úr að vera metnir af eigin verðleikum og að sýna sterk sérkenni eða skapa sér sérstöðu. Þetta lýsir sér meðal annars í að hin skapandi stétt vill ekki samræmast skipulagi eða tilskipunum stofnanna. Hún streitist á móti hefðbundnum viðmiðum hjarðhegðunar. Það er henni mikilvægt að vera metin af eigin verðleikum, ekki af peningum eða ætterni. Hún vill fá áskorun, örvun og leggja hart að sér en markmiðasetning og árangur er henni eðlislæg. Hún er framagjörn og metnaðarfull. Fjölbreytni og víðsýni er henni líklega hvað mest hugleikin. Það er líkt og einskonar hugmyndafræðileg stefna hinnar skapandi stéttar að vera víðsýn og eyða fordómum í samfélaginu, vera opin og fagna fjölbreytileikanum. Á sama tíma er elítan sem hún tilheyrir oft einsleit og því um sjálfmiðað viðhorf að ræða, jafnvel sýndarmennsku að einhverju leyti (Florida, 2002).

3.1 Hreyfiafl efnahagslegrar þróunar

Það eru ýmsar útskýringar á svæðisbundnum hagvexti; til dæmis hið hefðbundna sjónarmið fyrirtækjarekstrar sem gengur út á að svæðisbundinn hagvöxtur

verði til við að laða að fyrirtæki og byggja upp klasa atvinnugreina, kenningar um samfélagsauð sem ganga út á að hagvöxtur sé afurð samfélagslegrar samheldni, trausts og félagslegra tengsla og kenningar um mannauð sem ganga út á að betri og meiri menntun auki hagvöxt innan svæða. Allt eru þetta sjónarmið sem byggja á innsæi. Svæði með meiri iðnaði, sterkari samheldni samfélagsins og betri menntun eru líklegri til að vaxa hraðar en þau svæði sem skora lægra á þessum sviðum (Florida, 2002, 249).

Lykillinn að því að skilja hið nýja landslag efnahagslífsins og áhrif þess á hagkerfið segir Florida (2002) liggja í þremur þáttum efnahagslegrar þróunar. Það eru hæfileikar (*e. talent*), tækni (*e. technology*) og umburðarlyndi (*e. tolerance*). Þessi þrjú þættir mynda hreyfiafl efnahagslegrar þróunar, samkvæmt Florida. Hver og einn þessara þátta er ómissandi og þannig allir jafn mikilvægir þegar kemur að því að laða að skapandi fólk, efla nýsköpun og örva hagvöxt.

Florida hefur ásamt samstarfsmönnum sínum framkvæmt mikið af tölfræðilegum rannsóknum til að sannreyna kenningar sínar um sköpunarauð (*e. creative capital theory*) með því að skoða hvernig þessi þrjú hreyfiöfl hafa áhrif á hagvöxt. Fljótlega kom í ljós mikil fylgni á meðal þeirra atriða sem þeir skoðuðu og niðurstaðan var sú að opið samfélag sem fagnar fjölbreytileikanum hefur jafnan yfir að ráða sterkum rótum í hátækniíðnaði og hæfileikaríku og skapandi fólki.

Florida (2002, 2007) og samstarfsmenn hans hafa þróað aðferðafræði til að mæla eða kvarða hæfileika, tækni og umburðarlyndi í samfélögum. Til að mæla hæfileika eru fyrst og fremst skoðaðir tveir þættir; mannauður eða hlutfall fólks með hátt menntunarstig og hlutfall hinnar skapandi stéttar. Til að mæla tækni er staða nýsköpunar eða fjöldi einkaleyfa skoðaður, auk hátækniíðnaðarins, til dæmis líftækni, hugbúnaður, rafeindatekni og verkfræðiþjónusta. Til að mæla umburðarlyndi sem gefur til kynna viðhorf og ákveðinn lífsstíl er fjölbreytni í samsetningu samfélagsins skoðuð og jafnvel hlutfall mismunandi hópa. Það er gert með því að mæla hlutfall innflytjenda, skiptingu eftir þjóðarbrotum, hlutfall hinsegin fólks og/eða viðhorf gagnvart þeim. Að síðustu er það hlutfall þeirra sem lifa óhefðbundnu lífi en þá kallar Florida bóhema (*e. bohemians*) og hefur hann notað listamenn til að kvarða þennan þátt, svo sem rithöfundar, hönnuði, tónlistarmenn, leikara og leikstjóra, listmálara og myndhöggvara, ljósmyndara og dansara.

Í Noregi og Svíþjóð hafa verið teknir saman stuðlar fyrir hæfileika, tækni og umburðarlyndi eða hreyfiafli efnahagslegrar þróunar í anda Florida og bornir saman

fyrir öll héruð ríkjanna. (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Tinagli, 2012). Í Danmörku hafa verið gerðar víðtækar rannsóknir tengdar kenningum Florida, hin skapandi stétt hefur verið kortlögð og athyglisverðar tilraunir gerðar til að þróa hugmyndir Florida og samstarfsmanna hans að dönsku umhverfi (Andersen & Lorenzen, 2009; Lorenzen & Andersen, 2011).

Í bók Richard Florida *The Flight of the Creative Class* (2007) kemur fram að Ísland sé í sjöunda sæti yfir þær þjóðir sem virkja best sköpunarkraftinn. Þetta eru niðurstöður rannsóknar á hinni skapandi stétt á heimsvísu, sem byggir á kenningum Florida um hreyfiafl efnahagslegrar þróunar. Aðferðin er þróuð á þá vegu að henni svipar að sumu leyti til hefðbundnari alþjóðlegra samanburðarmælinga. Vegna ólíkra viðmiða og staðla eftir löndum eru upplýsingarnar og gögnin fengin hjá alþjóðlegum stofnunum til að fá sem sambærilegust gögn. Rannsóknin vekur athygli á og gefur til kynna stöðu mismunandi landa varðandi hæfileika, tækni og umburðarlyndi og er hugsuð til að hvetja aðra greiningaraðila eða rannsakendur til að gera sambærilega athugun (Florida, 2007). Fyrir utan þessa grófu athugun hefur staða hinnar skapandi stéttar ekki verið skoðuð sérstaklega á Íslandi.

3.2 Hin skapandi stétt veldur ágreiningi

Kenningar og aðferðir Florida hafa valdið miklum ágreiningi. Þær hafa verið gagnrýndar jafnt af fræðimönnum sem og öðrum, út frá hinum og þessum pólitísku sjónarmiðum. Meðal annars fyrir að ala á einum forréttindahóp sem er hin skapandi stétt (Kagan & Hahn, 2011; Kirchberg & Kagan, 2013; Kotkin, 2006, 2007). Eins hefur verið efast um þau gögn sem hann byggir kenningar sínar á (Boren & Young, 2012; Markusen, 2006; Peck, 2005). Vísindamenn hafa gagnrýnt aðferðafræðina sem sýnir fylgni milli samkynhneigðra og hátækni- og þekkingariðnaðar (Clark, 2003) sem og fylgni milli bóhema og efnahagsþróunar (Glaeser, 2005). Bent hefur verið á að skilyrði sem Florida lýsir séu ef til vill ekki lengur til staðar og að kenningar hans henti betur stjórnámálum en hagfræði (Malanga, 2004). Eins hefur því verið haldið fram að skilgreining hans á hinni skapandi stétt sé of víðtæk (Cunningham, 2010; McGuigan, 2009) eða greiningin ekki nægilega nákvæm (Evans, 2009; Oakley, 2009). Florida hefur að sama skapi gert ágætlega í því að bregðast við og svara gagnrýnisröddum beint. Með uppgangi fyrirtækja innan skapandi iðnaðar og þekkingariðnaðarins á síðustu árum og ákalli stjórnenda fyrirtækja eftir

hæfileikaríkum og meira skapandi starfsmönnum, fullyrðir Florida að það sé auðvelt að sjá merkingu rannsókna sinna í samtímanum (Florida, 2004).

3.3 Niðurlag

Richard Florida skaust upp á stjörnuhimininn með útgáfu bókar sinnar *The Rise of the Creative Class* árið 2002 þar sem hann setti fram skilgreiningu á skapandi vinnuafli og kenningar um mikilvægi þess í vexti og framgangi borga eða landsvæða, sem aftur skilar sér í aðferð sem vekur athygli og veldur ágreiningi. Florida samþættir mörg þverfagleg og nokkuð viðtekin málefni í kenningum sínum og kemur líkast til fram á sjónarsviðið á réttum tíma og á réttum stað. Hann veltir fyrir sér þeim þáttum sem endurmóta efnahagslífið og hvernig samfélög, fólk og fyrirtæki vaxa og dafna. Hann heldur því fram að borgir og landsvæði þurfi að laða að sér ákveðna tegund fólks til að vera samkeppnishæf á 21. Öldinni, en það fólk kallar hann hina skapandi stétt. Lykillinn að því að skilja hið nýja landslag efnahagslífsins og áhrif þess á hagkerfið segir Florida liggja í þremur þáttum efnahagslegrar þróunar. Það eru hæfileikar, tækni og umburðarlyndi. Þessa þrjá þætti segir Florida mynda hreyfiafl efnahagslegrar þróunar. Hver og einn þeirra er ómissandi og þannig allir jafn mikilvægir þegar kemur að því að laða að skapandi fólk, efla nýsköpun og örva hagvöxt. Mergur málsins er að hin skapandi stétt er mikilvægasta hreyfiafl efnahagslífs samtímans og efnahagsleg velferð svæða er undir sköpunarkraftinum komin. Kenningar og aðferðir Florida hafa verið gagnrýndar jafnt af fræðimönnum sem og öðrum, út frá hinum og þessum sjónarmiðum. Stór hluti þeirrar gagnrýni á fyllilega rétt á sér en að hluta til hefur hún líklega orsakast af sviðsljósinu sem hann hefur baðað sig í. Vel er hægt að taka undir með hluta þeirrar gagnrýni sem Florida hefur hlotið, sérstaklega þeirri sem bendir á hættur sem geta skapast af einhliða stefnumótun eða skipulagi í anda hans og þá tilhneigingu að ala á einhvers konar forréttindahópum.

4 Skapandi samfélag

Öll samfélög eru í stöðugri þörf fyrir efnahagsendurnýjun til að haldast lifandi og sjálfbær (Walsh, 2012). Það er ekki auðvelt að finna lausnina á því með hvaða hætti samfélög geti brugðist við breyttum áherslum og ómögulegt og óæskilegt er að setja fram skothelda áætlun til að byggja upp skapandi samfélag, en áskorunin felst í að skoða og greina mismunandi þarfir fjölbreyttra hópa til að takast á við vandamál

fram tíðarinnar. Í bókinni sinni *The Flight of the Creative Class* greinir Florida (2007) nokkur meginstef sem hann vonast til að geti verið ákveðnir vegvísar fyrir skapandi fram tíð.

Fyrir það fyrsta þarf að virkja sköpunarkraftinn í öllum. Það eru allir skapandi upp að einhverju marki og samfélagið verður af miklum tækifærum í glötuðum hæfileikum sem aldrei fá að njóta sín. Bregðast þarf við breyttum áherslum og aðlaga samfélög að þörfum skapandi einstaklinga. Við þurfum samfélög sem veita skapandi fólki athygli og hvetja það. Það er mikilvægt að sem fæstir heltist úr lestinni og að við byggjum upp sterka, hugrakka og sjálfstæða einstaklinga

Fjárfesta þarf í skapandi innviðum og í hlutum sem framleiða störf fyrir vel menntað og skapandi fólk, eins og framhaldsskólum og háskólum, nýsköpun og hátækniönaði, rannsóknar- og þróunarstarfi, listgreinum og menningu. Alveg eins og það þurfti að fjárfesta í innviðum fyrir iðn- og tækniöld hér áður.

Háskólasamfélag er mikilvægt. Háskólar eru andlegar og vitsmunalegar þungamiðjur skapandi hagkerfa. Þeir spila mjög stórt hlutverk í rannsóknar- og vísindasamfélaginu en auk þess fóðra þeir hæfileika og umburðarlyndi í samfélögum. Þeir hafa mikið aðdráttarafl á hæfileika eða mannauð, bæði núverandi og fram tíðar. Háskólar eru félagslegar og menningalega stofnanir, þar sem alls konar fólk þrífst í hringiðu alls konar hugmynda. Háskólar hafa líka góð áhrif á samfélögin sem þeir eru í, vekja athygli á þeim og opna þau út á við.

Mikilvægt er að fara í gagngerar umbætur á menntakerfinu í heild sinni. Það þarf að aðlaga það að tímum sköpunar, gefa nemendum færi á, og reynslu af að vinna með sköpunargáfur sínar. Það þarf að stokka upp í stöðluðu og hefðbundnu námi og viðteknum venjum þess. Það þarf vitanlega að halda í grunnnámsgreinar en að öðru leyti brjóta það upp, gefa sköpun meira vægi og veita nemendum raunverulega þjálfun og reynslu á því sviði. Hafa ber í huga að það er auðvelt að vera með flotta stefnu og fögur fyrirheit en erfiðara að koma því í framkvæmd. Betra er að byggja upp sinn eigin mannauð en að reiða sig á aðra.

Þéttbýlisstaðir gegna mikilvægu hlutverki sem innviðir sköpunar og samkeppni. Þéttbýlisstaðir stuðla að stærðarhagkvæmni, skapa nýja tækni, leiða saman hæfileika og staði, hugmyndir og tækifæri, nýsköpun og fjárfestingu. Þéttbýlisstaðir skjóta skjólhúsi yfir og leiða saman ófyrirséða og ólíka þætti á sviðum fjármála, vísinda, stjórnmála og félagslegra þátta. En til að hagræn og skapandi tækifæri skjóti rótum þarf að veita félagslegt rými sem og raunhæfa kosti í

húsnæðismálum. Hlutverk stjórnsýsluaðila og stefnumótandi aðila hjá sveitarfélögum er því mikilvægt þegar kemur að því að veita hagrænum og skapandi möguleikum brautargengi. Sem dæmi geta bæir sýnt ákveðið frumkvæði í að veita húsnæði á viðráðanlegu verði, þar sem draumar og nýjar hugmyndir gætu orðið að veruleika, þar sem hægt væri að mynda ný fyrirtæki, búa til nýja tónlist eða nýjar kvikmyndir, eða undir starfsemi sem veitir samfélagslega þjónustu eða er ekki í hagnaðarskyni. Reynslan er víða sú að ef fólki er veitt rými og aðstaða til sköpunar á tilteknu svæði þá dafna þau og vaxa. Í kjölfarið verða þau spennandi og eftirsóknarverð sem veldur því að frumkvöðlarnir eða frumbyggjarnir hrekjast í burtu undan ágangi gróðasjónarmiða. Mikilvægt er að finna jafnvægi á milli þessara þátta. Sterk þéttbýlisstefna og gott skipulag er því mjög mikilvæg.

Það borgar sig margfalt að vera með opið samfélag, sýna umburðarlyndi og fagna fjölbreytni á einlægum hátt. Samfélag sem tekur vel á móti fólki án aðgreiningar. Lausnin er ekki að benda á vandamál sem geta fylgt innflytjendum eða öðrum minnihlutahópum í samfélaginu. Lausnin felst í að styrkja og bæta félagslega kerfið, það mun skila sér margfalt til baka (Florida, 2007).

Í sóknaráætlun forsætisráðuneytisins til ársins 2020 kemur fram að horft sé til skapandi greina í framtíðinni, sem einna helstu vaxtargreinar atvinnulífsins (Forsætisráðuneytið, 2010). Staða tæknilegra innviða, mannauðs og færni í upplýsingatækni er góð á Íslandi, en efla þarf getu og vilja fyrirtækja til að stunda rannsóknir, þróun og nýsköpun samhliða mótframlögum úr rannsóknarsjóðum eða mögulegum skattaívilnunum og bæta þannig umhverfið til nýsköpunar og auka þar með verðmætasköpun og útflutning (Forsætisráðuneytið, á.á.a). Skapandi greinar snerta mörg svið atvinnu-, menningar- og mannlífsins og hið opinbera styður við þær með fjölbreyttum hætti, til dæmis með fjárveitingum og fjárfestingum í menntun, rannsóknunum og innviðum eða stjórnsýslu og lagasetningu. Starfsumhverfi skapandi greina mætti þó bæta og stuðla að uppbyggingu þeirra með því að tryggja þverfaglegt samstarf stjórnsýslu, atvinnulífs og menningarlífs (Ása Richardsdóttir, 2012).

Í kjölfar sóknaráætlunar forsætisráðuneytisins var óskað eftir því að hver landshluti myndi móta sóknaráætlun. Í Sóknaráætlun Vesturlands, þar sem að Akranes er langstærsta byggðarlagið, fer almennt lítið fyrir hugtakanotkun kennd við sköpun, list og menningu. Í skýrslunni er kynnt framtíðarsýn í mikilli óvissu, með áherslu á þróun í sjávarútvegi, landbúnaði, orkufrekum iðnaði og menntamálum. Horft er til

ferðaþjónustu og matvælaíðnaðar sem vaxtarsprotu og lítillaga minnst á þekkingariðnað (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, 2013).

Aftur á móti er mikil áhersla lögð á skapandi greinar í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2013). Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Júlía Björnsdóttir (2014) unnu skýrslu sem ber heitið *Sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu*, sem hluta af sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013. Með það að markmiði að auka hlut skapandi greina í atvinnu- og menningarlífi höfuðborgarsvæðisins er lagt upp með að athuga hvernig umhverfið þurfi að vera svo að skapandi greinar vaxi og dafni. Tekin voru viðtöl við þá sem starfa innan skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu til að fá fram vísbendingar um sjónarmið þeirra, skoða og greina viðhorf þeirra til þátta sem gera viss svæði höfuðborgarsvæðisins eftirsóknaverðari en önnur.

Á meðal þess sem kemur fram er að fagmennska og fagurfræði í hönnun og skipulagi sé ábótavant og rík þörf sé á samstarfi og samráði við fagaðila á þeim sviðum. Þessu til staðfestingar eru mörg sjónræn ör og veðurfarsleg vandamál sem hefðu skapast með byggingu verslunarkjarna og háhýsa á höfuðborgarsvæðinu. Áberandi sjónarmið þeirra sem starfa innan skapandi greina er að það þurfi að vinda ofan af frekjulegri forgangstilætlan einkabílsins, bæta almenningssamgöngukerfi og gefa fólki raunverulegan kost á að lifa án einkabílsins. Meiri fjölbreytni kemur með ferðamönnum, sem þykja góð viðbót við mannlífsflóruna og almennt var viðhorfið mjög gott gagnvart þeim. Engu að síður var bent á að það gæti verið varhugavert ef ferðamannaíðnaðurinn yrði of staðbundinn, það gæti til dæmis haft þær afleiðingar að sérstök svæði myndu tapa sérstöðu sinni.

Fram kom að smæðin eða klasamyndunin gæti gert það að verkum að þeir sem starfa innan skapandi greina eiga auðveldara með að koma sér á framfæri, boðleiðirnar eru styttri og það er minni samkeppni. Það er oft mikið samstarf innan og á milli greina og smæðin veitir hraða svörun sem flýttir fyrir þróun og leiðir til nýsköpunar. Þegar þrengir að í efnahagslífinu kemur smæðin sér oft vel, þar sem einstaklingar eða fyrirtæki eru oft lítil í sniðum og sveigjanleiki þeirra er meiri. Smæðin getur aftur á móti valdið fábreytni á markaði og skorti á sérhæfingu sem kemur niður á fagmennsku innan atvinnugreina. Mikil tengsl atvinnugreina eða fyrirtækja innan þeirra getur orsakað að sveiflur í efnahagslífinu hafi mikil áhrif á markaðinn.

Húsnæðismál voru þeim sem starfa innan skapandi greina hugleikin, vandamál tengd húsnæði og ósamræmi í vonum og væntingum þótti oft kristallast í ákveðnum tvískinnungi sem gætti í viðhorfum fólks til stéttarinnar. Annars vegar væri litið á hana sem aðráttarafl eða útpælt vörumerki sem væri aðlaðandi, upplífandi og arðbært. Á hinn bóginn væri litið á vissa anga stéttarinnar sem einhvers konar afætur eða byrði á samfélagið.

Eiginleikar þorpsins voru á meðal þess sem skapandi vinnuafl sótti í. Svæði sem hafa sjarma, búa yfir góðum anda og upprunaleika, þar sem er huggulegt og ríkir þorpsstemning. Á meðal kosta þorpsins er nálægðin, við alla þjónustu, við vini og fjölskyldu. Þar ríkir náungakærleikur og þú heilsar nágrannanum og fólkinu í búðinni. Nálægðin við náttúruna er einnig mikilvæg. Sjónræn upplifun sem gefur orku og nærir sálina, eins og til dæmis útsýni yfir hafið. Byggðamynstrið er litríkt, skemmtilegt og óvænt, byggðin þétt og láreist. Það eru sértiltækar verslanir og litlar íbúðir í bland við stórar. Þetta kemur ágætlega heim og saman við að flestir viðmælendur vildu búa í miðbæ og vesturbæ Reykjavíkur. Þar fyrir utan var Hafnarfjörður oftast nefndur, en það var ekki talið honum til tekna hvað hann var langt frá miðborg Reykjavíkur (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014).

4.1 Stefnumótun og skipulag í anda skapandi borga

Í gegnum tíðina hafa borgir og borgarumhverfið gegnt lykilhlutverki í vexti þjóða. Stærðarhagkvæmni þeirra skapar þeim forskot, þar búa flestir og þar skapast mesta auðlegðin. Með nýjum tímum þar sem áherslan er á skapandi greinar og skapandi vinnuafl, og hagræn áhrif hvort tveggja, eru margir á því að velgengni borga sé undir sköpun komin (Florida, 2002). Þetta hefur leitt til annars konar hugsunar hjá stefnumótandi aðilum í borgum og þeim sem fara með valdið. Þar sem í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi borga er horft til sköpunar, fjölbreytileika, sérstöðu og frumleika (Landry, 2003).

Í nýju aðalskipulagi Reykjavíkurborgar (2013) er áhersla lögð á skapandi borg. Ekki fæst séð að stuðst sé við ákveðna skilgreiningu á notkun hugtaksins skapandi borg en það er eftirtektarvert að talað sé um gæði umhverfisins sem forsendu fyrir aukinni samkeppnishæfni Reykjavíkurborgar. Sumir fræðimenn hafa lýst áhyggjum sínum yfir áhrifum Florida á skipulagsfræðinga um öll Bandaríkin og gagnrýnt tilhneigingu Florida til að hvítþvo neikvæð ytri áhrif sem tengjast þróun skapandi borga (Joshua, 2010).

Hamborg í Þýskalandi er dæmi um borg sem hefur stefnumótandi markmið í anda kenninga Richard Florida um hina skapandi stétt og skapandi borg. Þeirri stefnu hefur verið mætt með háværum mótmælum grasrótahreyfinga (Kagan, Hahn, 2011; Kirchberg, Kagan, 2013). Hamborg í Þýskalandi þykir áhugavert dæmi um baráttuna á milli sjálfbærrar og ósjálfbærrar þéttbýlisþróunar. Hin ósjálfbæra þróun þykir koma bersýnilega fram í stjórnámálum og stefnumörkun borgaryfirvalda sem höfði til hinnar skapandi stéttar með félags-, menningar- og umhverfislega ósjálfbærri þéttbýlisþróun sem veldur vaxandi misvægi og hnignun í samfélaginu (Kagan, Hahn, 2011). Sterk og viðvarandi mótspyrna gegn þessari stefnu yfirvalda hefur verið stjórnað af regnhlífasmötökum ýmissa grasrótarsamtaka sem mótmæla svokallaðri hagvaxtarvél (e. *growth machine*), en hún lýsir sér í þéttbýlisþróun sem markast af nýfrjálshyggjustefnu borgarinnar með áherslu á efnahagslegan vöxt hennar á kostnað félagslegrar og skapandi uppbyggingar. Þessi samtök hafa með stefnuyfirlýsingu sinni *Not in Our Name*, eða „Ekki í okkar nafni“, náð að vekja marga til umhugsunar um stöðu þéttbýlisþróunar, jafnvel utan landsteinanna.

Í Hamborg gætir nokkurrar andstöðu við ósjálfbæra efnahagspólitík sem Kirchberg og Kagan (2013) segja vera af völdum stefnu yfirvalda sem byggist á kenningum Richard Florida, sem þeir lýsa sem ósjálfbærri þéttbýlisþróun. Kenningum Florida hafi verið tekið sem einhvers konar töfraformúlu sköpunar. Stjórnámálamenn og fjármálaelítan, sérstaklega í borgum á norðurhveli jarðar, hafi í formi einhvers konar alheims-hagvaxtar-samkeppni búið til áætlanir um skapandi borg sem veiti hinnar skapandi stétt ívilnanir á kostnað annarra hópa eða stétta. Kirchberg og Kagan segja vissa aðlögun vera í átt að borgarmenningu með sjálfbærri sköpun og takmarkaðri vaxtarþörf, þar sem hlúð er að og ræktuð félagsleg samstaða og mótaður vettvangur fyrir skapandi möguleikum. Hamborg sé gott dæmi um mikilvægi þess að borgarþróun sé sjálfbær, þar sem borgin vaxi á raunhæfum hraða og áhersla sé lögð á félagslega samstöðu borgara um stefnu og þróun. Borgin hafi sýnt viðleitni til að halda þróuninni áfram í samræðum og samstarfi við grasrót.

Kate Oakley (2009) hefur bent á að ekki sé hægt að álasa Florida fyrir hvað stjórnendur og stefnumótandi aðilar gera við vinnuna hans. Florida (2002, 2007, 2009) hefur til að mynda lagt mikla áherslu á opið samfélag, mikilvægi fjölbreytileika og umburðarlyndis, þess að efla og styrkja félagslega kerfið og móta aðstæður þar sem sköpun þrífst. Hann bendir meðal annars á að mikilvægt sé að finna jafnvægi á

milli gróðasjónarmiða og sjálfbærrar borgarþróunar og lykkillin af því sé sterk þéttbýlisstefna og gott skipulag.

4.2 Á annan veg

Það er útbreidd skoðun margra að í útjöðrum borga eða á landsbyggðinni séu engin tækifæri til frama. Þar séu með einhverjum hætti lægri viðmið, ekkert um að vera, erfiðara að ná framgangi og komast til metorða. Sumir vilja meina að þetta séu lífseigar mýtur sem oft sé lítill fótur fyrir (Dybvad, 2015; Holdt, 2015; Slumstrup, Mortensen, 2015). Með aukinni hnattvæðingu og áherslu á sköpun í hagrænu samhengi hefur myndast alþjóðlegt samkeppnisumhverfi á meðal stórborga, til að byrja með aðallega í hinum vestræna heimi og síðar gætti sambærilegra áhrifa í Asíu (Landry, 2003). Florida (2002) benti á að skapandi vinnuafli hefi tilhneigingu til að safnast saman í stærstu borgunum en fram hefur komið að skapandi vinnuafli hafi mun jafnari dreifingu en fyrirfram sé gert ráð fyrir og að nálgun borgarsvæða til efnahagsþróunar í þessu alþjóðlega samkeppnisumhverfi, komi niðrá samkeppnishæfni landsbyggðarsvæða (Huggins & Clifton, 2011). Skapandi vinnuafli sé ekki staðbundið við borgir, heldur þrífist það mjög víða, til að mynda í minni velferðarsamfélögum í Danmörku (Lorenzen & Andersen, 2011) eða í þéttbýlum útjöðrum stórborga í Ástralíu (Gibson & Brennan-Horley, 2006; Gibson, 2010). Þá hefur Florida (2015), sem beindi sjónum sínum í upphafi að stórborgum í Bandaríkjunum, nýverið kynnt til leiks nýjar rannsóknir á minni borgarsvæðum í Bandaríkjunum, þar sem niðurstaðan er að mörg þeirra hafa gríðarlega hátt hlutfall hinnar skapandi stéttar.

4.3 Skapandi velferðarsamfélög í Danmörku

Danmörk er lítið land sem býr vel að tölfræðilegum gögnum á landsvísu, sem gerir þeim kleift að greina með dýpri hætti landfræðilega dreifingu hinnar skapandi stéttar en hefur verið gert í Norður-Ameríku. Niðurstaðan er að líkt og í Norður-Ameríku knýr hin skapandi stétt í Danmörku hagvöxt og hefur tilhneigingu til að safnast saman í stærstu bæjunum, þar sem er framboð á menningu, fjölbreytt þjónusta og umburðarlyndi gagnvart óhefðbundnum lífstíl. Þrátt fyrir það, eru á sama tíma ýmsir minni staðir í Danmörku sem laða að hina skapandi stétt, sem stefnumótandi aðilar þurfa að vera meðvitaðir um og líta til. Þar er lægra húsnæðisverð, betra aðgengi að og meiri gæði í almennri opinberri þjónustu, sérhæfð eða áhugaverðari störf, aukið

jafnvægi ólíkra þátta eða meiri stöðugleiki sem og menningartengd tækifæri sem erfitt er að festa reiður á með tölfræðilegri nálgun. Auk þess ríkja huglægir þættir eins og upprunaleiki staða, samfélagsandi og náttúra eða grænna samfélag. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem geta laðað hina skapandi stétt að minni velferðarsamfélögum, eins og raunin er í Danmörku. Þetta er niðurstaða Mark Lorenzen og Kristina Vaarst Andersen (2011) sem settu í kjölfarið fram stílfærðar hugmyndir af fjórum tegundum bæja með mismunandi aðráttarafl fyrir hina skapandi stétt, undir yfirskriftinni „Öðruvísi skapandi borgir“ (e. *Different creative cities*). Tegundirnar kalla þau miðstöð (e. *hub*), fylgifyska (e. *satellites*), klasa (e. *clusters*) og kynlega kvisti (e. *quaint*)

Miðstöðavar eru líkt og nafnið ber með sér helstu borgirnar. Þær eru mjög sérhæfðar og fjölbreyttar í senn, spanna gjarnan allan skala fræðastofnanna og klasamyndunar á atvinnumarkaði. Auk þess eru þær vel tengdar alþjóðlegum innviðum og samgöngukerfum (Lorenzen & Frederiksen, 2008). Íbúaaukning er þó ekki endilega í réttum hlutföllum við veldisaukninguna í sérhæfðri þjónustu, menningartengdum tækifærum og fjölda starfa (Lorenzen & Andersen, 2009). Hættan er sú að þessar stóru *miðstöðvar* ráði ekki við þensluna sem fylgir oft vaxtarsamkeppninni. Þetta getur til dæmis komið niður á almennri opinberri þjónustu, umhverfisgæðum eða samgöngum. Víða í Norður Ameríku og Vestur Evrópu hefur mikið verið lagt í að laða að hina skapandi stétt með bættum innviðum og umhverfisumbótum, en þar hefur mönnum helst mistekist að takast á við almenna opinbera þjónustu sem er ekki síður mikilvæg fyrir hina skapandi stétt (Lorenzen & Andersen, 2011).

Á Íslandi er Reykjavík helsti byggðakjarninn og jafnframt eina borg landsins. Hún er á mörgum sviðum mjög sérhæfð og á sama tíma fjölbreytt, en þar má finna klasamyndanir á atvinnumarkaði og breiðasta skala fræðastofnana hér á landi. Í Reykjavík hefur forsetinn, Alþingi og stjórnarráðið aðsetur auk allra helstu stofnana, tengd alþjóðlegum innviðum og samgöngukerfum (Alþingi, 2012-13). Hægt væri að nefna fleiri bæi sem gegna ákveðnu hlutverki miðstöðva á Íslandi, með sitt áhrifasvæði, eins og Akureyri, Egilsstaði og Ísafjörð (Axel Hall o.fl., 2002). Af þeim er Akureyri langstærsti bærinn, með vissa sérhæfingu, klasamyndun og fjölbreytileika á atvinnumarkaði og háskóla- og rannsóknastarfsemi þar er orðin þónokkur. En þessir bæir geta tæpast kallast miðstöðvar á alþjóðlegum mælikvarða þrátt fyrir alþjóðaflugvelli á Akureyri og Egilsstöðum (Flugmálastjórn Íslands, á.á.).

Rannsóknir á hinni skapandi stétt í Danmörku leiddu í ljós að litlar borgir eða bæir geta vel laðað að sér stóran hluta hinnar skapandi stéttar, ef þeir eru í nálægð við *miðstöð*. Þessar borgir eða bæir eru svokallaðir *fylgifiskar* og aðdráttarafl þeirra samanstendur af góðu aðgengi að *miðstöðvunum*, lægra húsnæðisverði og ódýrari eða betri almennri opinberri þjónustu. Þar sem aðdráttarafl *fylgifiskanna* ræðst af samkeppnishæfu húsnæðisverði, húsnæðisgæðum og almennri þjónustu er stærsta pólitíska áskorunin að sporna við verðhækkun og hnignun þjónustunnar. Hættan er að með innstreymi tekjuhærri stétta hækki fasteignaverð og stjórnendur freistist til að hækka gjöld á almennri opinberri þjónustu. Það getur leitt af sér brottflutning fólks, sér í lagi ef staðurinn bíður ekki upp á neina aðra sértíltæka kosti. Sumir *fylgifiskanna* státa af gæðum, til dæmis í umhverfinu, sem gjaldfella að einhverju leyti þessi hefðbundnu viðmið (Lorenzen & Andersen, 2011).

Allmörg sveitarfélög á Íslandi eru í nálægð við Reykjavík. Það eru að sjálfsögðu sveitarfélögin sem skipa suðvesturkjördæmi og eru stundum nefnd einu nafni Kraginn, vegna þess hvernig þau mynda eins konar kraga utan um Reykjavík. Þetta eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur (Kosningavefur innanríkisráðuneytisins, á.á.). Að Reykjavík meðtalinni skipa þessi sömu sveitarfélög jafnframt Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (á.á.). En það má með góðum rétti halda því fram að áhrifasvæði höfuðborgarinnar nái töluvert lengra og mögulega sé það landið allt (Axel Hall o.fl., 2002). Þannig má afmarka svæðið við svokallað suðvestursvæði eða stórhöfuðborgarsvæði sem nær frá Borgarbyggð í norðvestri til Árborgar í suðvestri. Þetta er svæði með sameiginlega sóknarmöguleika og innan klukkutíma akstursfjarlægðar frá Reykjavík (Forsætisráðuneytið, á.á.b). *Fylgifiskarnir* gætu verið meðalstór sveitarfélög innan þessa svæðis, með yfir 2000 íbúa, gott aðgengi að Reykjavík, almenningssamgangnakerfi, framboð á ódýru og góðu húsnæði, sérhæfða þjónustu og lægri framfærslukostnað, eins og Kópavogur, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Mosfellsbær, Árborg, Akranes, Borgarbyggð, Grindavíkurbær og Hveragerði (sjá kafla 5.6 Húsnæðismál).

Í Danmörku líkt og annar staðar er sérhæft atvinnulíf í formi iðnaðarklasa farið að gegna mikilvægara hlutverki í hagvexti (Martin & Sunley, 2003). Margir slíkir iðnaðarklasar – sér í lagi þeir sem reiða sig á alþjóðlega fjárfestingu, leiðandi háskólasamfélag og vistfræðileg verkefni innan borga (Grabher, 2002) – eru staðsettir í *miðstöð*, en aðrir halda áfram að vaxa og dafna í dreifbýli eða á nýjum

iðnaðarsvæðum (Scott, 1988). *Klasar* bjóða atvinnu á mjög sérhæfðu sviði og geta laðað til sín einhvern hluta hinnar skapandi stéttar. Þannig geta smærri staðir sem skarta klasamyndun þróað með sér hátt hlutfall stéttarinnar, án þess að vera í nálægð við *miðstöð*. Þessari sérhæfingu getur fylgt vandamál eða áskorun fyrir stefnumótandi aðila. Annarsvegar er það áskorunin sem fellst í því að halda í sérhæfða starfsmenn, sem eru oft ungir og einhleypir, í leit að vinnu og á höttunum eftir reynslu. Hættan er sú að þegar þeir mynda fjölskyldu og öðlast starfsreynslu flytji þeir í *miðstöðvarnar* (Lorenzen & Andersen, 2011). Hins vegar er það hættan sem fylgir oft mikilli sérhæfingu klasaiðnaðar, að hann getur einangrast með vöruna sína og orðið fyrir efnahagslegum samdrætti eða gjaldþroti (Martin & Sunley, 2003). Þessum vandamálum má reyna að sporna við annars vegar með því að bjóða mökum starfsmanna vinnu og hins vegar stuðla að sveigjanleika fyrirtækja með fjárfestingum á nýjum sviðum, tækni og menntunar, svo eittvað sé nefnt (Lorenzen & Andersen, 2011).

Erfitt er að sjá íslensk sveitarfélög uppfylla skilyrði sérhæfðs atvinnulífs í formi *klasa* með sérhæfða starfsmenn innan skapandi starfsstéttar. Í mörgum sveitarfélögum eru stofnanir og fyrirtæki sem hafa sérhæfða starfsmenn án þess að mynda klasa. Á Akranesi er ákveðinn vísir að uppbyggingu innan matvælaíðnaðar tengt sjávarútvegi og á Grundartanga er stærsta stóriðjusvæði landsins. Innan fyrirtækja í matvælaíðnaði er sterkur vísir að mikilli nýsköpun, en þaðan koma langflestar einkaleyfaumsóknir á Akranesi (sjá kafla 6.2 Tækni).

Fjórðu bæjargerðinni hefur tekist að laða að sér stóran skerf hinnar dönsku skapandi stéttar án þess að vera *miðstöð*, *fylgifiskur* eða *klasi*. Þetta eru litlir bæir sem njóta náttúrulegrar fegurðar samhliða ákveðinni sögu sem endurspeglast með ósviknum hætti í þéttbýlislandslagi samtímans. Listamenn og bóhemar hafa hópast um áratugaskeið að þessum *kynlegu kvistum*, gætt þá listalífi og látið til sín taka í samfélaginu. Með vaxandi millistéttar-bóhemalífsstíl hinnar skapandi stéttar eru margir tilbúnir að fórna sérhæfðri þjónustu og tækifærum sem fást í *miðstöðvum*, *fylgifiskum* eða *klösum* fyrir lífsmáta sem beinist að upprunaleika, fegurð og samfélagi í skemmtilega gamaldags og sérkennilegum bæjum. Nútímatæknin og hröð framþróunin gerir lífið í *kynlegu kvistunum* heppilegra, þar sem margir geta sótt sérhæfða þjónustu og vinnu, að hluta eða alveg, að heiman. Áskorun *kynlegu kvistanna* fellst í að halda jafnvægi á milli skemmtilega gamaldags umhverfis og heillandi andrúmslofts annars vegar og þæginda eða hagræðingar fyrir samfélagið

hins vegar. Í þessum litlu bæjum er oft minna framboð af verslunarþjónustu og afþreyingu, en í viðleitni sinni til að auka slíkt framboð er oft holað niður verslunarmiðstöðum, skemmtigörðum, þjóðveg og brú með tilheyrandi flutningsleiðum. Innskýting af þessu tagi er oft einungis til bóta fyrir ferðamanninn sem kemur og fer, en á kostnað samfélagsins. Það þarf að bera virðingu fyrir fagurfræði og upprunaleikanum sem skapar aðdráttaraflið. *Kynlegu kvistirnir* munu aldrei verða samkeppnishæfir með verslunarþjónustu og afþreyingu við *miðstöðvar* eða *fylgifyska* og því snýst þetta um að veita sem besta þjónustu án þess að það komi niður á sérstæðum eiginleikum *kynlegu kvistanna* (Lorenzen & Andersen, 2011).

Kynlegir kvistir byggja að nokkru leyti á huglægu mati, þáttum eins og fegurð, aðdráttarafli, þægindum og svo framvegis. Hverjum þykir sinn fugl líklega fagur en næsta víst er að flestir bæir á Íslandi geta státað af sögu, staðaranda og náttúrufegurð. Margir bæir eru sérkennilegir, fallegir og með einhverja sérstöðu og upprunaleika. Fáir bæir geta þó státað af því að listamenn og bóhemar hafi hópast í bæinn um áratugaskeið, gætt þá listalífi og látið til sín taka í samfélaginu.

Samkvæmt skilgreiningunni getur Akranes líklega seint talist til *kynlegra kvista*, þó að bærinn uppfylli viss skilyrði þeirra. Ísafjörður hefur í gegnum tíðina verið mikill menningabær með sérstöðu, fjölbreytileika, upprunaleika, listamenn og bóhema. Í Mosfellsbæ er meðal annars litrík listamannanýlenda í Álafosskvosinni, auk hljóðvers Sigur Rósar í Sundlauginni og safn Halldórs Laxness að Gljúfrasteini, en Mosfellsbær er kannski of stórt samfélag á íslenskan mælikvarða til að geta talist *kynlegur kvistur*. Í Hveragerði hefur verið ágætlega hátt skrifað menningarlíf, þar sem myndlistarmenn og skáld komu mikið á tímabili og byggðu jafnvel hús. Í Borgarnesi hefur á síðustu árum verið mikil uppbygging á menningartengdri starfsemi til að mynda í Englendingavík, Brákarey og með Landnámssetrinu sem var mikil lyftistöng fyrir samfélagið. Af sama skapi hefur framboð af þjónustu verið stóraukið í Mosfellsbæ, Hveragerði og Borgarnesi með verslunarmiðstöðvum, söluskálum og miklum samgöngumannvirkjum og tilheyrandi flutningsleiðum sem kemur niður á umhverfinu og samfélaginu.

Á síðastliðnum árum hafa margir listamenn þótt veita jákvæða innspýtingu í minni samfélög á landsbyggðinni og frá árinu 2005 hefur meðal annars verið veitt sérstök viðurkenning fyrir menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar, sem heitir Eyrarrósín (Listahátíð í Reykjavík, á.á.). Í lok árs 2012 var haldið málþing á Raufarhöfn þar sem rætt var um áhrif listamanna á uppbyggingu afskekktara og lítilla

byggðalaga. Á meðal ræðumanna var Þórunn Eymundsdóttir, myndlistarmaður og íbúi á Seyðisfirði. Hún lýsti þróun síðustu ára á Seyðisfirði þar sem aðkoma listamanna, til lengri og skemmri tíma, hefði haft jákvæð áhrif á samfélagið (Hafþór Hreiðarsson, 2012). Björt Sigfinnsdóttir einn af stofnendum LungA listaskóla á Seyðisfirði segir meðal annars að Seyðisfjörður hafi fengið „einstaklega gott“ listrænt uppeldi síðastliðin 20 ár (Innblástur, 2015). Listalýðháskólinn er afsprengi LungA, listahátíðar ungs fólks á Seyðisfirði, sem hefur haft það að markmiði að vekja áhuga æskulýðsins á menningu og listum, virkja sköpunarkraftinn, víkka sjóndeildarhringinn og koma ungu fólki í tengsl við starfandi listamenn (Hátíðahandbókin, á.á., Lunga, á.á.). Fleiri sveitarfélög hafa getið sér góðs orðs fyrir heimaræktaðar listahátíðir síðustu ár, eins og Þjóðlagahátíðin á Siglufirði, Skjaldborgarhátíðin á Patreksfirði, Bræðslan á Borgarfirði eystra og Aldrei fór ég suður á Ísafirði og fleiri. Margar þessara hátíða eiga það sammerkt að listamenn úr heimabyggð hafa stofnað til þeirra en innspýting listamanna getur verið með fjölbreyttum hætti. Af nýtilkomnum menningarverkefnum má nefna Frystiklefann á Rifi og Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði. Frystiklefinn er í gamalli rækjuvinnslu á Rifi í Snæfellsbæ og þar hefur verið komið á fót listamannasetri eða fjölnota leikhúsi og menningarmiðstöð (Snæfellsbær, á.á.). Með sjálfbærri þróun að leiðarljósi hefur uppbygging á gömlu frystihúsi á Stöðvarfirði skapað vettvang fyrir samstarf og þekkingarmiðlun á milli skapandi greina. Á meðal þess sem boðið er upp á í Sköpunarmiðstöðinni eru listamannasetur, sölugallerí og í vinnslu er upptöku- og hljóðvinnsluver í gömlum saltsílóum (Fjarðabyggð, á.á.).

4.4. Niðurlag

Það er ekki auðvelt að finna lausnina á því með hvaða hætti samfélög geta tekist á við breyttar áherslur en áskorunin felst meðal annars í sífelldri efnahagsendurnýjun og færni til að bregðast við þörfum fólks og umhverfisins til að takast á við vandamál framtíðarinnar. Margir hafa skoðað og greint félags- og efnahagslegar þarfir samfélaga með það að markmiði að kanna vaxtarmöguleika þeirra á tímum sköpunar. Með hliðsjón af því setti Richard Florida fram nokkurs konar vegvísa fyrir skapandi framtíð í *The Flight of the Creative Class* árið 2007 og Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Júlía Björnsdóttir (2014) unnu skýrslu með því markmiði að auka hlut skapandi greina í atvinnu- og menningarlífi höfuðborgarsvæðisins þar sem lagt var upp með að athuga vaxtarmöguleika sveitarfélagsins út frá skapandi starfsemi.

Í gegnum tíðina hafa borgir og borgarumhverfið gegnt lykilhlutverki í vexti þjóða sökum stærðarhagkvæmni þeirra og með aukinni hnattvæðingu og áherslu á sköpun í hagrænu samhengi hefur myndast alþjóðlegt samkeppnisumhverfi á meðal stórborga. Nálgun borgarsvæða til efnahagsþróunar í þessu alþjóðlega samkeppnisumhverfi getur komið niður á samkeppnishæfni landsbyggðarsvæða, en skapandi starfsemi hefur mun jafnari útbreiðslu en fyrirfram er gert ráð fyrir (Huggins & Clifton, 2011). Þannig er skapandi vinnuafli ekki staðbundið við borgir, heldur þrífst það til að mynda í minni velferðarsamfélögum í Danmörku, líkt og kemur fram í stílfærðum hugmyndum Mark Lorenzen og Kristina Vaarst Andersen (2011) um fjórar tegundir bæja sem hver um sig hefur mismunandi aðdráttarafli fyrir hina skapandi stétt.

5. Akranes

Akranes er meðalstórt sveitarfélag á íslenskan mælikvarða með um 6700 íbúa. Nokkuð samfelld fólksfjöldgun hefur verið á svæðinu í gegnum tíðina og í dag er sveitarfélagið fjölmennasta byggðarlag Vesturlands og á meðal þeirra tíu fjölmennustu á landinu (sjá viðauka I). Akranes hefur byggst upp í kring um iðnað og sjávarútveg – „*kannski fyrsti iðnaðarbærinn á Íslandi*“ sagði einn viðmælandi minn – sem útskýrir að einhverju leyti samsetningu og áherslur samfélagsins og ásýnd byggðarlagsins. Á Akranesi er fábreytt atvinnusvæði, öflug útgerð og fiskvinnslutengd starfsemi. Stóriðjur inn við Grundartanga hafa verið stærstu atvinnuveitendurnir á svæðinu síðustu áratugina. Megináherslan samkvæmt samþykktu aðalskipulagi Akraness er á fallegan og fjölskylduvænan bæ með heilsusamlegu umhverfi, öflug og fjölbreyttu atvinnulífi og traustum samgöngum (Akraneskaupstaður, 2006).

5.1 Saga og þróun

Akraneskaupstaður liggur yst á Akranesi, sem er á milli Hvalfjarðar og Leirárvoogs á Vesturlandi Íslands. Sveitarfélagið er að mestu umlukið sjó en á landamæri að sveitarfélaginu Hvalfjarðarsveit í norðaustri. Nesið er tiltölulega flatt frá sjó að fjallsrótum hins formfagra Akrafjalls sem trónir ofan við bæinn (sjá mynd 5.1).




Mynd 5.1 Akranes Nesið er tiltölulega flatt frá sjó að fjallsrótum Akrafjalls. Yst á tanga þess er sveitarfélagið Akranes sem er að mestu umlukið sjó (byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands, 2015; ljósmynd eftir Óðinn Þór).

Byggðin á Akranesi hefur þróast eftir landslagi og staðhátum. Á ysta odda Akraness er elsti hluti kaupstaðarins, sem frá fornu fari hefur verið nefndur Skagi, og síðar Skipaskagi eða Heimaskagi þegar útgerð byrjaði. Um miðja 17. öld var mikil uppbygging í kring um útgerð og vísir að sjávarþorpi myndaðist (Jón Böðvarsson, 1992). Árið 1942 hlaut Akranes kaupstaðarréttindi og í kjölfarið varð mikill uppgangur í atvinnulífinu. Útgerðin styrktist, miklar umbætur voru gerðar á fiskiskipaflotanum og iðnaður eflidist til muna með tilkomu Sementsverksmiðju ríkisins árið 1958 (Akraneskaupstaður, á.á.a).

Í lok áttunda áratugar tuttugustu aldar styrktist atvinnulífið á Akranesi enn frekar með tilkomu járnblendiverksmiðju á Grundartanga og aftur undir lok tíunda áratugarins þegar álver var reist við Grundartanga. Á sama tíma varð bylting í samgöngumálum Akurnesinga þegar Akraborgin fór sína síðustu áætlunarferð á milli Reykjavíkur og Akraness og Hvalfjarðargöngin voru opnuð. Lauk þar með rúmlega 100 ára sögu áætlanuferða um Faxaflóa. Göngin styttu vegaleiðina á milli Akraness og Reykjavíkur um 60 kílómetra og með tengingu við leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu jukust möguleikar til afþreyingar, atvinnu- og skólasóknar (Akraneskaupstaður á.á.b; Félag héraðsskjalavarða á Íslandi, á.á.).

Eftir aldamótin hefur dregið verulega úr landvinnslu á Akranesi í kjölfar sameiningar umsvifamesta útgerðafyrirtækis Akraness, Haraldar Böðvarsson og Granda í HB Granda. Sementsverksmiðja Vesturlands hætti framleiðslu á sementi og Akraneskaupstaður eignaðist mannvirki þess sem og risastórt sementsverksmiðjusvæðið undir lok árs 2013 (*sjá mynd 5.2*). Í dag sjá Akurnesingar meðal annars sóknarfæri í uppbyggingu matvælaíðnaðar og ferðaþjónustu, einnig verður áfram horft til stærsta stóriðjuvers á Íslandi við Grundartanga sem hefur rennt sterkum stöðum undir ýmsan afleiddan iðnað á Akranesi. Hjá Norðurál, Járnblendifélaginu og dótturfyrirtækjum á Grundartanga vinna tæplega 700 starfsmenn. Um 80% þeirra eru búsettir á Vesturlandi, í grennd við Grundartanga (Akraneskaupstaður, 2006; Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, 2013). Með tilkomu Faxaflóahafna hyggur Reykjavíkurborg á mikla uppbyggingu atvinnusvæðis við Grundartanga og fyrirhugað er meðal annars að reisa sólarkísilverksmiðju með 450 störfum (Reykjavíkurborg, 2015).



Mynd 5.2 Sementsreitur. Gula svæðið sýnir lóðir sem afhentar hafa verið Akraneskaupstað, græna svæðið sýnir lóðir sem Akraneskaupstaður fékk 31. júlí 2003 með samkomulagi við Sementsverksmiðjuna. Til viðbótar eru fjólublá svæði sem sýna lóðir sem Sementsverksmiðjan leigir fram til 1. ágúst 2028 (Akraneskaupstaður, tölvupóstur 20. janúar 2015).

5.2 Þættir úr skipulagssögu Akraness

Akranes var á meðal fyrstu þéttbýlisstaða sem hófust handa við skipulagsvinnu af frumkvæði Skipulagsnefndar ríkisins. Vinnan við skipulagið hófst árið 1922 og fékk síðan staðfestingu Stjórnarráðsins 22. desember 1927 (sjá mynd 5.3). Um þetta leyti voru á Akranesi 321 hús, þar af 63 torfhús, 201 timburhús og 57 steinsteypt hús. Á meðal þess sem kemur fram í skipulagslýsingu uppdráttarins er að vegna mikillar garðræktar hafi Akranes byggst með þeim einkennilega hætti að byggðin væri dreifð með stórum görðum og túnblettum milli húsa. Nefndarmönnum var umhugað að þetta byggðina til að spara bænum fé, meðal annars við götu- og lagnagerð. Það þótti líka nauðsynlegt að leita til fagaðila og skapa heildrænan og fallegan heildarsvip byggðarinnar.

Frá árinu 1927 fram til ársins 1980 voru fjöldi breytinga og viðauka gerðir á aðalskipulaginu, en það var ekki fyrr en í upphafi níunda áratugarins sem það tókst að ljúka við endurskoðun aðalskipulagsins frá 1927. Breytingar sem gerðar voru á þessum rúmum fimmtíu árum voru meðal annars vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á hafnarmannvirkjum og síldarverksmiðju á sunnanverðum skaganum á fjórða áratugnum. Árið 1941 óskaði hreppsnefnd eftir breikkun gatna vegna íbúafjölgunar og aukinnar umferðar um götur bæjarins. Árið 1945 voru gerðar breytingar og viðauki

við skipulagsuppdráttinn þar sem gert var ráð fyrir fjölgun íbúða. Sama ár var kynnt tillaga að staðsetningu sjúkrahúss og lögð fram tillaga að nýju aðalskipulagi Akraness með hugmyndum um stækkun byggðarinnar til austurs.



Mynd 5.3 Skipulagsuppdráttur frá 1927 (Guðmundur L. Hafsteinsson, 2009)

Árið 1949 barst Skipulagsnefnd erindi frá bæjarstjóra Akraness vegna staðsetningar fyrirhugaðrar sementsverksmiðju og tilheyrandi landfyllingu, sem var samþykkt með nokkrum skilyrðum. Árin 1955-56 voru hugmyndir skipulagsstjóra að stækkun byggðarinnar til austurs síðan teknar til umfjöllunar í bæjarráði. Þær tillögur voru settar fram á nýjum skipulagsuppdrætti árið 1959. Í janúar 1966 kynnti skipulagsstjóri frumdrög að tillögu að aðalskipulagi fyrir Akranes og næstu tvo áratugi var stöðugt unnið að gerð aðalskipulags Akraness. En það var ekki fyrr en árið 1982 að félagsmálaráðherra staðfesti Aðalskipulag Akraness 1980-2000. Hafði þá ekki verið staðfest aðalskipulag fyrir Akranes síðan 1927. Á skipulagsuppdrætti má sjá að byggðin hafði teygst norður af Skipaskaga og austur með Krossvíkinni og gert var ráð fyrir byggingalóðum norðan við byggðina (sjá mynd 5.4).



Mynd 5.4 Aðalskipulagsuppráttur 1980-2000 (Akraneskaupstaður, tölvupóstur 13.maí 2005)


Næst var staðfest aðalskipulag 1992-2012 og í forsendum þess sagði meðal annars að stuðla yrði að frekari endurnýjun og þéttingu byggðar, áframhaldandi uppbyggingu verslana- og skrifstofuþjónustu við Stillholt og miðbæinn, ekki væri þörf á stækkun eða miklum breytingum á hafnar svæði vegna tilkomu Grundartangahafnar og að taka þyrfti ákvörðun um svæði sem væru sérstök vegna fornleifa og náttúru (Guðmundur L. Hafsteinsson, 2009).

5.3 Aðalskipulag Akraness 2005-2017

Gerð var tillaga að núgildandi aðalskipulagi Akraness fyrir tímabilið 2005-2017 sem var endurskoðun gildandi aðalskipulags (sjá mynd 5.5). Tillaga þessi var samþykkt árið 2006 eftir þriggja ára ferli. Til grundvallar voru niðurstöður íbúafþings og áætlanir í ýmsum málaflokkum svo sem atvinnu-, umhverfis- og félagsmálum.

Ein helsta skipulagsforsendan var fólksfjölgun á svæðinu. Út frá breyttum lífsgæðum og lífsgildum var ályktað að aldurssamsetning íbúa á Akranesi myndi breytast nokkuð á skipulagstímanum. Hlutfallslega myndi börnum og ungmennum fækka en eftirlaunaþegum fjölga, sem myndi leiða af sér að meðalfjöldi íbúa á hverja

íbúð myndi lækka. Út frá þeirri forsendu var áætluð aukin landþörf undir íbúðabyggð, verslanir og þjónustu.



Mynd 5.5 Aðalskipulagsuppráttur 2005-2017 (Guðmundur L. Hafsteinsson, 2009)

Í aðalskipulaginu er reynt eftir föngum að tengja saman stefnu og skipulagsákvæðanir. Ákvæði aðalskipulagsins taka til mismunandi málaflokka og innan hvers þeirra er stefna bæjarstjórnar sett fram sem leiðarljós og meginmarkmið. Leiðarljós er yfirskrift fjögurra meginmarkmiða um íbúa og umhverfi, samgöngur og tæknimál, atvinnulíf og þjónustu og menningar-, fræðslu- og félagsmál. Leiðarljós og markmið skipulagsins eru eðli málsins samkvæmt opin og yfirgripsmikil og stuðla að hagkvæmari uppbyggingu og rekstri bæjarins.

Megináherslan í aðalskipulagi er á fallegan og fjölskylduvænan bæ með heilsusamlegu umhverfi, öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi og traustum samgöngum. Á

meðal áhugaverðra markmiða sem sett eru fram í aðalskipulagi Akraness eru að á Akranesi eiga að vera fyrirmyndaraðstæður fyrir fjölskyldufólk og sérstök áhersla skal lögð á aðgengismál og aðdráttarafi útivistarsvæða bæjarins. Einnig er mikil áhersla lögð á umhverfismál. Náttúruvernd er umfangsmikil í aðalskipulaginu og innan skipulagssvæðisins er tæplega 300 hektara friðlýst friðland samkvæmt náttúruverndarlögum. Sett eru ákvæði um hverfisvernd fyrir næstum alla strandlengjuna, að frátalinni höfninni, Lambhúsasundi og Leyni. Sama gildir um Innstavog þar sem leitast á við að endurheimta votlendi svo og við Miðvogslæk (*sjá mynd 5.6*). Byggð skal að jafnaði ekki vera yfir 3-4 hæðir, bæjarumhverfið á að vera vandað og fallett og halda á í sérstöðu og einkenni bæjarins. Gert er ráð fyrir þéttingu byggðar til að mynda með íbúðarbyggð á sementsverksmiðjussvæðinu en þær hugmyndir eru til endurskoðunar núna (*sjá kafla 5.4 Skipulagsverkefni bæjarins*). Akranes á að vera í virku samhengi við höfuðborgina og fjölgun íbúa er forsenda vaxtar atvinnulífs og þjónustuframboðs. Meginhluti verslunar og þjónustu á að vera innan miðbæjarsvæðis og endurskipuleggja á gamla miðbæinn.

Lögð er áhersla á atvinnulíf sem byggist á hefðbundnum atvinnugreinum og nýsköpun í aðalskipulaginu. Talað er um að skapa skilyrði til framþróunar atvinnulífsins, sérstök ákvæði um starfsemi á svæðum fyrir matvælaíðnað og eflingu ferðaþjónustu, heilbrigðissviðs, verknáms og háskólanáms.

Stuðla skal að fjölbreyttu vali til náms og menningarstarfs, byggja upp framsækið og nútímalegt skólastarf og styðja við nýjar hugmyndir á öllum skólastigum. Sérstaklega er tekið fram að metnaður skuli lagður í frágang þess umhverfis sem börn alast upp í og að áhersla skuli lögð á listsköpun við mótun bæjarmyndarinnar.

Stefna skal að því samkvæmt aðalskipulagi að almenningssamgöngur og hjólreiðar verði raunhæfir valkostir og stemma stigu við ofnotkun einkabíla. Leitast skal við að tengja saman hverfi og megináfangastaði með stofnstígum sem jafnframt eru meginhjólaleiðir og fá stofnstígar forgang í uppbyggingu og viðhaldi. Bæta skal almenningssamgöngur bæði innan bæjarins og milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins. Þetta er á meðal þeirra stefnumála sem birtast í Aðalskipulagi Akraness (Akraneskaupstaður, 2006).



Mynd 5.6 Náttúruvernd Dökka slið er friðlýst friðland samkvæmt náttúruverndarlögum. Ljós slið út með mest allri strandlengjunni nýtur hverfisverndar (Akraneskaupstaður, 2006).

Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi er miðbæjarsvæðið Akraness skilgreint sem mjög stórt svæði sem inniheldur gamla og nýja miðbæinn og allt svæðið þar á milli (sjá mynd 5.7). Fyrir tíð núgildandi aðalskipulags hófst uppbygging við nýja þungamiðju og áformuð var frekari uppbygging miðbæjar á því svæði. Teiknistofa Arkitekta og Gylfi Guðjónsson og félagar (2003) gerðu greiningu á stöðu og uppbyggingarkostum miðbæjarins fyrir aðalskipulagið þar sem meðal annars var varað við að skilgreina „gamla miðbæinn“, nýtt miðbæjarsvæði við Stillholt og allt svæðið þar á milli sem miðbæjarsvæði. Þeir voruðu jafnframt við aðráttarafli sem byggðist á bílastæðum og óhjákvæmilegri þörf fólks til að nálgast nauðsynjavörur. Sömuleiðis voruðu þeir við neikvæðum áhrifum sem nýr miðbæjarreitir við Stillholt gæti haft á gamla miðbæinn sem fælist í að sérstaða hans myndi glatast og verslun myndi flytja úr gamla miðbænum.



Mynd 5.7 Skilgreint miðbæjarsvæði Allt litaða svæðið er skilgreint miðbæjarsvæði. Græna svæðið er „gamli miðbærinn“, gula svæðið sýnir „nýja miðbæinn“ við Stillholt og rauða svæðið er einfaldlega tenging á milli svæðanna (Loftmyndir ehf., 2011).

5.4 Skipulagsverkefni bæjarins

Árið 2010 var hafist handa við endurskoðun núgildandi aðalskipulags. Helstu ástæður þess voru að fólksfjölgunin á Akranesi frá 2005 til 2008 var langt umfram mannfjöldaspá aðalskipulagsins og forsendur fyrir stórhuga uppbyggingu hafnarsvæðisins á Akranesi höfðu breyst með ört stækkandi hafnarstarfsemi inn við Grundartanga með sameinaðri höfn fyrir Faxaflóasvæðið. Auk þess var að merkja áherslubreytingar hjá íbúum á íbúáþingi sem haldið var í lok árs, þar sem þeir vildu sjá meiri áherslu á mikilvægi umhverfismála og bæjarumhverfis. Að öðru leyti voru helstu forsendur aðalskipulagsins í meginatriðum þær sömu. Tillaga að Aðalskipulagi Akraness 2013-2025, var lögð fram í maí 2013 en vissir þættir hennar mættu mikilli andspyrnu íbúa sem hefur tafið ferlið allt til dagsins í dag (Akraneskaupstaður, á.á.c). Sterkustu viðbrögð íbúa voru við breyttri landnotkun á bökkunum ofan við Langasand, sem er náttúrulegt útivistarsvæði Akurnesinga, og fyrirhugaðri landfyllingu utan við aðal hafnargarðinn, en hún hefur alið af sér grasrótahreyfingu sem hefur mótmælt kröftuglega þeirri ráðagerð (Skessuhorn, 2013; 2015). Það vekur sérstaka athygli að í drögum að nýju aðalskipulagi er stefnt að gríðar stóru verslunar-, þjónustu- og athafnarsvæði í norðanverðum útjaðri bæjarins við Smiðjuvelli

(Akraneskaupstaður, 2013). Sérstaklega í ljósi þess að fyrir er skilgreint mjög stórt miðbæjarsvæði þar sem stefnan er að efla verslun og þjónustu (sjá mynd 5.8).



Mynd 5.8 Verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði við Smiðjuvelli Gula svæðið er miðbæjarsvæðið og gráa svæðið er verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði við Smiðjuvelli (Loftmyndir ehf., 2011).

Árið 2013 var ákveðið að ráðast í endurbætur á Akratorgi sem er sameiginlegt opið rými í gamla miðbænum. Þar hafa í gegnum tíðina verið haldnir ýmsir menningarviðburðir en sumarið 2014 var nýtt Akratorg vígt. Í kjölfarið var áhersla á ýmsa viðburði, eins og matar- og antikmarkað, með tilheyrandi mannlífi um sumarið (Akraneskaupstaður, á.á.d).

Af helstu skipulagsverkefnum bæjarins um þessar mundir má nefna tillögu að deiliskipulagi á Breið, þar sem „markmiðið er að bæta aðstöðu á svæðinu til útivistar og fræðslu um sögu svæðisins“ (Akraneskaupstaður, 2014a). Stærsta og helsta skipulagsverkefni bæjarins hlýtur þó að vera svokallaður Sementsreitur (sjá mynd 5.2 á bls.33). Sementsreiturinn er 5,5 hektara landsvæði, nokkuð miðsvæðis með lóðamörk út að sjó á eina röndina en annars umlukinn bænum. Í núgildandi aðalskipulagi var áfram gert ráð fyrir starfsemi í sementsverksmiðjunni, en gert ráð fyrir að sementsverksmiðjusvæðið yrði tekið undir íbúðarbyggð ef starfsemi

verksmiðjunnar myndi breytast, leggjast af eða flytja (Akraneskaupstaður, 2006). Í lok árs 2013 eignaðist Akraneskaupstaður lóð sementsverksmiðjunnar og mannvirki hennar að stærstum hluta. Þar með var fyrir alvöru hægt að skoða þá nýtingarmöguleika sem svæðið byði upp á og strax í janúar 2014 var haldinn íbúafundur þar sem Akraneskaupstaður í samvinnu við arkitektastofu kynnti ýmsar hugmyndir að nýtingu svæðisins. Um 160 manns mættu á fundinn og eftir fundinn var tilkynnt að í hönd færi vinna með þær hugmyndir sem fengið hefðu mestan hljómgrunn á fundinum. Auk þess þyrfti að huga að verðmætum sem fylgdu verksmiðjunni og setja af stað skipulagsvinnu fyrir svæðið (Akraneskaupstaður, á.á.e).



Mynd 5.9 Valin svæði Grænn sýnir framtíðar útivistarsvæði niður á Breið. Fjólublár sýnir gamla miðbæinn og rauður Akratorgið. Blár sýnir sementssvæðið og gulur er Langisandur (Loftmyndir ehf., 2011).

Í október síðastliðnum var í bæjarstjórn samþykkt erindisbréf vegna starfshóps um Sementsreitinn. Hlutverk starfshópsins er að móta tillögur um hvernig staðið verður að skipulagi og uppbyggingu á Sementsreitnum. Aðalverkefni starfshópsins er að leiða vinnu um skipulag á Sementsreitnum, til dæmis í gegnum lögbundið ferli, samráðsferli við íbúa og mótun tillögu að uppbyggingu á svæðinu. Stefnt er að því að


tillögur að deiliskipulagi og uppbyggingu svæðisins liggi fyrir í árslok 2015 (Akraneskaupstaður, á.á.e).

5.5 Þróun íbúafjölda

Snemma árs 1703 var tekið manntal í Akraneshreppi eins og í öðrum sveitum landsins. Samkvæmt því voru skráðir 390 íbúar í Akraneshreppi (Gunnlaugur Haraldsson, 2011). Árið 1801 var íbúafjöldinn orðinn 451 í Akraneshreppi (Jón Böðvarsson, 1992) og árið 1901 voru skráðir 707 íbúar (Páll Líndal, 1982). Á næstu 100 árum var hátt í áttföld aukning íbúa á svæðinu en samkvæmt Hagstofu Íslands voru skráðir 5450 íbúar á Akranesi árið 2001.

Samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 hefur fólksfjölgun á Akranesi verið mest eftir komu Hvalfjarðarganganna, árið 1998. Íbúaspá aðalskipulagsins gerði ráð fyrir að íbúafjöldi svæðisins yrði á bilinu 6.200 til 6.410 árið 2017 (Akraneskaupstaður, 2006). Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands, uppfærðar 3.apríl 2014, eru 6699 íbúar á Akranesi (Hagstofa Íslands, 2014a).

Tafla 5.1 Þróun íbúafjölda



5.6 Húsnæðismál

Húsnæðismál eru þeim sem starfa innan skapandi greina hugleikin og lágt húsnæðisverð skiptir þau miklu máli (Felton o.fl., 2010; Lorenzen & Andersen, 2011; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). *Gentrification* er vel þekkt fyrirbæri innan borgarþróunar, það er eins konar auðvaldsþróun innan borgarsamfélaga eða þéttbýlisendurnýjun sem lýsir sér í óhjákvæmilegri tilfærslu tekjulægrri íbúa, oft listamanna, af borgarsvæðum þar sem hlutur miðstéttar eða tekjuhærri íbúa og fyrirtækja hefur aukist og fasteignaverð hækkað. Þetta hefur oft í för með sér að skapandi vinnuafli lendir á hrakhólum eða leggur á efnahagslegan flóttu. Það kom fram í viðtölum við þau sem starfa innan skapandi greina og búa á Akranesi að lágt húsnæðisverð væri þeim mjög mikilvægt og í sumum tilvikum eina ástæða þess að þau fluttu upphaflega til Akraness (sjá kafla 8.3 „Skagíska“).

Tafla 5.2 Húsnæðisverð. Meðal staðgreiðsluverð á fermetrann í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögum innan 75 km akstursleiðar frá Reykjavík, samkvæmt Þjóðskrá Íslands, fyrir 2014.

Verðsjá fasteigna birtir upplýsingar um verð íbúðar- húsnæðis samkvæmt kaupsamningum. Þjóðskrá Íslands			
Tímabil: Janúar 2014 - Desember 2014			
Tegund: Fjölbýli			
Dags: 21.02.2015			
Staðgreiðsluverð (kr/m ²)			
	Neðri mörk	Meðaltal	Efri mörk
Seltjarnarnes	260139	313267	377676
Garðabær	254929	294600	330315
Reykjavík	229856	293606	359100
Kópavogur	232650	272723	318022
Mosfellsbær	233643	267661	309278
Hafnarfjörður	205008	248970	293603
Árborg	124485	174271	203321
Borgarbyggð	96485	161607	254994
Reykjanesbær	120084	160436	206186
Akranes	115513	158244	212893
Hveragerði	104070	151028	208191
Grindavík	66948	131965	200165
Sandgerði		96690	
Ölfus		Birtist ekki	

Verðsjá fasteigna birtir upplýsingar um verð íbúðar- húsnæðis samkvæmt kaupsamningum. Þjóðskrá Íslands			
Tímabil: Janúar 2014 - Desember 2014			
Tegund: Sérbýli			
Dags: 21.02.2015			
Staðgreiðsluverð (kr/m ²)			
	Neðri mörk	Meðaltal	Efri mörk
Seltjarnarnes	255311	305790	341962
Garðabær	217635	272871	327631
Reykjavík	197147	257394	311843
Mosfellsbær	201808	249166	297055
Kópavogur	198290	249131	300849
Hafnarfjörður	187243	225669	265593
Akranes	118335	172238	218983
Hveragerði	118714	159510	200483
Reykjanesbær	116258	159080	195949
Árborg	121012	154237	185567
Grindavík	90406	136204	193195
Ölfus	84855	127701	170000
Borgarbyggð	93225	120392	145252
Sandgerði	78069	116478	154838

Samkvæmt Verðsjá fasteigna, sem birtir upplýsingar um verð íbúðarhúsnæðis samkvæmt kaupsamningum, var meðal staðgreiðsluverð á hvern fermetra í fjölbýli á Akranesi árið 2014 töluvert lægra en á höfuðborgarsvæðinu og tæplega helmingi

lægra en í Reykjavík, það var einnig lægra en í Árborg, Borgarbyggð og Reykjanesbæ. Meðal staðgreiðsluverð á hvern fermetra í sérbylí á Akranesi er sömuleiðis töluvert lægra en á höfuðborgarsvæðinu öllu.

5.7 Niðurlag

Byggðin á Akranesi hefur þróast eftir landslagi og aðstæðum – „*kannski fyrsti iðnaðarbærinn á Íslandi*“ sagði einn þátttakandi í rýnihópunum – en bærinn hefur að stærstum hluta byggst upp í kring um útgerð og iðnað, sem útskýrir að einhverju leyti samsetningu og áherslur samfélagsins og ásýnd byggðarlagsins. Um og eftir aldamótin varð bylting í samgöngumálum með tilkomu Hvalfjarðarganga og nokkurra sviptinga gætti í atvinnulífinu á Akranesi með minni umsvifum í landvinnslu og endalokum sementframleiðslu. Á Akranesi er fábreytt atvinnusvæði en í dag horfa Akurnesingar meðal annars til uppbyggingar í matvælaíðnaði og ferðaþjónustu. Að auki verður áfram horft til stærsta stóriðjuvers á Íslandi við Grundartanga og áframhaldandi uppbyggingar atvinnusvæðis með tilkomu Faxaflóahafna (Akraneskaupstaður, 2006; Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, 2013).

Á Akranesi hefur verið nokkuð samfelld fólksfjölgun í gegnum tíðina og í dag er sveitarfélagið fjölmennasta byggðarlag Vesturlands með um 6700 íbúa (Hagstofa Íslands, 2014a). Ein meginforsenda fyrir búsetu á Akranesi samkvæmt viðmælendum mínum var lágt húsnæðisverð en fasteignaverð á Akranesi er töluvert lægra en á höfuðborgarsvæðinu og allt að helmingi lægra en í Reykjavík í sumum tilfellum.

Samkvæmt samþykktu aðalskipulagi Akraness er megináherslan á fallegan og fjölskylduvænan bæ með heilsusamlegu umhverfi, öfluggu og fjölbreyttu atvinnulífi og traustum samgöngum (Akraneskaupstaður, 2006). Í lok árs 2013 eignaðist Akraneskaupstaður lóð Sementsverksmiðjunnar og mannvirki hennar að stærstum hluta en um er að ræða stórt og gamalt en dýrmætt iðnaðarsvæði í hjarta bæjarins. Skipulag svæðisins er stórt og mikilvægt verkefni sem spilar lykilhlutverk í þéttbýlisendurnýjun sveitarfélagsins og til að sinna því hefur verið skipaður starfshópur um mótun svæðisins, skipulagningu og uppbyggingu Sementsreitsins svokallaða (Akraneskaupstaður, á.á.e).

Þriðji hluti:
Akranes á tímum sköpunar

6. Hreyfiafl efnahagslegrar þróunar á

Akranesi

Upphaflegu hugmyndirnar og skilgreiningarnar á mælikvörðunum fyrir grunnþætti hreyfiafls efnahagslegrar þróunar sem birtust í *The Rise of the Creative Class*, miðuðu að rannsóknum Florida (2002) og samstarfsmanna hans á hinni skapandi stétt í Bandaríkjunum og Kanada. Mælikvarðarnir hafa þróast og tekið nokkrum breytingum eftir þörfum þar sem aðgengi að gögnum er mismunandi eftir heimshlutum og löndum (Florida, 2007, Florida & Tinagli, 2004). Þegar hreyfiafl efnahagslegrar þróunar er mælt er notast við samsvarandi gögn fyrir þau svæði sem um ræðir. Þannig að ef um mælingar í mismunandi löndum er að ræða er notast við alþjóðleg gögn, en ef það er verið að bera saman landsvæði, bæi eða borgir þarf að reiða sig á góð staðbundin gögn sem endurspeglar grunnþættina þrjá; hæfileika, tækni og umburðarlyndi.

Markmiðið er að athuga hvort hægt sé að heimfæra kenningar um hina skapandi stétt eða aðferðir um sköpunarauð yfir á Akranes, vekja athygli á og gefa til kynna stöðu hæfileika, tækni og umburðarlyndis á Akranesi og skoða hvort Akranes geti aukið vaxtarmöguleika sína út frá efnahagslegri samkeppnisstöðu. Hér verður að mestu litið til þeirra móðela sem notast var við mælingar á samkeppnisstöðu mismunandi landsvæða í Svíþjóð annars vegar og Noregi hinsvegar, út frá hugmyndum um hreyfiafl efnahagslegrar þróunar (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Tinagli, 2014). Til að mæla hæfileika eru fyrst og fremst skoðaðir tveir þættir; mannauður og hlutfall hinnar skapandi stéttar. Til að mæla tækni er skoðuð staða nýsköpunar og hátækniíðnaðar. Til að mæla umburðarlyndi er skoðað hlutfall innflytjenda, skipting eftir þjóðerni, hlutfall bóhema og hinsegin fólks og/eða viðhorf gagnvart þeim (Florida, 2002).

6.1 Hæfileikar

Til að mæla hæfileika eru fyrst og fremst skoðaðir tveir þættir; mannauður eða hlutfall fólks með hátt menntunarstig og hlutfall hinnar skapandi stéttar. Í Evrópu hefur reynst erfitt að fá sömu tölfræðiupplýsingar og í Ameríku og hefur því verið stuðst við minna aðgreinda skilgreiningu á hinni skapandi stétt og bætt við nýjum þætti sem er hlutfall vísindamanna (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Tinagli, 2014).

Mannauður. Samkvæmt vef Hagstofu Íslands (2014b) höfðu á Íslandi árið 2013 um 36% þeirra sem voru 25-64 ára lokið háskólanámi. En það er gjarnan notast við þær tölur í alþjóðlegum samanburðarmælingum (OECD, 2014). Sama ár höfðu 28,2% þeirra Íslendinga sem voru 16-74 ára lokið háskólanámi.

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar hafa ekki neinar staðbundnar upplýsingar um hlutfall íbúa sem lokið hafa háskólamenntun (Svala Hreinsdóttir, tölvupóstur, 13. febrúar 2015). Samkvæmt íbúakönnun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (2011) sem gerð var árið 2010 höfðu 31% íbúa Akraness og Hvalfjarðarsveitar, 18 ára og eldri, lokið háskólanámi. Þær tölur verða þó að teljast óáreiðanlegar, en úrtak könnunarinnar var 5,8% og svarhlutfallið var 38,6%. Sama ár hafði 25,2% Íslendinga á aldrinum 16-76 ára lokið háskólanámi (Hagstofa Íslands, 2014b).

Hin Skapandi stétt. Hin skapandi stétt samanstendur annars vegar af svokölluðum ofur-skapandi kjarna og hins vegar skapandi fræðimönnum (*sjá kafla 2.3 Hin skapandi stétt*). Í alþjóðlegum samanburði hefur stundum reynst erfitt að fá nægjanlega nákvæmar upplýsingar um atvinnuhætti, sem hefur leitt til þess að það hefur ekki verið notuð eins aðgreind skilgreining, þar sem tæknimenn og sérmenntað starfsfólk hefur ekki verið innifalið og óflokkaðir verið teknir út úr töflunni (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Florida, 2007; Florida & Tinagli, 2004; Tinagli, 2014). Samkvæmt mælingu á hinni skapandi stétt í 45 löndum, sem studdist við gögn Alþjóða vinnumálastofnunarinnar ILO, voru rúmlega 24% vinnuaflans á Íslandi meðlimir hinnar skapandi stéttar ef notast var við minna aðgreinandi skilgreiningu. Með tæknimönnum og sérmenntuðu starfsfólki var hlutfallið 38% af vinnuaflanum á Íslandi. (Florida, 2007).

Ekki var hægt að fá staðbundin gögn um vinnuafla á Akranesi hjá Hagstofu Íslands, atvinnumálanefnd Akraneskaupstaðar né Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi sem gagnast hefðu til að kvarða hlutfall hinnar skapandi stéttar á Akranesi.

Vísindamenn. Vísindamenn eru allir starfsmenn rannsóknar- og þróunarfyrirtækja og stofnana (e. *Research and development*), einnig skammstafað R&D, þar með töldum háskóladeildum og rannsóknastofum. Þeir geta verið tæknimenn, aðstoðarfólk sem og vísindamenn. Vísindamenn eru skilgreindir sem sérfræðingar sem búa til og skapa nýja þekkingu, nýjar vörur og aðferðir, ný ferli og kerfi og eru beinir þátttakendur í stjórnun verkefna (Creativity Group Europe &

University of Gothenburg, 2007). Í skýrslu Alþjóðlegu efnahags- og framfarastofnunarinnar frá árinu 2013 (*e. Organisation for Economic Co-operation and Development*), skammstafað *OECD*, kemur fram að hlutfall vísindamanna sem störfuðu hjá rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum og stofnunum var hvergi hærra en á Íslandi. Rannsóknin var gerð fyrir árið 2011 og á Íslandi, í Finnlandi og Danmörku voru yfir 2% vinnuaflans vísindamenn. Meðaltal Evrópusambandslanda var 1,1% (*OECD*, 2013).

Þar sem ekki var hægt að fá staðbundin gögn um vinnuafla á Akranesi var ekki hægt að kvarða hlutfall starfsmanna rannsóknar- og þróunarfyrirtækja og stofnana á Akranesi.

6.2 Tækni

Til að mæla tækni er skoðuð staða nýsköpunar eða fjöldi einkaleyfa og hlutfall starfsmanna í hátækniidnaði. Mikilvægt er að hafa í huga að upprunaleg staðsetning einkaleyfisumsóknar er ekki alltaf sú sama og endanleg staðsetning einkaleyfis (*Creativity Group Europe & University of Gothenburg*, 2007).

Nýsköpun. Umsóknir um einkaleyfi eru leynilegar fyrstu 18 mánuðina eftir að þær berast Einkaleyfastofunni og ef umsókn er afskrifuð vegna þess að umsækjandi dregur hana til baka, greiðir ekki nauðsynleg gjöld, eða virðir ekki tímafresti sem Einkaleyfastofan gefur, er henni haldið leyndri áfram. Í gegnum tíðina hefur Einkaleyfastofu borist margar umsóknir frá Akranesi, miðað við stærð. Frá árinu 1950 hafa borist tugir umsókna frá aðilum á Akranesi, en aðeins 23 umsóknir eru aðgengilegar. Tíu þessara umsókna hafa orðið að einkaleyfi og ein er í umsóknarferli. Til viðmiðunar má nefna að af sama tímabili eru sex umsóknir aðgengilegar fyrir Árborg og sjö fyrir Mosfellsbæ (Pétur Vilhjálmsson, Einkaleyfastofa, tölvupóstur, 21. mars 2014).

Á heimasíðu Evrópsku Einkaleyfastofunnar (*e. European Patent Office*), skammstafað *EPO* (2015), eru 19 einkaleyfaumsóknir aðgengilegar frá árinu 1990, sem eru skráðar á Akranesi. Á heimasíðu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (*e. World Intellectual Property Organization*), skammstafað *WIPO* (2015), má finna 21 einkaleyfaumsóknir skráðar á Akranesi frá árinu 1999. Af þeim eru 17 umsóknir innan matvælaidnaðar og þar af 16 skráðar á Skagann hf. sem er leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun ýmissa framleiðslutækja fyrir matvælaidnað. Þrjár umsóknir eru innan lífvísinda og ein innan byggingafræða.

Hátækni-nýsköpun. Einn möguleikinn er að greina sérstaklega nýsköpun í hátækniíðnaði. Greining hátækni einkaleyfa byggist á viðmiðum sem voru ákvörðuð af alþjóðlegu einkaleyfastofnuninni Trilateral. Þar eru eftirfarandi tæknisvið skilgreind sem hátækni: Tölvur og sjálfvirk atvinnutæki, örveru- og erfðatækni, fjarskiptatækni, flugtengd tækni, rafeindatækni (*e. semiconductors*) og geislataækni (*e. lasers*) (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007).

Ekki þótti ástæða til að greina hátækni-nýsköpun sérstaklega í þessu tilfelli.

Hátækniíðnaður. Hlutdeild vinnuafls í hátækniíðnaði er skipt í þrjá mismunandi hópa: a) vélbúnaður og vörur; b) hugbúnaður og þjónusta; c) fjarskipti, hljóð- og sjónframleiðsla og dreifingu. Fylgt er skilgreiningu og flokkun Milken Institute 9 á hátækniíðnaði, sem felur í sér framleiðslu á hátækniþúnaði eins og lyfjum, hálfleiðurum (*e. semiconductors*), raf- og tækjabúnaði, sjóntækjabúnaði, flugvélum og geimförum, tölvum og svo framvegis (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007).

Þar sem ekki var unnt að fá staðbundin gögn um vinnuafla á Akranesi var ekki hægt að kvarða hlutfall vinnuafls í hátækniíðnaði á Akranesi.

6.3 Umburðarlyndi

Til að mæla umburðarlyndi er skoðað hlutfall minnihlutahópa, eins og fólks af erlendum uppruna, hinsegin fólks eða þeirra sem lifa óhefðbundnum lífsstíl. Einnig er reynt að meta viðhorf fólks til þessara hópa og skoða fjölbreytni í þjóðarbrotum.

Fólk af erlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 30.979 innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð á Íslandi árið 2014, eða um 9,5% þjóðarinnar. Hlutfall innflytjenda hefur aukist mikið frá því fyrir aldamót og til samanburðar voru 6.901 innflytjendur skráðir árið 1998 eða um 2,5% þjóðarinnar. Á Akranesi voru 75 íbúar innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð árið 1998 eða um 1,5% íbúa en árið 2014 voru þeir skráðir 505 eða um 7,5% af íbúum Akraness (Hagstofa Íslands, 2015c; 2015d).

Akranes er nýunda fjölmennasta sveitarfélag landsins og er með áttunda flesta innflytjendur. Á Íslandi eru 21 sveitarfélag með yfir 2000 íbúa og ef tekið er saman hlutfall innflytjenda í þeim, lendir Akranes í tíunda sæti þar. Reykjavík, Kópavogur og Hafnafjörður hafa flesta íbúa og flesta innflytjendur í þessari röð. Ísafjarðarbær er aftur á móti með hlutfallslega flesta innflytjendur, eða 13,4%, síðan Fjarðabyggð með 12,7% og Reykjanesbær með 12,5% (Hagstofa Íslands, 2015d; 2015e).

Fjölbreytni. Af 6699 íbúum Akraness sem voru skráðir hjá Hagstofu Íslands árið 2014, höfðu 438 erlent ríkisfang skráð í Þjóðskrá. Af þeim voru um 87% frá Evrópu, um 6% með ekkert ríkisfang, tæplega 4% frá Asíu og um 3% annars staðar að. Langflestir eða um 70% er með pólskt ríkisfang, næst á eftir koma þeir sem hafa ekkert skráð ríkisfang með um 6%, síðan litháenskt með tæp 4% og danskt eða þýskt ríkisfang hvort um sig með rúm 2% (Hagstofa Íslands, 2015f).

Hinsegin fólk. Ekki var unnt að verða sér úti um tölfræðileg gögn um hinsegin fólk á Íslandi, né staðbundin gögn fyrir Akranes. Hilmar Hildarson Magnússon, formaður Samtakanna '78 sagði að rannsóknir á málefnum hinsegin fólks væri verulega ábótavant og þar af leiðandi mjög lítið til af gögnum (tölvupóstur, 13. febrúar 2015). Litlar upplýsingar eru til um viðhorf gagnvart hinsegin fólki á Akranesi eða öðrum skilgreindum minnihlutahópum, eins og útlendingum. Á fimm ára fresti framkvæmir Rauði kross Íslands könnun sem ber heitið *Hvar þrengir að?* í þeim tilgangi að greina þá hópa sem höllustum fæti standa í samfélaginu. Akraneskaupstaður er jafnan þátttakandi í þessari könnun en þar koma ekki fram neinar staðbundnar upplýsingar fyrir sveitarfélagið. Í nýjustu skýrslu Rauða krossins á Íslandi (2014) kemur fram að fordómar í garð útlendinga, ekki síst hælisleitenda og flóttamanna, séu vaxandi á Íslandi. Anna Lára Steindal, verkefnisstjóra mannréttindamála hjá Akraneskaupstað, segir að á Akranesi finni þau fyrir þeirri tilhneigingu (tölvupóstur, 5. maí 2014).

Í Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 25. mars 2014 er unnið með viðhorf til minnihlutahópa og fjallað um hvernig samfélag bærinn vill stuðla að. Stefnan er ítarleg og fjallar um allar þær mismunarbreytur sem tilskipanir ESB fjalla um, þ.e. kyn, aldur, fötlun, hinsegin fólk, trú eða lífsskoðanir og uppruna eða þjóðerni. Í síðasta kafla stefnunnar sem fjallar um verklag og ábyrgð er ákvæði um að þær stofnanir bæjarins sem telja fleiri en fimmtán starfsmenn skuli setja sér mannréttindaáætlun sem uppfærast árlega. Þar undir fellur að sporna gegn fordómum og tryggja jafna virðingu öllum til handa (Akraneskaupstaður, 2014b; Anna Lára Steindal, tölvupóstur, 5. maí 2014).

Bóhemar. Sökum þess hve erfitt það hefur verið að fá töluleg gildi yfir fólk sem lifir óhefðbundnum lífsstíl, hefur verið notast við mælikvarða á listamenn í 100% starfi, eins og tónlistar- og myndlistamenn, skáld og svo framvegis (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007).

Engar staðbundnar upplýsingar eru fyrir hendi um listamenn í 100% starfi á Akranesi. Aftur á móti eru vísbendingar um að þeir finnist harla. Í samskiptum mínum við þá sem sinna menningarmálum á Vesturlandi og af viðtölum mínum við fólk af Akranesi sem starfar innan skapandi greina mátti heyra á mörgum að það hefði verið vandamál hvað það væru fáir listamenn í 100% starfi á Akranesi, meðal annars við skráningar í félagasamtök og þegar kæmi að úthlutun styrkja til menningarmála eða lista. Sem dæmi má nefna að á þeim 23 árum sem útnefndur hefur verið bæjarlistamaður Akraness, hafa 15 einstaklingar hlotið nafnbótina, en þeir hafa sjaldnast verið í 100% starfi sem listamenn og sumir jafnvel ekki íbúar Akraness (Akraneskaupstaður, á.á.f). Í samantekt á viðtölum við þá sem starfa innan skapandi greina kemur meðal annars fram (*sjá kafla 8.4 Viðhorf*) að aðstöðuleysi og hamlandi viðhorf ríki gagnvart lista- og menningargreinum á Akranesi. Einnig kemur fram að sumir hafi upplifað lágmenningarsamfélag á Akranesi.

6.4 Niðurlag

Reynt var eftir fremsta megni að hafa upp á upplýsingum um hæfileika, tækni og umburðarlyndi Akraness, en samkvæmt Florida og samstarfsfélögum hans segja þessi þrjú atriði til um stöðu hreyfiafls efnahagslegrar þróunar og sköpunarauð samfélaga (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Florida, 2002, 2007; Florida & Tinagli, 2004; Tinagli, 2014). Með þessar kenningar um hina skapandi stétt til hliðsjónar er leitast við að vekja athygli á skapandi starfsemi og gefa til kynna stöðu hæfileika, tækni og umburðarlyndis á Akranesi. Til að mæla nákvæma vísitölu efnahagslegrar samkeppnisstöðu Akraness byggða á aðferðum Florida um sköpunarauð þurfti að reiða sig á góð staðbundin gögn sem að endurspeglu grunnþættina þrjú; hæfileika, tækni og umburðarlyndi. Þar sem staðbundnum gögnum var ábótavant var ekki unnt að fá efnahagslegan samkeppnisstuðul sveitarfélagsins sem var heldur ekki markmiðið. Með rannsókninni fengust ákveðnar vísbendingar um stöðu grunnþáttanna þriggja. Athyglisverð var góð útkoma nýsköpunar eða hátt hlutfall einkaleyfaumsókna af Akranesi og einsleitni í þjóðarbrotum. Einnig voru áhugaverðar vísbendingar um lágt hlutfall bóhema eða þeirra sem lifa óhefðbundnu lífi. Jafnframt er það umhugsunarefni hversu ábótavant var um áreiðanleg staðbundin tölfræðigögn fyrir Akranes. Til að afla upplýsinga og nálgast viðfangsefnið nánar var því leitast við að aðlaga hugmyndir og kenningar um hina skapandi stétt í stærra

fræðilegu samhengi að Akranesi með því að blanda saman meginlægum og eigindlegum rannsóknaraðferðum.

7. Skapandi greinar í þéttbýlum útjöðrum

borga

Á meðan áherslan hefur verið á efnahag og skapandi greinar í miðborgum og miðstöðvum viðskipta, hafa Felton og fleiri (2010) beint sjónum sínum að skapandi greinum í þéttbýlum útjöðrum tveggja borga í Ástralíu, annars vegar Brisbane og hins vegar höfuðborgarinnar Melbourne. Þau skoðuðu samband efnahags, skapandi greina og staðsetningar. Þau lögðu út með að menning væri ráðandi afl í viðskiptum og háþróuðu hagkerfi nútímans og að skapandi greinar hefðu efnahagslegan margbreytileika eða sveigjanleika (Pratt, 2009). Þau horfðu einnig til þess að skapandi greinar væru ekki staðbundnar, þær þrífast ekki bara í borgum, heldur líka í þéttbýlum útjöðrum þeirra (Gibson & Brennan-Horley, 2006; Gibson, 2010).

Þó að það sé töluverður stærðarmunur á Melbourne eða Brisbane og Reykjavík og þeirra nánasta umhverfi þá gegna borgirnar sambærilegum hlutverkum. Þéttbýlin í útjöðrum áströlsku borganna eru í sambærilegri fjarlægð frá miðborgunum og Akranes er frá miðborg Reykjavíkur. Af þeim ástæðum er athyglisvert að skoða samband svæðanna.

7.1 Rýnihópar

Tekin voru viðtöl við þá sem starfa innan skapandi greina í þéttbýlum útjöðrum Melbourne og Brisbane og lögð var áhersla á reynslu skapandi starfsmanna í sem fjölbreyttustu greinum. Velt var fyrir sér svæðisbundnu tengslaneti vinnuaflans sem og samböndum út fyrir íbúasvæðin og hvort eða hvers vegna staðsetning örvaði skapandi greinar.

Það kom fram að einhverjir viðmælendur voru svokallaðir „efnahagslegir flóttamenn“ (*e. economic refugees*) frá miðborginni. Þeir höfðu flúið ört hækkandi leigu- og fasteignaverð í miðborginni yfir í viðráðanlegra umhverfi í ytri úthverfin. Það er í samræmi við það sem Lorenzen og Andersen (2011) benda á, að í Danmörku laðist skapandi starfsmenn að minni samfélögum, þar sem er lægra og viðráðanlegra húsnæðisverð. Á Íslandi er langtum dýrasta húsnæðisverðið á höfuðborgarsvæðinu, en

meðalverð fyrir fjölbýli á Akranesi var tæplega helmingi lægra en í Reykjavík árið 2014 (*sjá kafla 5.6 Húsnæðismál*). Í Ástralíu horfðu sumir til þess að geta stækkað við sig, farið úr fjölbýli í miðborginni í einbýli í úthverfinu. Viðráðanleg útgjöld var áberandi þema meðal flestra og margir komust í aðstöðu til að eignast bæði heimili og vinnuaðstöðu. Sumir lýstu sínum eigin fordómum eða togstreitu gagnvart úthverfunum. Þeir óttuðust að skipta um menningarumhverfi, að sakna afþreyingamöguleikanna í miðborginni en sögðu þann ótta að mestu hafa verið óþarfan. Allt við flutninginn yfir í úthverfin hefði að mestu leyti verið hægt að setta sig við og jafnvel komið á óvart.

Fram kom að í viðtölunum að viðráðanlegra efnahagsumhverfi, lægri fastakostnaður og almennir útgjaldaliðir hefðu margvísleg jákvæð áhrif og gátu ýtt undir skapandi greinar. Það gerði meðal annars það að verkum að sumum nægði að vera í hlutavinnu til að ná endum saman, sem gaf þeim aukinn tíma til að sinna sínum eigin verkefnum, sem voru ekki komin á framleiðslustig eða farin að skila hagnaði. Lægri fastakostnaður gat einnig skilað sér til viðskiptavina og fyrir vikið í traustum viðskiptavinahóp.

Það getur verið sérstaklega hagstætt fyrir aðila sem þurfa mjög stór svæði eða mikið rými undir framleiðslu eða vinnuaðstöðu að færa sig á ódýrari svæði. Það hafði reynt mörgum viðmælendum vel að færa sig í úthverfin og stækka við sig með þessum hætti, þar sem ört hækkandi leiguverð í miðborginni hefði verið of stór biti. Þeim hefði til að mynda boðist mun hagstæðari langtímaleiga í stórum gömlum iðnaðarbyggingum í úthverfunum og með þessum hætti héldu þau kostnaði stöðugum og í leiðinni sér sjálfum samkeppnishæfum. Slíkar aðstæður væru ekki í boði í miðborginni. Auk þess bentu þau á að viðskiptahópurinn hefði stækkað, þau hefðu bætt við sig viðskiptavinum á nýjum stað og á sama tíma haldið viðskiptavinum úr miðborginni.

Rýnihóparnir vildu meina að stór þáttur þess að mögulegt væri að vera staðsettur utan helstu viðskiptamiðstöðva í miðborgum væru nútímataækni, tækniframfarir í samskiptamöguleikum, rafrænni og miðlægri gagnavörslu og samgöngum. Sumir reiddu sig á að geta komist til miðborgarinnar innan ákveðins tíma, til að sinna viðskiptum. Sumstaðar þýddi það að fólk þurfti að reiða sig á einkabílinn, sem vakti spurningar um almenningssamgöngur.

Fram kom að afköstin væru meiri í vinnunni hjá einhverjum viðmælendum og upplifðu þeir að það gæti til dæmis verið vegna þess að þeir hefðu meira pláss, sem

fullnægði þörfum þeirra eða mögulega hafði orðstír þeirra einfaldlega aukist sem setti á þá meiri pressu. Tímasparnaður var áberandi kostur við að búa og starfa í úthverfunum. Gott framboð af fjölnota húsnæði, eins og íbúðarhúsnæði með kjöllum sem gátu nýst sem vinnuaðstaða, auðveldara aðgengi að efni og aðstoð frá iðnaðarmönnum, smiðum, rafvirkjum og svo framvegis, auk velvilja og hjálpssemi fólksins á svæðinu, sparaði mikinn tíma og gat leitt af sér aukin afköst og hagnað.

Lægri almenn útgjöld og gott aðgengi að efni gerir skapandi vinnuafli ekki ónæmt fyrir áhrifum efnahagslegrar niðursveiflu. Margt fólk innan stéttarinnar finnur fyrir samdrætti, en er ágætlega í stakk búið til að aðlagast aðstæðum sökum þess að þau eru einyrkjar eða litlar einingar með sjálfbæran rekstur og þau sjá marga möguleika, gera nýja hluti, eru fjölhæf og skapandi. Kirkpatrick (2009), Priestman (2009) og De Propriis (2013) hafa bent á að smæð og sjálfbærni fyrirtækja innan skapandi greina í Bretlandi, geri þeim betur kleift að takast á við efnahagssveiflur.

7.2 Niðurstöður

Menning vegur ekki þungt þegar kemur að „alvarlegum“ stefnum í efnahagsmálum í nútíma þjóðfélagi. Hið viðtekna viðhorf að efnahagssamdráttur muni á öllum tímum koma illa niður á lista- og menningagreinum, annars vegar vegna þess að þær séu háðar öðrum þáttum í hagkerfinu og hins vegar vegna þess að um óþarfa neyslu sé að ræða innan skapandi greina sem muni alltaf vera háð sveiflum í útgjöldum neytenda, stenst ekki alveg. Það gerir það til dæmis hvorki í Ástralíu né á Íslandi (Felton o.fl., 2010; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). Felton og félagar (2010) benda jafnframt á að þessi viðhorf styrkist enn frekar í umræðunni um menningu í úthverfum. Þrátt fyrir margra áratuga umræðu um post-industriálsma og greinileg merki verulegrar úthverfavæðingar atvinnu, þá séu úthverfi ennþá aðallega séð sem neyslusvæði. Eftir hina alþjóðlegu efnahagskreppu árið 2008 hafa þessir fordómar verið endurlífgaðir, með útbreiddum spám um, að á meðan „alvöru“ hagkerfið dragist saman muni bæði skapandi iðnaður og úthverfi verða sérstaklega illa úti (Martin, 2009).

Þvert á móti voru skapandi greinar í úthverfum Brisbane og Melbourne tiltölulega seigar á tímum efnahagslegrar niðursveiflu. Skapandi greinar í úthverfum hafa marga möguleika fram yfir aðrar greinar, jafnvel sambærilegar greinar í miðborgum, til að aðlagast efnahagsbreytingum og sýna til að mynda góðan efnahagslegan sveigjanleika. Það sýnir sig að sveigjanleikinn er skapandi vinnuafli

utan miðborga og viðskiptamiðstöðva mikilvægur, þar sem að það er lægri fastakostnaður og/eða almennir útgjaldaliðir, eins og húsaleiga, afborganir og fleira.

Menningastarfsemi í úthverfum er örugg og alvöru atvinnustarfsemi, sem ætti að vera tekið af meiri alvöru, og það ber að líta á úthverfin sem framleiðsluvæði, ekki aðeins neyslusamfélag. Skapandi iðnaður finnst ekki bara í kjarna miðborga og það er kominn tími á að beina sjónum sínum að hlutverki menningar og staðsetningu skapandi efnahags í úthverfum (Felton o.fl., 2010).

7.3 Niðurlag

Leitast var við að draga fram innihald og þýðingu ástralskrar tilviksrannsóknar til að varpa frekara ljósi á áhrif landfræðilegrar staðsetningar Akraness og samband sveitarfélagsins við Reykjavík þegar kemur að skapandi starfsemi. Þessi tilviksrannsókn Felton og fleiri (2010) miðar að því að skoða samband efnahags, skapandi greina og staðsetningar þéttbýla í útjöðrum Brisbane og Melbourne, tveggja stórborga Ástralíu. Þéttbýlin í útjöðrum áströlsku borganna eru í sambærilegri fjarlægð frá miðborgunum og Akranes er frá miðborg Reykjavíkur. Niðurstaða rannsóknarinnar eru meðal annars þær að skapandi greinar í útjöðrum borga eru sjálfbærar og hafa marga möguleika til að aðlagast efnahagsbreytingum. Sú sjálfbærni er skapandi vinnuafli utan miðborga og viðskiptamiðstöðva mikilvæg, þar sem kostur gefst á viðráðanlegri útgjaldaliðum en í borgunum, eins og húsaleigu eða húsnaðisafborgunum og fleiru. Úthverfi eru ekki bara neyslusvæði heldur arðbær framleiðsluvæði innan skapandi greina þar sem menningarstarfsemi er örugg og raunveruleg atvinnustarfsemi.

8. Rýnihópar

Til að svara rannsóknarspurningum var litið til eigindlegra rannsóknaraðferða í bland við aðrar aðferðir. Farin var sú leið að setja saman rýnihópa (*e. focus groups*) skipaða breiðum hóp viðmælenda úr skapandi starfsgreinum. Markmiðið með rýnihópunum var að afla gagna til að nálgast fyrirliggjandi rannsóknarspurningar. Þátttakendur voru ekki spurðir lokaðra spurninga heldur var haldið við þema verkefnisins og leitast við að ná fram virkum samræðum og fá fjölbreytt sjónarhorn. Þannig var reynt að fá viðhorf breiðs hóps innan skapandi starfsstétta við stöðu og framtíðarmöguleikum Akraness þegar kemur að skapandi starfsemi á svæðinu.

Notast var við þemagreiningu á gögnunum, sem tók mið af fyrirbyggjandi rannsóknarspurningum. Greiningin er sett fram fyrir hvert þema í eftirfarandi köflum og eftir atvikum tengd við fræðilega umfjöllun. Þau þemu sem voru mest áberandi voru sjálfsprottin eða komu fram að frumkvæði viðmælenda, en í ljósi viðfangsefnis eru sum þeirra kannski nokkuð fyrirsjáanleg. *Sementsverksmiðjan* er mjög áberandi þema, en Sementsreiturinn vekur athygli og spennu og hægt er að sjá fjölbreytt og mikið notagildi í svæðinu. *Að skapa aðstæður fyrir fólk* er annað áberandi þema sem skarast að miklu leyti við umræðuna um sementsverksmiðjuna. „*Skagíska*“ og *Viðhorf* eru þemu sem koma kannski mest inn á huglæga þætti, lýsa „skagískum“ veruleika eins og hann birtist viðmælendum mínum og viðhorfum til Akraness og skapandi greina, sérstaklega list- og menningargreina. Önnur þemu eru *Samgöngur*, *Aðdráttarafl* og *Ásýnd bæjarins* sem þykja gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að hlúa og laða að skapandi vinnuafli og auka vaxtarmöguleika Akraness. Þrátt fyrir gagnrýni voru viðmælendur að mörgu leyti sammála um að það væri gott að búa á Akranesi, bærinn hefði upp á margt að bjóða og gæti hæglega verið samkeppnishæfur á tímum sköpunar.

Nokkur munur var á viðmælendum eftir því hvaðan þeir komu. Helsti munurinn á þeim sem bjuggu á Akranesi og þeim sem komu annars staðar að var að heimafólkið var varfærnara í nálgun sinni, hafði hófsamari hugmyndir og stundum hamlandi sýn sem byggði á neikvæðri reynslu eða vonbrigðum. Á meðan að þeir sem voru ekki búsettir á Akranesi voru frjálsgri og ótakmarkaðri í nálgun sinni.

8.1 Samgöngur

Viðmælendum var umhugað um allar samgönguúrbætur til og frá höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þeim sem bjuggu á Akranesi. Þeir söknuðu Akraborgarinnar og töldu tilkomu Hvalfjarðarganganna byltingu, bæði til hins betra og verra. Þeir horfðu mikið til áætlaðrar Sundabrautar og voru mjög spenntir fyrir hugmyndum um ferju eða hraðskreiðan bát á milli miðborgar Reykjavíkur og Akraness, en það er einmitt í skoðun eins og er (Reykjavíkurborg, 2015).

„Mér finnst það stækka Reykjavík og tengja, það finnst mér svo spennandi.“

Skapandi vinnuafli metur góðar samgöngur mikils og það að geta nýtt sér almennings­samgöngur (Felton o.fl., 2010; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). Fram kom að það fælust mikil sóknarfæri í því fyrir Akranes að tengjast miðborg Reykjavíkur með þessum hætti. Ávinningur Reykvíkinga væri meðal annars að geta skroppið úr miðbænum í hjólatúr upp á Akranes, enda er flatlendið á Skaganum afar hentugt til hjólréiða en hjólaaðstæðum er að vísu virkilega ábótavant. Það þyrfti að bæta verulega aðgengi fólks á hjólum og hugsa það heil­drænt með upplifunartengda áfangastaði að leiðarljósi.

8.2 Ásýnd bæjarins

Heitar umræður sköpuðust um ásýnd bæjarins og það var almennt áberandi sjónarmið að ásýnd umhverfisins skipti miklu máli, sem samræmist niðurstöðum Annet Jantien Smit (2011) sem benti á að sérstaða svæða og sjónræn gæði þeirra ykju afköst og framleiðni skapandi vinnuaf­ls. Einn viðmælandi hafði á orði að skipulagsmál á Akranesi væru „*jarðsprengjusvæði*“ og annar sagði að það hefði einhvern veginn bara risið upp „*alls konar eitthvað ógeð*“ en aldrei verið hugað að útliti. Afkáralegar byggingar sem eru ekki í hlutfalli við umhverfið eins og íþróttahallir og verslunarmiðstöðvar, eða umfangsmiklir hlutir sem eru á forsendum ferðaþjónustu eins og þemagarðar, eru fráhrindandi fyrir skapandi starfsstéttir. Opið samfélag sem er í góðum tengslum við umhverfið, með fjölbreyttum upplifunarmöguleikum, líkt og almenningsgördum, leikvöllum, hjólastígum og bókasöfnum er meira aðlaðandi fyrir skapandi einstaklinga (Florida, 2002). Þegar kom að illa heppnuðu skipulagi var af mörgu að taka en svokallaður nýi miðbæjarreitur við Stillholt var mest í umræðunni, en þar fannst fólki hafa tekist sérstaklega illa upp. Reiðin beindist gegn þeim sem höfðu farið með pólitískt vald á síðustu árum og jafnvel áratugum.

„...ég er búin að skrifa þetta allt á að það hafi bara verið of margir miðaldra karlmenn að ráða öllu of lengi“

Einnig komu upp sterkar skoðanir á þeim „einkennandi hugsunarhætti“ á Akranesi að hús væru ónýtt ef þau væru orðin gömul. Það vantaði sárlega að huga að viðhaldi á gömlum húsum og algjört hugmyndaleysi ríkti við nýtingu á þeim. Það ætti frekar að huga að endurbótum og endurnýtingu fremur en að rífa og byggja nýtt.

Viðmælendur nefndu nýuppgeitt Akratorgið sem sérstakt ánægjuefni, þar voru allir sammála um að þar hefði tekist áberandi vel upp með að bæta ásýnd og virðingu bæjarins. Þar voru fagaðilar sem komu að hönnun umhverfis sem hefur menningarlega mótandi áhrif á hverjum degi og á hverjum tíma á íbúa samfélagsins. Einnig nefndi fólk til sögunnar fyrirtæki í bænum sem væru eftirtektarverð og til fyrirmyndar í umhirðu á sínum svæðum.

Fólk nefndi kaupstaði eins og Seyðisfjörð, Stykkishólm og Húsavík sem dæmi um fallega bæi með gömlum húsum og staðaranda en það var ekki að heyra á fólki að það teldi Akranes til slíkra kaupstaða. Haft var á orði að á þessum stöðum væri einmitt eins og að það væri mikið af skapandi fólki. Lorenzen og Andersen (2011) benda á að litlir bæir með ákveðin staðargæði, eins og náttúrufegurð og upprunaleika, til dæmis í byggingargerð, hafi aðdráttarafl fyrir skapandi starfsstéttir. Í rannsókn Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur og Júlíu Björnsdóttur (2014) kemur sömuleiðis fram að ásýnd umhverfisins hafi heilmikið að segja fyrir skapandi starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu, en það kann að meta upprunalegt umhverfi í anda „*borpsins*“ líkt og er í miðbæ og vesturbæ Reykjavíkur og útsýni yfir hafið.

8.3 „Skagíska“

„Skagíska“ er ekki hugtak yfir orðfæri eða tungutak afmarkaðs hóps. „Skagíska syndrome-ið“, „skagíski draumurinn“ eða bara „skagíska“ eru hugtök sem ég heyrði oft fleygt og velti fyrir mér á meðan vinnu minni stóð. Þetta eru hugtök sem eiga að lýsa ákveðnum veruleika á Akranesi, eins og hann birtist fólki sem viðhefur þau, hugsunarhætti og viðhorfi þeirra sem kenna sig við Skagann. „Skagíska“ þemað fjallar því um veruleika Akraness eins og hann kom viðmælendum mínum fyrir sjónir.

Það kom fram á meðal viðmælenda sem búa á Akranesi að stór kostur þess að búa á Akranesi væri ódýrt íbúðarhúsnæði, miðað við Reykjavík eða höfuðborgarsvæðið. Íbúðarhúsnæðisverð á Akranesi er með því lægsta sem gerist á stórhöfuðborgarsvæðinu (*sjá kafla 5.6 Húsnæðismál*). Það hefur sýnt sig í rannsóknnum á skapandi starfsemi að lægra húsnæðisverð spilar lykilhlutverk fyrir fólk innan skapandi greina, að komast til dæmis í aðstöðu þar sem þau geta eignast sitt eigið húsnæði (Felton o.fl., 2010). Sumir vildu meina að lágt húsnæðisverð hefði verið eina ástæða þess að þau hefðu flutt til Akraness en flestir vildu meina að það hefði hjálpað og engum fannst það spilla fyrir.

„Húsnæðisverð. Ég sá að ég gat keypt þessa fermetra hér, en ég gat það ekki í Reykjavík. ...mig vantaði bara pláss og það fékk ég þarna...“

Einnig kom fram á meðal viðmælenda sem búa á Akranesi að stór kostur þess að búa á Akranesi væri litla fjölskylduvæna samfélagið. Tengingar við svæðið höfðu mikið að segja, fjölskylda og vinir. Öryggið væri mikið, sérstaklega þegar fólk væri farið að stofna til fjölskyldu. Einnig komu fram að tengsl væru kostur þegar kom að verkefnum og vinnu, að fólk þekkir hvort annað.

„...ég græði á því að, að hérna þekkja svona marga og það eru margir sem að náttúrulega kannski þikka eitthvað í mig með einhverskonar verkefni, það er rosa gott.“

Aftur á móti kom fram vandamál þessu tengdu sem viðmælendur sögðust finna fyrir við að aðlagast samfélaginu.

„Ég kem í heita pottinn í lauginni og reyni að taka þátt í samræðum en þá eru það fermingarsystkini sem eru að tala saman og, maður er, maður er alltaf einhvern veginn, hérna já, mér finnst það taka svolítið langan tíma. En, það tekur tíma alls staðar, það er ekki bara hér.“

Fram kom að tilfinning þeirra sem höfðu litla eða enga tengingu við bæinn væri að samfélagið á Akranesi væri lokað, svona eins og það héldi sig bara innan eigin marka og væri ekkert að sækja út fyrir þau. Sambærilegir þættir komu fram hjá öðrum, eins og að Skagamenn væru svolítið mikið fyrir Skagamenn og fleiri minntust á sambærilega þætti eins og sterk fjölskyldutengsl og „Akranesklíku“. Sumir héldu að Akurnesingar tengdu kannski frekar við höfuðborgarsvæðið en Vesturland og liti á sig sem úthverfi frá Reykjavík. Í því samhengi var bent á mikilvægi sjónrænu tengingarinnar, að það sæist til Reykjavíkur frá Akranesi. Lítið samfélag getur auðveldað þeim sem starfa innan skapandi greina að koma sér á framfæri, boðleiðirnar

eru styttri og það er minni samkeppni. Smæðin getur líka valdið fábreytni og skorti á sérhæfingu sem kemur niður á fagmennsku innan atvinnugreina. Mikil tengsl atvinnugreina, eða fyrirtækja innan þeirra, getur orsakað að sveiflur í efnahagslífinu hafi meiri áhrif á markaðinn (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014).

Heimamenn bentu á að Akranes hefi verið byggt upp í kring um iðnað og sjávarútveg – „*kannski fyrsti iðnaðarbærinn á Íslandi*“ – sem útskýrði að einhverju leyti áherslur og samsetningu samfélagsins. Akranes væri fábreytt atvinnusvæði sem skilaði sér í fábreyttu mannlífi og menningu. Markaðssvæði höfuðborgarinnar væri þó í seilingarfjarlægð sem gæfi aukna möguleika og það gæti gefið fólki innan skapandi greina ákveðna sérstöðu á vinnumarkaði í Reykjavík að vera utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem það hefði aðra sýn á sum verkefni.

Fram kom að á margan hátt væri þægilegra að vera annars staðar en á Akranesi og að helsti ókosturinn við það að vera á Akranesi væri hvað það væri langt að fara til vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Á Akranesi væri fátt annað að hafa atvinnulega séð en það sem þau byggju sér til sjálf.

„...ég var bara alveg ákveðin í því að ég ætlaði sko ekki að búa á Skaganum. Vissi það náttúrulega að það var engin stór stofa, það var náttúrulega draumurinn að komast á stærstu stofuna í Reykjavík, þess vegna einhvers staðar úti. En svo varð ég bara svo fljótlega ólétt og þá breytist allt.“

Viðmælendur voru mis-háðir samöngum á milli Akraness og Reykjavíkur og sumum fannst ekkert tiltökumál að keyra til Reykjavíkur og staðsetning ekki eins mikilvæg í tæknivæddum nútíma heimi þar sem hægt væri að starfa hvar sem er. En það fór mikið eftir fjölskylduhögum, aldri og eðli starfa þeirra.

„...ég meira að segja prófaði að reka þetta fyrirtæki mitt utan úr heimi, bara með tölvu og farsíma þá, það er allt hægt.“

Fyrir marga er nútímataækni, tækniframfarir í samskiptamöguleikum, rafrænni og miðlægri gagnavörslu og samgöngum stór þáttur þess að það sé mögulegt að vera staðsettur utan helstu viðskiptamiðstöðva í miðborgum (Felton o.fl., 2010).

Góður árangur í fótbolta og fegurðarsamkeppnum virtist helst skapa orðstír Akraness út á við. Tilfinningar til fótboltans voru blendnar og margir lýstu vanþóknun sinni á áherslunni sem hefði verið sett á hann og uppbyggingu mannvirkja honum tengdum, og einn hafði á orði að fall fótboltans hefði verið það besta sem gat komið fyrir Skagann. Annars tengdu sumir við Akranes sem miðstöð fyrir Vesturland, með þjónustustofnanir fyrir landfjórðunginn á borð við sjúkrahús og fjölbrautaskóla.

Það var nokkuð stór munur á vægi menntamála í umræðunni á milli hópanna. Menntamál voru ekki mikið til umræðu á meðal þeirra sem bjuggu á Akranesi, en áberandi á meðal þeirra sem bjuggu utan Akraness. Þeir sem bjuggu á Akranesi höfðu allir sótt menntun annað og virtust ekki hafa sterkar skoðanir á stöðu menntamála í heimabyggð en það kom fram ánægja með grunnskólana og þeir þekktust það að verknám í fjölbrautaskólanum og svokallaður Stóriðjuskóli Norðuráls í samstarfi við fjölbrautaskólann, væru mikilvægir fyrir iðnaðarstörf.

Líkt og það þarf að fjárfesta í innviðum fyrir iðn- og tæknistörf þarf að fjárfesta í skapandi innviðum. Fjárfesta þarf í hlutum sem framleiða störf fyrir vel menntað og skapandi fólk, eins og framhaldsskólum og háskólum, nýsköpun og hátækniíðnaði, rannsóknar- og þróunarstarfi, listgreinum og menningu (Florida, 2007). Þótt óljóst sé í hverju hún á að felast kom það fram á meðal viðmælenda af Akranesi að þörf væri á að stíga næsta skref með framhaldsmenntun á Akranesi. Þeir virtust þó ekki hafa hugleitt það sérstaklega út frá skapandi starfsemi og fyrir sumum var það fjarlægur möguleiki að hægt væri að starfrækja nám á háskólastigi í bænum. Stokka þarf upp í stöðluðu og hefðbundnu námi og viðteknum venjum þess, fara í gagngerar umbætur á menntakerfinu í heild sinni til að aðlaga það að tímum sköpunar og gefa nemendum færi á og reynslu af að vinna með sköpunargáfur sínar (Florida, 2007). Þeir sem komu utan Akraness sáu mikla möguleika í menntamálum á Akranesi og lögðu ríka áherslu á mikilvægi háskóla fyrir samfélagið. Háskólar eru andlegar og vitsmunalegar þungamiðjur skapandi hagkerfa. Þeir hafi líka góð samfélagsleg áhrif, vekja athygli og opna samfélög út á við (Florida, 2007).

8.4 Viðhorf

„Það er þetta „attitude“, sem maður er orðinn dálítið þreyttur á, sem maður vildi að væri öðruvísi. Af því að maður sér að þetta virkar.“

Fram kom að þegar að öllu væri á botninn hvolfst væri þetta spurning um hugarfar, hvað fólk væri tilbúið að gera. Viðhorf hafa áhrif á samfélagið, samkeppnisstöðu þess og framtíðarmöguleika. Það er oft talað um að skapandi einstaklingar hugsí út fyrir boxið, fari óhefðbundnar leiðir. Það var einnig raunin á meðal viðmælenda minna, en það komu líka fram takmarkanir, að ýmislegt væri erfitt, jafnvel ekki hægt, bæði vegna eigin viðhorfa en líka vegna ríkjandi viðhorfa í samfélaginu eða viðhorfa þeirra sem færu með pólitískt vald eða stjórnunni peningunum.

Viðhorf fólks til Akraness og til skapandi greina og þá sérstaklega þeirra sem tengjast lista- og menningarmálum voru áberandi í umræðunni. Fram komu hamlandi viðhorf eins og að Akranes væri of lítið, lokað klíkusamfélag, bara iðnaðarbær, sjávarútvegur eða fótþolti, óspennandi, of nálægt Reykjavík eða ekki í Reykjavík, útnári, ekki bara landfræðilega heldur samgöngulega og menningarlega séð.

„...maður horfði þarna yfir á Akranes og sá í hvaða átt reykurinn fór. Og, og svo fór maður út á Gróttu til að horfa á þarna sólarlagið og Snæfellsjökul, en... Akranes var þarna bara.“

„...en það sem ég hef uppgötvað helst, er hvað það er ofboðslega langt frá Reykjavík hingað, en ekki frá Akranesi til Reykjavíkur. Að það liggur við að ef fólk kemur í kaffi til mín, að það hafi viðlegubúnað með sér.“

„Akranes gleymist þínu.“

„...við erum náttúrulega út úr, hringveginum.“

Hamlandi viðhorf til skapandi starfsgreina eða stétta og sérstaklega lista- og menningartengdra greina voru að ýmislegt hefði verið reynt og ekki gengið og af því drógu menn ályktanir að það væri ekki hægt, það væri lítill áhugi eða skilningur bæjaryfirvalda og íbúa á þessum málefnum og ekki sýnilegar breytingar í nánd.

„Það er eitthvað sem er með Akranes, að maður einhvern veginn kemur alltaf að lokuðum dyrum og það er svona, æj, þetta virkar hvort eð er ekkert, bara sleppum því að þæla í þessu.“

„Hvaða stefnu vilja menn taka í þessu? Það er núna verið að, í starfsáætlun kaupstaðarins, sem er nýlega búið að birta á heimasíðu bæjarins, þá er meðal annars fjallað um skapandi greinar eða menningargreinar og ég get ekki betur séð en að það sé bara það sem sagt er „status quo“, það á að halda áfram að gera sem minnst, í þessari deild.“

Viðmælendur mínir af Akranesiildu meina að það vantaði ekki og hefði ekki vantað skapandi fólk á Akranesi, en það hefði ósköp lítið verið gert fyrir það og þess vegna hefðu margir séð hag sínum best borgið annars staðar. Sumir tengdu Akranes við eða sögðust upplifa lágmenningarsamfélag. Margir lýstu aðstöðuleysi og neikvæðu hugarfari gagnvart ýmsum lista- og menningargreinum. Einn sagði að það væri eins undarlegt og það mætti virðast, að hugarfar þeirra sem færu með peningana og völdin lýsti sér þannig að byggingar og steypa væru eign á meðan að starfsemi og rekstur væri bara kostnaður. Þannig væri oft ráðist í framkvæmdir fyrir hundruða milljóna, jafnvel án þess að það væri eftirspurn eftir svæðunum eða gert ráð fyrir rekstri og starfsemi í byggingunum.

„...ef að skilyrðin eru ekki jákvæð og uppbyggileg, það er að segja, að það er skilningur í samfélaginu fyrir því sem er verið að gera, að þá gefast þessir frumkvöðlar upp. Þeir halda út í ákveðinn tíma en svo þegar það er ekkert sem að, samfélagið í rauninni umbunar ekki, að

þá er ég að tala um þá sem að ráða peningunum, að þá gefast menn upp og fara eitthvað annað þar sem þeim finnst þeim vera betur borgið.“

Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Júlía Björnsdóttir (2014) lýsa í skýrslu sinni, *Sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu*, rangri áherslu opinberra aðila á steinsteypu og umbúnað og þær gera það að tillögu sinni að áherslan verði fremur lögð á innihald til dæmis með stuðningi við verkefnasjóði í listum og skapandi greinum.

Það kom fram að viðhorfsbreytinga væri þörf, að tímarnir væru breyttir og það þyrfti nýjar áherslur. Taka þyrfti ákvörðun um að styðja við og gera heilðræna stefnu fyrir skapandi greinar á Akranesi. Framtíð skapandi greina á Akranesi velti meðal annars á því hvort að menn séu tilbúnir að heimfæra hugmyndir sem hafa gefist vel í öðrum sveitarfélögum, yfir á Akranes. Einn sagði frá heimsókn sinni í Snæfellsbæ, þar sem hann sat fund með bæjarstjóranum. Bæjarstjórinn sagði að það sem þau þyrftu á svæðið væri bara menning og aftur menning vegna þess að þau hefðu áttað sig á að margir sem störfuðu í Snæfellsbæ, byggju ekki þar. Það sýndi þeim að það væri ekki nóg að bjóða upp á atvinnutækifæri. Þau viðhorf komu einmitt fram hjá viðmælendum mínum að það væri ekki atvinna sem laðaði fólk að. Bent var á að ungt fólk færi og menntaði sig í Reykjavík eða til borga um allan heim jafnvel, þar sem það kynnist því að búa í menningarsamfélagi, í göngufæri við fín kaffihús, bíó og svo framvegis. Félagslegt umhverfi, afþreying og hamingja skipti það miklu máli.

Þannig vildu margir meina að það væri nauðsynlegt að koma Akranesi á kortið. Það þyrfti að vinna með ímynd bæjarins og kynna fyrir fólki í skapandi greinum hvaða tækifæri þeim byðist á Akranesi. Það væri hægt að gera með því að halda viðburði eins og listahátíðir, vera með smiðjur, málstofur og námskeið til að fá fólkið á Skagann, skapa meðvitund, auglýsa og markaðssetja bæinn. Fram kom að maður þyrfti að vera bjartsýnn og jákvæður og það gagnaðist ekkert að vera neikvæður og benda á glötuð tækifæri. Margt horfir til betri vegar, viðhorf fólks eru almennt að breytast, sérstaklega hjá ungu fólki, á þá vegu að skapandi greinar skapa margþætt og raunveruleg verðmæti. Einn benti á að þegar hann flutti heim í gamla þorpið út á landi hefðu heimamenn spurt hvað hann væri að sóa menntun sinni með því að koma heim og það kom fram að oft væri eins og viðhorfið væri að það jafnaðist

á við uppgjöf að búa ekki í Reykjavík, en það væri að breytast og mörg sveitarfélög utan af landi væru að sækja í sig veðrið og setja meiri áherslu á skapandi greinar.

8.5 Að skapa aðstæður fyrir fólk

Mjög mikil áhersla var lögð á mikilvægi þess að fólk í skapandi greinum þyrfti aðstöðu í formi rýmis, en ekki síður félagslegt og fjárhagslegt umhverfi til að starfa í. Það er í takt við það sem Florida (2002) hefur lagt áherslu á, að taka fljótt og vel á móti fólk og auðvelda þeim aðgengi að öllu félagslegu- og efnahagslegu fyrirkomulagi. Það laði að hæfileikaríkt og skapandi fólk sem aftur skapi nýbreytni og hagvöxt.

„Það er eiginlega það sem ég held að þetta mun snúast um er að skapa þær aðstæður þar sem fólk gefst tækifæri til þess að starfa.“

Það var áberandi á meðal viðmælenda að aðstaða og umhverfi skipti miklu máli en þegar öllu væri á botninn hvolfst fælust verðmætin fyrst og fremst í fólkinu og því starfi sem væri unnið. Það væri þegar að fólk kæmi saman sem hlutirnir yrðu til og eitthvað nýtt skapaðist.

„Á endanum snýst þetta allt um fólk, en það er kannski ekki hugsað um það.“

Margir vildu meina að það hefði ekki verið gert nóg á Akranesi í þessum efnum þrátt fyrir aukna áherslu á skapandi greinar víða annars staðar. Sumir nefndu að það þyrfti að ganga lengra og marka skýrari stefnu til að stuðla að uppvexti skapandi greina. Florida (2007) bendir á mikilvægt hlutverk þéttbýlisstaða sem innviðir sköpunar og samkeppni. En til að hagræn og skapandi tækifæri skjóti rótum þurfi að veita félagslegt rými sem og raunhæfa kosti í húsnæðismálum. Hlutverk stjórnsýsluaðila og stefnumótandi aðila hjá sveitarfélögum sé því mikilvægt þegar kemur að því að veita hagrænum og skapandi möguleikum brautargengi. Sem dæmi geti bæir sýnt ákveðið frumkvæði í að veita húsnæði á viðráðanlegu verði, þar sem draumar og nýjar hugmyndir gætu orðið að veruleika, þar sem hægt væri að mynda ný fyrirtæki, búa til nýja tónlist eða nýjar kvikmyndir eða undir starfsemi sem veitir samfélagslega þjónustu eða er ekki í hagnaðarskyni.

Það kom fram hjá viðmælendum að það þyrfti að aðstoða skapandi aðila við að mynda tengsl innbyrðis á Akranesi og koma sér á framfæri. Rætt var um möguleika þess að setja á laggirnar frumkvöðlasetur eða einhvers konar miðstöð skapandi greina. Einnig kom upp hugmynd um eins konar umboðsmann skapandi greina eða markaðsfulltrúa sem gæti tekið á móti fólki og aðstoðað það við að koma sínum verkefnum í réttan farveg.

„...ég er búinn að bíða eftir plássi hjá bænum í fjögur og hálf ár.“

Eitt vandamálið sem fólk benti á í umræðunni um aðstöðu var seinangangur í kerfinu. Stundum vildu hlutirnir dragast, sérstaklega þegar kæmi að skipulagsbreytingum og mörg dæmi væru um fólk í patt-stöðu árum saman vegna þess að fyrirætlanir þeirra strönduðu eða töfðust í kerfinu í ófyrirséðan tíma. Það hlýtur að vera áhyggjuefni að seinangangur í skipulagsvinnu geti komið í veg fyrir uppgang vaxtasprota í samfélaginu. Slíkt á að vera hægt að fyrirbyggja með faglegri og réttri vinnu í skipulagi sem skilar í ofanálág sterkri stefnu og góðu skipulagi.

8.6 Aðdráttarafi

Það sköpuðust miklar umræður um vöntun á aðdráttarafi, eða erindi á Akranes. Fólki fannst bærinn ekki nógu spennandi, vera út úr og gleymast svolítið, enda er bærinn ekki staðsettur við hringveginn.

„...að fá hluta af Listasafni Íslands hér á Akranes og bát á milli, þá myndi ég bara segja að þá væri bara að byrja eitthvað ofboðslega flott.“

Það komu fram margar hugmyndir sem gætu skapað aðdráttarafi fyrir bæinn og laðað að bæði skapandi atvinnugreinar og ferðamenn (*hugmyndir að aðdráttarafi birtast víða í 8. kafla*). Viðmælendur bentu á að þeim fyndist svæði sem skapandi starfsstéttir löðuðust að og svæði sem löðuðu að ferðamenn haldast í hendur. Markusen og Gadwa (2010) benda einmitt á að skapandi greinar búi til upplifun sem veiti innihald fyrir ferðabjónustu. Á sama tíma og þeir viðmælendur sem komu utan af landi töluðu um mikilvægi ferðamannsins til að koma svæðum á kortið og skapa líf, voru margir sem

bentu á þolmörk skapandi starfsemi gagnvart ferðamönnum, sem þeim fannst miðbær Reykjavíkur vera kominn óþægilega nálægt. Þeim fannst ákveðin ógn stafa af gullgrafaraæði í ferðamannaiðnaði, sem kæmi niður á gæðunum og að margir væru að einblína um of á gistaðstöðu og hefðu uppi ógnvænlegar hugmyndir um hótélbyggingar sem fela meðal annars í sér að kaupa upp gömul hús og stór landsvæði. „Disneylands-fílingur“ á borð við einfaldar hugmyndir um skjótfenginn gróða, eins og allt sem tengist víkingum, ull og lunda taldi fólk líklegt til að mistakast. Nauðsynlegt er að það sem er gert sé sannfærandi og haldi í staðarandann.

„...hvað sem er gert þá þarftu að gera það fyrir íbúana á staðnum, en taka tillit til túristans, hafa það þannig að túristinn sé velkominn en það sé fyrir íbúa staðarins, því að túristinn vill ekki fara þar sem íbúinn fer ekki.“

Þetta er í takt við rannsókn Heru Brár Gunnarsdóttur (2010) á hverju tónlistarhátíðin *Aldrei fór ég suður* skili samfélaginu. Hún telur forsendur þess að hátíðir á borð við *Aldrei fór ég suður* og *Iceland Airwaves* laði að ferðamenn séu að þær haldi uppruna sínum og laði að heimamenn jafnt og ferðamenn.

8.7 Sementsverksmiðjan

Sementsverksmiðjusvæðið var notað sem vettvangur fyrir viðtölin við rýnihópana sem táknrænn staður fyrir uppbyggingu á Akranesi. Svæðið vakti mikla athygli og hrifningu viðmælenda.

Fram kom að miðbær Reykjavíkur væri suðupunktur skapandi geirans á flestum sviðum. Þrátt fyrir það bentu margir á, ekki síst þeir þátttakendur sem bjuggu í Reykjavík, að það væru ýmis teikn á lofti þess efnis að skapandi fólk væri að flytja sig annað og ýmis starfsemi sem tengdist skapandi greinum, eins og nýlegur flutningur Nýlistasafns Íslands upp í Breiðholt væri til vitnis um. Fram kom að miðbær Reykjavíkur væri ekki lengur kjörinn vettvangur fyrir listamenn. Það væri meðal annars vegna leiguverðs og umhverfisins, sem væri orðið kapítalískt eða mengað af gróðasjónarmiðum, sem skapaðist meðal annars af gullgrafaraæði sem ríkti í ferðamannatengdum iðnaði, aðallega í byggingu hótela. Þetta væri þróun sem margir gætu nýtt sér ef þeir hefðu aðstæður líkt og sementsverksmiðjusvæðið til að laða að skapandi starfstéttir.

Fram kom að menn sæju ofsjónum yfir að veita aðstöðu, en það væri mikilvægt að opna dyrnar fyrir fólki og veita húsnæði nýtt hlutverk, ekki síst í sementsverksmiðjunni. Fram kom að listamenn leituðu í svona hrá eða niðurnídd svæði sem hefðu tapað tilgangi sínum og mikilvægt væri að skapa líf á svæðinu og ekki láta það grotna bara niður.

„...hér má bara opna þessar dyr og hleypa fólki til dæmis hérna inn.“

„Og talandi um þetta svæði hér og allar þessar byggingar, að þá erum við bara að tala um rými sem á eftir að gefa nýjan tilgang.“

Á meðan að á rannsókn þessa verkefnis stóð voru ákveðin rými sementsverksmiðjunnar leigð út. Um er að ræða skammtímaleigu til lista- og menningarstarfs, annars vegar til myndlistarfólks og hins vegar er fyrirbyggjandi samningur við Skagaleikflokkinn þar sem húsaleigan reiknast sem styrkur til flokksins (Akraneskaupstaður, á.á.e). Ef aðstaða fyrir skapandi starfsemi er í eigu hins opinbera er minni hættu á að fólk missi hana, en það getur aftur á móti skapað önnur vandamál. Stuðningur einkaaðila við skapandi starfsemi er oft markvissari og blandaður stuðningur hins opinbera og einkaaðila getur veitt fjölbreyttari og betri útkomu. Sökum eðlis starfa innan skapandi greina er oft erfitt að áætla umsvif rekstrar fram í tímann, aðallega vegna þess að starfsemin er oft á tíðum mjög sveiflukennnd. Þess vegna er rík þörf á sveigjanleika sem má veita með aðstöðu sem ólíkir aðilar geta samnýtt, leiðir þá saman og skapar mögulega ný tækifæri. En forsendurnar þurfa að vera eins og væntingar eru til. Húsnæði má ekki fylgja heftandi skilyrði sem gefa lítið svigrúm til sköpunar. Það er mikilvægt að húsnæði uppfylli þarfir og væntingar þeirra sem starfa við skapandi greinar og veiti þeim innblástur, að eiginhagsmunir séu ekki hafðir að leiðarljósi og að uppbygging fái að gerast að sjálfu sér en ekki með utanaðkomandi þrýstingi (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014).

Fjölmörg dæmi voru nefnd um svæði eða hús sem höfðu fengið nýjan tilgang, eins og Bíóhöllin og gamla Landsbankahúsið á Akranesi, Frystiklefinn á Rífi, Landnámssetrið í Borgarnesi og Síldarverksmiðjan á Siglufirði. Listagilið á Akureyri þótti mörgum vera góð fyrirmynd fyrir Sementsreitinn, þar sem áður hafði verið

iðnaðarstarfsemi en nú hefur svæðið fengið nýtt hlutverk með fjölbreyttri menningar- og listastarfsemi. Hugmyndir að starfsemi voru margar, margir vildu sjá miðstöð fyrir skapandi greinar og frumkvöðlasetur. Fram komu hugmyndir að æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir, fundaaðstöðu og alls konar sýningarrýmum, vinnurýmum og „residensíum“ eða vinnubústöðum fyrir listamenn. Það komu hugmyndir um að hafa markað, ræktað svæði, matjurtargarða og jafnvel aldingarð.

Fram kom að þróunin í Reykjavík, hátt húsnæðisverð og breytt umhverfi, og möguleikinn á að fá ferju sem færi á milli sementsverksmiðjussvæðisins á Akranesi og miðbæjar Reykjavíkur á 30-40 mínútum, gætu falið í sér mikil sóknarfæri og komið Akranesi á kortið. Fyrir væru jákvæðir eiginleikar eins og ódýrara húsnæði og aðstæður í hráu og spennandi umhverfi. Þarna væri kominn verulega sterkur grundvöllur til að laða að og bjóða stórum lista- og menningarstofnunum í húsnæðiskröggum aðstöðu á Akranesi, á svæði eins og sementsverksmiðjureitnum.

„Bara, reisa Listaháskólann hérna“

Listasafn Íslands og Listaháskóli Íslands voru mjög áberandi í umræðunni og sérstaklega Listaháskólinn hjá seinni rýnihópnum. Fram kom að þessar stofnanir væru í húsnæðisleit og myndu skapa flóru og opna samfélagið á Akranesi, gera það frjálsslegra, gefa því fjölbreytileika og meira gildi. Stofnanir sem þessar myndu ekki síst veita heilmikið aðdráttarafl, ekki bara á landsvísu heldur heimsvísu. Minnst var á að öll bæjarfélög landsins myndu vilja hafa Listaháskóla Íslands og að líklegast myndi hann sjálfur vilja vera í miðbæ Reykjavíkur. Á móti var bent á að miðbær Reykjavíkur væri mögulega ekki kjörinn vettvangur fyrir listamenn. Á Akranesi geta listnemar verið í ódýrara leiguhúsnæði og í hrárra og meira hvetjandi umhverfi án þess að glata góðum tengslum við miðborgina. Sementssvæðið gæti veitt ódýrara rekstrarumhverfi fyrir stofnanir og sameinað starfsemi sem nú væri dreifð um borgina.

„...þeir sem koma í Listaháskólann eru að koma allsstaðar að af landinu. Af hverju að fara frekar í Reykjavík en næsta bæ við Reykjavík? Ég einhvern veginn, jú ég veit að Reykvíkingarnir yrðu ekkert sérstaklega sáttir með það að þurfa eitthvað að fara út úr Reykjavík, en þá kemur líka á móti að listafólk og

skapandi fólk það vill, það leitar yfirleitt útfyrir, þó að það sé kannski dags daglega í svona miðjunni, að þá leitar það rosalega mikið út fyrir bæjarmörkin.“

Að lokum var sérstök áhersla lögð á mikilvægi þess að huga að tengingum um svæðið. Fyrir utan tengingu við Reykjavík með ferju var mikið lagt upp úr tengingum við útivistarsvæði á Langasandi, Akratorg, gamla miðbæinn og höfnina. Fram komu hugmyndir um skapandi starfsemi á sementssvæðinu í bland við fjölbreytta starfsemi við höfnina með veitingarekstri og hafnarstarfsemi, líkt og víða væri orðið.

8.8 Niðurlag

Með viðtölum við rýnihópa fengust áhugaverð gögn byggð á reynslu og viðhorfum þeirra sem starfa innan skapandi greina. Við greiningu viðtalanna spruttu upp þemu af frumkvæði viðmælenda sem dregin eru saman og sett í fræðilegt samhengi eftir því sem við á. Hægt er að lesa ofangreindan kafla um rýnihópa sem sögu í heild en ekki þykir æskilegt að draga frekar saman greininguna á viðtölunum. Í niðurstöðum við rannsóknarspurningunni *Getur Akranes aukið vaxtarmöguleika sína með því að hlúa að skapandi starfsemi?* (sjá kafla 9.2) má lesa samantekt helstu niðurstaðna viðtalanna.

Fjórði hluti:
Niðurstöður, umræður og ályktanir

9. Niðurstöður

Rannsóknin gefur hugmynd um hvernig minni sveitarfélög geta nálgast samkeppnisvædda þéttbýlisþróun, þar sem keppt er um nýja vaxtasprota samfélagsins. Farið hefur verið yfir þróunina og áherslubreytingarnar í átt að mikilvægi skapandi starfa og út á hvað þær hugmyndir ganga. Leitast hefur verið við að skoða stöðu og vaxtarmöguleika Akraness út frá hugmyndum um þéttbýlisendurnýjun og efnahagsþróun sem markast af auknu vægi þekkingar, hugvits og menningar í samfélaginu. Hugmyndir og aðferðir um hina skapandi stétt og hvernig þær hafa þróast og aðlagast samfélögum í Norður-Evrópu voru kannaðar sérstaklega og athygli vakin á stöðu hæfileika, tækni og umburðarlyndis á Akranesi. Kannað var hvernig mætti hlúa að skapandi starfsemi á Akranesi og athygli vakin á hugmyndum að endurbótum fyrir gamalt iðnaðarsvæði.

9.1 Er hægt að heimfæra kenningar og aðferðir um hina skapandi stétt yfir á íslensk sveitarfélög?

Rannsóknin leitast við að aðlaga kenningar og hugmyndir um hina skapandi stétt í stærra fræðilegu samhengi að Akranesi. Skapandi vinnuafli er tvímælalaust til staðar á Akranesi og samsvörun er með hugmyndum og kenningum um hina skapandi stétt og þeim sem starfa innan skapandi greina á Akranesi.

Það er hægt að heimfæra aðferðir sem miða að því að kvarða sköpunarauð eða hreyfiafl efnahagslegrar þróunar yfir á íslensk sveitarfélög. Það er þó ekki hægt að framkvæma rannsókn sem byggir á aðferðinni með góðum hætti sökum gagnaskorts.

Sökum gagnaskorts fengust engin tölfræðileg gögn um hæfileika mannauðsins á Akranesi, engar marktækar upplýsingar um menntunarstig íbúa eða hlutfall hinnar skapandi stéttar og fjölda vísindamanna í sveitarfélaginu.

Aðgengilegar voru 21 einkaleyfaumsókn frá Akranesi hjá Alþjóðahugverkastofnuninni frá árinu 1999. Af þeim voru 17 innan matvælaiðnaðar og þar af 16 frá sama fyrirtækinu á Akranesi. Það verður að teljast öflugt að geta státað af einni einkaleyfaumsókn á hverja 320 íbúa hjá Alþjóðahugverkastofnuninni frá árinu 1999. Fjöldi einkaleyfaumsókna frá Akranesi bendir til þess að staða tækni og nýsköpunar sé mjög góð á Akranesi. Sökum gagnaskorts fengust engin tölfræðigögn um hlutfall starfsmanna innan hátækniíðnaðar.

Umburðarlyndi er sömuleiðis óráðin breyta. Hlutfall innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð á Akranesi er í ágætis samræmi við stærð sveitarfélagsins en þó undir landsmeðaltali. Fjölbreytni þjóðarbrotá er lítið, 87% innflytjenda eru frá Evrópu og 70% frá Póllandi. Hlutfall minnihlutahópa eins og hinsegin fólks eða þeirra sem lifa óhefðbundnum lífsstíl er óráðið. Vísbendingar eru um að fordómar í garð útlendinga, ekki síst hælisleitenda og flóttamanna, séu vaxandi á Akranesi sem og á landsvísu og að hlutfall listamanna eða þeirra sem lifa óhefðbundnum lífsstíl sé lágt.

9.2 Getur Akranes aukið vaxtarmöguleika sína með því að hlúa að skapandi starfsemi?

Hlutverk sköpunar fer vaxandi í ört stækkandi atvinnuvegi. Skapandi starfsemi getur gegnt stóru og margþættu hlutverki í þéttbýlisendurnýjun og skilað Akranesi hagrænum og samfélagslegum ávinningi. Akranes hefur kosti og galla þegar kemur að því að hlúa að skapandi starfsemi á svæðinu. Á meðal þess helsta sem styður við skapandi starfsemi og í leiðinni vaxtarmöguleika Akraness er nálægðin við Reykjavík og gott framboð af fjölbreyttu húsnæði á lægra verði en á höfuðborgarsvæðinu, sem getur meðal annars skilað sér í lægri föstum útgjöldum. Á Akranesi á sér stað mikil nýsköpun, sérstaklega innan öflugra fyrirtækja á vissum sviðum tækni og þekkingariðnaðar. Akranes er fjölskylduvænt bæjarfélag þar sem er gott að ala upp börn, með öflugar grunnmenntastofnanir, sterkt íþróttastarf og vinsæl útivistarsvæði. Á Akranesi fyrirfinnst fjölbreytt náttúra með tilheyrandi fjölbreytileika í lífríki og upplifun, byggðarmunstur og þéttleiki þorpsins er til staðar sem og upprunaleikinn og andi staðarins, þó það megi skerpa á honum.

Hugarfarsbreytingar þarf við ef stefnan er að auka vaxtarmöguleika Akraness með því að hlúa að skapandi starfsemi. Setja þarf áhersluna á fólk og starfsemi fremur en steinsteypu og byggingar. Það þarf að skapa félagslegar og efnahagslegar aðstæður fyrir fólk til að starfa í og byggja upp innviði sem styðja við skapandi starfsemi, líkt og áður hafa verið byggðir upp innviðir fyrir iðnað og sjávarútveg. Það þarf að búa til störf fyrir vel menntað og skapandi fólk, stíga næsta skref í framhaldsmenntun til að framleiða sköpunarauð í heimabyggð. Það þarf að setja fram heildræna stefnu til að styðja við skapandi greinar, skapa meðvitund um og kynna eða vekja athygli á skapandi starfsemi á Akranesi. Aðstoða þarf skapandi aðila við að mynda innbyrðis

tengsl og koma sér á framfæri og koma á laggirnar frumkvöðlasetri eða einhvers konar miðstöð skapandi greina.

Stuttar boðleiðir skipta miklu máli fyrir aðila innan skapandi greina og að komast leiðar sinnar innan ákveðins tíma. Með höfuðborgarsvæðið í seilingarfjarlægð, stærsta hagvaxtarsvæði landsins og suðupott skapandi greina eru allar samgöngubætur til og frá höfuðborginni til góðs. Í ofanálæg vilja skapandi starfsstéttir eiga kost á fjölbreyttum samgöngumátum og ekki vera háð einkabílum.

Veita þarf bænum eitthvað aðdráttarafl fyrir fjölbreytta flóru mannlífs og atvinnustarfsemi á sviðum skapandi greina og innan þekkingariðnaðar. Auka þarf vægi Akraness þegar kemur að menningar- og listagreinum og kynna möguleika svæðisins á þeim sviðum. Auknir möguleikar til framhaldsmenntunar í skapandi fögum á svæðinu voru taldir geta gefið samfélaginu mikið aðdráttarafl. Viðmælendur voruðu við uppbyggingu sem miðaði að því að laða að ferðamenn, aðdráttarafl staðarins þarf að byggjast á sérstöðu og samfélagsgerð staðarins.

Hlúa má betur að ásýnd bæjarins, en fagurfræðilegir og sjónrænir þættir eru skapandi vinnuafli mikilvægir. Það þarf að huga að upprunaleika og sérstöðu bæjarins, varðveita og virða gömul hús, framkvæmdir þurfa að vera í mannlegum mælikvarða og í tengslum við umhverfið og ekki láta hagnýtar lausnir koma niður á ásýnd bæjarins.

9.3 Hvernig má endurbæta stórt iðnaðarsvæði með áherslu á skapandi starfsemi?

Ef ráðast á í endurbætur á sementsverksmiðjussvæðinu, sem lið í þéttbýlisendurnýjun með áherslu á skapandi starfsemi til að auka vaxtarmöguleika Akraness, þá á að nýta svæðið og mannvirki þess til að veita skapandi vinnuafli aðstöðu. Það á að opna dyrnar fyrir fólki sem vill skapa og gefa rýmum nýjan tilgang og gæða svæðið lífi. Taka má til fyrirmyndar ýmis svæði og byggingar á landinu sem hafa fengið nýjan tilgang, líkt og Frystiklefinn á Rífi, Síldarverksmiðjan á Siglufirði og Listagilið á Akureyri, þar sem áður var iðnaðarstarfsemi en nú hafa svæðin og byggingarnar fengið nýtt hlutverk með fjölbreyttri menningar- og listastarfsemi.

Nýta má kosti þess að geta veitt pláss og húsnæði á góðum stað í útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Hægt er að bjóða upp á mikið af húsnæði á hagstæðara verði en á höfuðborgarsvæðinu í hvetjandi umhverfi sem gæti veitt skapandi einstaklingum

aukið frelsi, meiri tíma og nýjan innblástur. Á sementssvæðinu gæti verið fjölbreytt og skapandi atvinnusvæði sem gegndi veigamiklu hlutverki í hagrænum og samfélagslegum vexti sveitarfélagsins. Það myndi til dæmis veita ný og fjölbreytt störf á tiltölulega einsleitu atvinnusvæði, skapa lifandi athafnarsvæði samofið nærliggjandi svæðum eins og Akratorginu og gamla miðbænum, hafnarsvæðinu og útivistarsvæðinu á Langasandi. Almenningsamgöngur frá sementsbryggjunni til miðbæjar Reykjavíkur myndi tengja sementssvæðið við stærsta hagvaxtar- og menningarsvæði landsins og hafa góð áhrif á uppbyggingu þess fyrir skapandi starfsemi þar sem fólk þyrfti ekki að vera upp á einkabílinn komið.

Til að öðlast og upplifa þann fjölbætta ávinning sem fæst með skapandi starfsemi má rýma alls konar starfsemi á sementssvæðinu, bæði innandyra og utandyra. Til dæmis má nýta þær fjölmörgu hugmyndir sem komu fram á meðal viðmælenda minna. Á sementssvæðinu er hægt að veita lista- og menningarstofnunum í húsnæðiskröggum aðstöðu líkt og Listaháskóla Íslands og Listasafni Íslands. Það má stofnsetja og reka þar frumkvöðlasetur og miðstöð fyrir skapandi greinar með fundaaðstöðu og alls konar sýningarrýmum og vinnurýmum. Auk þess geta þar verið vinnubústaðir fyrir listamenn og ræktuð svæði, til dæmis matjurtargarða og aldingarða svo eitthvað sé nefnt.

10. Umræður

10.1 Florida og hin skapandi stétt

Á Íslandi hafa hagræn áhrif skapandi greina verið kortlögð út frá vinnuafllsgreiningu sem sýna fram á þróun sem myndar grundvallarþemað, að hlutverk sköpunar fari vaxandi í nútíma samfélagi hér á landi (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011). Kenningar og aðferðir Florida sem ganga út á vinnuafllsgreiningu hafa verið heimfærðar og aðlagðar að norrænum velferðarsamfélögum (Andersen, Bugge, Hansen, Isaksen & Raunio, 2010; Andersen & Lorenzen, 2009; Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Lorenzen & Andersen, 2009; Lorenzen & Andersen, 2011; Tinagli, 2014) en minni áhersla hefur verið á þær hér á landi, þó að borið hafi lítillega á hugtakanotkun í anda Florida til dæmis í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar (2013). Kenningar og hugmyndir á sviði skapandi greina hafa hins vegar verið heimfærðar í stærra fræðilegu samhengi yfir á íslenskt samfélag og til að

mynda kannað hvað laðar að skapandi starfsstéttir eða hvernig umhverfi höfuðborgarsvæðisins þurfi að vera til að skapandi greinar vaxi og dafni (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir).

Samfélög þurfa að búa yfir hæfileikum, tækni og umburðarlyndi til að laða að skapandi fólk, efla nýsköpun og örva hagvöxt (Florida, 2002). Reynt var eftir fremsta megni að afla gagna um þessa þrjá þætti sem mynda hreyfiafl efnahagslegrar þróunar á Akranesi og segja til um stöðu sköpunarauðs í samfélaginu, samkvæmt Florida og samstarfsfélögum hans (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007; Florida, 2002, 2007; Florida & Tinagli 2004; Tinagli, 2014). Það bar ekki árangur erfiðisins og er bagalegt að ekki skuli vera hægt að fá áreiðanleg staðbundin tölfræðigögn, fyrir eitt af stærri sveitarfélögum landsins, um menntunarstig og mikilvægar og fjölmennar atvinnustéttir, eins og skapandi atvinnustétt; vísindamenn, starfsmenn í hátækniönaði og listafólk. Leitað var til Hagstofu Íslands, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, sveitastjórnarmanna, sviðsstjóra og annarra starfsmanna sveitarfélagsins sem fóru með málefni viðkomandi sviða án árangurs.

Von er til þess að það rætist úr skorti á gögnum fyrir skapandi greinar á Íslandi með auknu vægi þeirra og mögulegum samningi við Hagstofu Íslands um endurskoðun talnagrunns (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). Það væri þó ekki úr vegi að sveitarfélag á borð við Akranes héldi utan um lýðfræðigögn á borð við samsetningu íbúa sveitarfélagsins eftir atvinnu og menntun. Sömuleiðis eru gögn og rannsóknir á málefnum hinsegin fólks ábótavant fyrir landið allt og upplagt væri að Samtökin '78 eða Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna við Háskóla Íslands héldi utan um rannsóknir á hinsegin málefnum.

Markmiðið var ekki að mæla nákvæma vísitölu efnahagslegrar samkeppnisstöðu Akraness, þótt að athyglisvert væri að sjá samanburð á umburðarlyndi Reykvíkinga og nággranna-sveitarfélaganna eða samanburð á hæfileikum Akraness, Mosfellsbæjar, Árborgar og Reykjanesbæjar, svo dæmi séu tekin. Markmiðið var að heimfæra kenningar um hina skapandi stétt og gefa til kynna stöðu hæfileika, tækni og umburðarlyndis á Akranesi. Leitast var við að vekja athygli á skapandi starfsemi og skoða með hvaða hætti væri hægt að auka vaxtarmöguleika Akraness út frá hugmyndum og kenningum um hina skapandi stétt. Þar sem aðgengi að staðbundnum tölfræðigögnum fyrir Akranes er ábótavant var beitt eiginlegum rannsóknaraðferðum til að afla upplýsinga og nálgast viðfangsefnið nánar og leitast

var við að aðlaga hugmyndir um hina skapandi stétt í stærra fræðilegu samhengi að Akranesi.

Samkvæmt Einkaleyfastofu berast sérstaklega margar einkaleyfaumsóknir af Akranesi miðað við stærð (Pétur Vilhjálmsson, Einkaleyfastofa, tölvupóstur, 21. mars 2014). Það kemur ágætlega heim og saman við að fjöldi alþjóðlegra einkaleyfaumsókna var hlutfallslega hár. Mikilvægt er þó að hafa í huga að upprunaleg staðsetning einkaleyfasóknar er ekki alltaf sú sama og endanleg staðsetning einkaleyfis (Creativity Group Europe & University of Gothenburg, 2007).

Ákveðnar vísbendingar eru um að samfélagið á Akranesi sé heldur einsleitt og að umburðarlyndi gæti verið meira. Á Akranesi er fábreytni í þjóðarbrotum og einhverjar vísbendingar um fordóma í garð útlendinga og lágt hlutfall þeirra sem lifa óhefðbundnum lífsstíl. Það borgar sig margfalt að hafa opið samfélag, sýna umburðarlyndi og fagna fjölbreytni á einlægan hátt. Lausnin er ekki að benda á vandamálin sem geta fylgt innflytjendum eða öðrum minnihlutahópum í samfélaginu. Lausnin felst í að styrkja og bæta félagslega kerfið, það mun skila sér margfalt til baka (Florida, 2007).

Kenningar og hugmyndir Florida um hina skapandi stétt eru að stórum hluta byggðar á vel þekktum rannsóknum og hugmyndum og fjalla um málefni líðandi stundar og eiga því vel upp á pallborðið í dag. Hann samþættar mörg þverfagleg málefni eins og efnahagsmál, félagsvísindi og borgarfræði með nokkuð viðteknum hætti. Aðferðir hans við að kvarða hæfileika, tækni og umburðarlyndi sem mælikvarða á stöðu sköpunarauðs í samfélögum hafa þó vakið hörð viðbrögð og í kjölfarið þéttbýlisstefna í anda hugmynda hans. Vel er hægt að taka undir með stórum hluta þeirrar gagnrýni sem Florida hefur hlotið, sérstaklega þeirri sem bendir á hættur sem geta skapast af einhliða stefnumótun eða skipulagi í anda hans og þá tilhneigingu að ala á einhvers konar forréttindahópum. Að því sögðu þá er auðvelt að sjá þýðingu hugmynda hans og mikilvægi kenninga og rannsókna í samtímanum og ekki hægt að álasa honum fyrir hvernig stefnumótandi aðilar nota eða misnota hugmyndir hans. Sjálfur bendir hann á að það sé ekki til töfralausn en mikilvægt sé að finna jafnvægi á milli ólíkra hagsmuna, vinna eftir sterkri þéttbýlisstefnu og góðu skipulagi (Florida, 2007).

10.2 Áhrif sköpunar á vaxtarmöguleika Akraness

Skoðað var með hvaða hætti skapandi starfsemi hefði áhrif á vöxt og hvaða hlutverki hún gæti gegnt í þéttbýlisendurnýjun. Ýmsar skýringar eru á svæðisbundnum hagvexti en Florida (2002) vill meina að efnahagsleg velferð svæða sé að miklu leyti undir sköpun komin og að svæði sem hinar skapandi stéttir laðist að muni þrífast. Hlutverk sköpunar fer vaxandi í ört stækkandi atvinnuvegi og horft er til skapandi greina, meðal annarra, sem helstu vaxtargreina atvinnulífsins á Íslandi (Forsætisráðuneytið, 2010). Bent hefur verið á að mesta aukning hagvaxtar sé í skapandi greinum á Norðurlöndum og í Evrópu (DCMS, 2010; European Commission, 2006; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tóms Young, 2011) og að hagræn áhrif skapandi greina gegni mikilvægu hlutverki í nútíma hagkerfi á Íslandi (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tóms Young, 2011).

Haldið hefur verið fram að skapandi greinar eða vinnuafli þeirra byggist fyrst og fremst upp í kring um stórborgir eða safnist þar saman, en skapandi greinar þrífast líka í þéttbýlum útjöðrum borga (Gibson & Brennan-Horley, 2006; Gibson, 2010; Felton o.fl., 2010) og dreifing skapandi vinnuafls er jafnari en fyrirfram er áætlað (Huggins & Clifton, 2011; Andersen & Lorenzen, 2011). Þar sem áhrif sköpunar gætir jafnt í minni þéttbýlum sem og stórborgum var athugað með hvaða hætti væri hægt að hlúa að skapandi starfsemi til að auka vaxtarmöguleika Akraness.

Tekin voru viðtöl við tvo rýnihópa sem voru skipaðir skapandi vinnuafli, annars vegar af Akranesi og hins vegar annars staðar frá. Viðtölin voru rituð upp og niðurstaða þemagreiningarinnar var sett í fræðilegt samhengi í sjö undirköflum sem bera heiti hvers þema (sjá 8. Rýnihópar).

10.3 Skapandi samfélag á Akranesi

Akranes er lítið samfélag í útjaðri höfuðborgarsvæðisins sem hefur fyrst og fremst byggst upp í kring um sjávarútveg og iðnað. Líkt og með önnur samfélög þarfnast Akranes stöðugrar þéttbýlisendurnýjunar og efnahagslegrar þróunar til að haldast lifandi og sjálfbært samfélag (Walsh, 2012). Á Akranesi líkt og víðast hvar annars staðar hefur hagnýtt skipulag verið allsráðandi, sem hefur allt frá tæknivæðingu og iðnbyltingu gengið út á að auðvelda vöruflutninga, gera samgöngur sem skilvirkastar fyrir mótordrífín ökutæki og reisa einfaldar kassalaga byggingar með sæfðum línum. Þetta skipulag hefur skilað fólki hagnýtni á vissum sviðum og hraðari og stórtækari

lifnaðarháttum. Þetta hefur líka skilað ónákvæmari og ónæmari lifnaðarháttum, dreifðari byggð með óhóflega breiðum götum og stöðluðu umhverfi sem hefur skort mannlegan mælikvarða í hönnun. Öll nánd hefur verið ábótavant í umhverfinu og félagslegt atferli fólks á opnum svæðum hefur farið þverrandi. Á síðustu árum hefur til að mynda verið mikil aukning í byggingu háhýsa á Akranesi sem skapa meðal annars veðurfarsleg vandamál og eru ekki í mannlegum mælikvarða. Þetta hefur verið raunin þrátt fyrir að byggð skuli að jafnaði ekki vera yfir 3-4 hæðir og halda eigi í sérstöðu og einkenni bæjarins samkvæmt núgildandi aðalskipulagi (Akraneskaupstaður, 2006). Nýjasta dæmið er háhýsi við austanverðan Langasand, helstu náttúruperlu Akurnesinga en sú framkvæmd samræmist illa hugmyndum um sjónræn gæði og þéttingu byggðar, þar sem um er að ræða íbúðir fyrir 50 ára og eldri í útjaðri bæjarins og í engum tengslum við verslunar- eða þjónustusvæði bæjarins.

Það er ekki auðvelt að finna lausnina á því með hvaða hætti Akranes getur brugðist við breyttum áherslum og ómögulegt og óæskilegt er að setja fram skothelda áætlun til að byggja upp skapandi samfélag, en áskorunin felst í að skoða og greina mismunandi þarfir fjölbreyttra hópa til að takast á við vandamál framtíðarinnar (Florida, 2007). Í þessari rannsókn eru kannaðar og greindar þarfir þeirra sem starfa innan skapandi greina. Það vakti athygli að enginn viðmælenda minna nefndi atvinnuöguleika sem forsendu fyrir búsetu. Margir þeirra störfuðu á höfuðborgarsvæðinu eða höfðu sótt störf og nám á höfuðborgarsvæðið vegna þess að þeim bauðst ekki nám og/eða störf við hæfi á Akranesi. Stærstu forsendurnar fyrir búsetu voru öryggi, fjölskylduhagir, lágt húsnæðisverð, nálægð við Reykjavík og góðar samgöngur. Húsnæðismál, samgöngur og nálægð við stór atvinnusvæði virðast þannig vera nokkuð alþjóðleg hagsmunamál skapandi vinnuafns (Felton o.fl., 2010; Lorenzen & Andersen, 2011; Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). Miðað við þá athygli sem samgöngubætur fengu kom það á óvart að ekki væri minnst á gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng. Það verður að teljast nokkuð brýnt hagsmunamál fyrir þá sem búa á Akranesi og hefði kannski fengið meiri athygli í öðrum hóp eða á öðrum tímum. Mesta áherslan var á betri tengingar og styttri leið með Sundabraut og áætlunarferðum með ferju milli Akraness og Reykjavíkur sem vekur upp spurningar um gildismat þeirra sem starfa í skapandi greinum; er tími verðmætari en peningar? Þegar talið barst að því hvað mætti betur fara voru áberandi ýmis hamlandi viðhorf gagnvart því að vera búsettur á Akranesi og/eða að starfa í skapandi greinum. Skilja mátti á mörgum að Akranes væri heldur ósýnilegt og kæmist

harla inná landakort sköpunar. Það þyrfti að bæta viðhorf gagnvart skapandi starfsemi og byggja upp skapandi innviði á Akranesi, veita skapandi fólki fjölbreytta aðstöðu, koma á laggirnar frumkvöðlasetri og menningarmiðstöð.

Akranes er í góðri aðstöðu til að laða að sér stóran hluta skapandi vinnuafli sem fylgifyskur miðstöðvar. Á Akranesi er gott framboð af ódýru og góðu húsnæði og sérhæfðri þjónustu sem getur meðal annars skilað sér í lægri framfærslukostnaði. Þrátt fyrir að Akranes njóti góðs af nálægð við Reykjavík er þó ráðlegt að byggja upp sértíltæka kosti og eigin mannauð. Það getur falist í jafnvægi ólíkra þátta eins og sérhæfðum eða áhugaverðari störfum fyrir skapandi starfsmenn, auknum menningartengdum tækifærum eða gæðum umhverfisins (Lorenzen & Andersen, 2011).

Í núgildandi aðalskipulagi Akraness er sérstaklega tekið fram að metnaður skuli vera lagður í frágang þess umhverfis sem börn alast upp í og að áhersla skuli vera lögð á listsköpun við mótun bæjarmyndarinnar (Akraneskaupstaður, 2006). Camillo Sitte (1889/1965) benti á að finna mætti jafnvægi milli listar og hagnýtingar. Móðernískt borgarskipulag hefði haft margt jákvætt í för með sér, eins og bætt hreinlæti í borgum, en það hefði skort faglega hæfni til að hanna góð opin svæði og sameiginleg rými sem skapa líf og hafa góð áhrif á atferli og lýðheilsu fólks. Akranes býr yfir mörgum verðmætum opnum svæðum og á síðustu árum hefur skapast aukin meðvitund um mikilvægi þessara svæða. Til marks um það eru meðal annars endurbætur á Akratorgi með útimarkaði og fyrirhuguð uppbygging á útivistarsvæðum við Langasand og inn í Garðalundi og nýtilkomin áhersla niður á Breið er (til marks um það.)

Vera má að nútíma þéttbýlisskipulagi sé listrænum takmörkunum sett, en við verðum að halda áfram að reyna. Jafnvel þó að það þurfi að afsala sér fjölmörgum fallegum hönnunarhugmyndum og hugsa meira um þarfir nútíma bygginga, samgangna og velferðar, ætti það ekki að aftra okkur að því marki að við hættum einfaldlega við listrænar lausnir og sættum okkur eingöngu við tæknilegar og hagnýtar lausnir. Það er ekki hægt að sleppa fagurfræðilegri fullkomnun í daglegu lífi okkar. Þéttbýlisskipulag verður að veita fullkomna þátttöku í listinni, því umfram allt er það sú tegund listsköpunar sem hefur menningarlega mótandi áhrif á hverjum degi og á hverjum tíma á fjöldann, jafnvel þjóðir í heild. Öfugt við listsköpun sem greiða þarf fyrir (Camillo Sitte, 1889/1965).

„Sumt á Akranesi minnir á enskan garðabæ. En þó skortir á að þorpsbúar hafi prýtt þorpið sem vert væri. Það mætti vera perla Faxaflóa, með hvítum húsum og skrúðgörðum, með bláum sjó á þrjá vegu, en græna akra að baki, og í fjarska víðan fjallahringinn.“

Jón Sigurðsson frá Ystafelli, 1933

Umhverfislegir, sjónrænir og huglægir þættir eins og náttúrufegurð, andi, sérstaða eða upprunaleiki staða hafa mikil áhrif á aðdráttarafl og uppvöxt svæða þegar það kemur að skapandi starfsemi (Lorenzen & Andersen, 2011; Sigrún Margrét Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014). Meðal annars hefur verið bent á að sjónræn gæði og sérstaða staða auki afköst og framleiðni skapandi vinnuafls (Smit, 2011). Í nýju aðalskipulagi Reykjavíkurborgar (2013) er mikið lagt upp úr samkeppnishæfi skapandi borgar sem byggir á gæðum umhverfisins.

Innan sveitarfélags Akraness fyrirfinnast fjölbreyttar fjörutegundir með tilheyrandi fjölbreytileika í lífríki og upplifun (*sjá mynd 5.6 á bls.38*) (Akraneskaupstaður, 2006). Í jaðri byggðarinnar eru tvö útivistarsvæði sem í eðli sínu eru ólík, strönd og skógur. Langisandur er stærsta sandfjara í þéttbýli á Íslandi og Garðalundur er manngert náttúrusvæði tengt golfvelli og safnasvæði. Þessi tvö útivistarsvæði eru vel heppnuð og mikið nýtt og í þeim felast heilmikil sóknarfæri (Sindri Birgisson, 2012). Einstök fjallasýn er frá Akranesi þar sem formfagurt Akrafjallið trónir ofan við bæinn en ef horft er í norðvestur af fjallinu sést Skarðsheiði, Hafnarfjall, inn Borgarfjörðinn, upp með Mýrunum og út allan fjallagarðinn á Snæfellsnesi sem endar í hinum keilulaga Snæfellsjökli. Sé horft suðaustur af Akrafjalli sést inn Hvalfjörðinn, upp með Blikdal Esjunnar og svo allur fjallagarðurinn ofan höfuðborgarsvæðisins, út Reykjanesskagann þar sem strýtulaga móbergsfjallið Keilir er mest áberandi.

Fyrir tíð núgildandi aðalskipulags hófust Akurnesingar handa við nýja þungamiðju við Stillholt og áformuðu frekari uppbyggingu miðbæjar á því svæði. Því miður virðist skollaeyrum hafa verið skellt við varnaðarorðum greiningar sem unnin var fyrir bæinn á stöðu og uppbyggingarkostum miðbæjarins og örlög gamla miðbæjarins urðu með þeim hætti sem varað hafði verið við. Hann glataði sérstöðu sinni og bæjarbúar urðu af þeim jákvæðu eiginleikum sem lifandi miðbærinn bauð upp á (Teiknistofu Arkitekta og Gylfi Guðjónsson og félagar, 2003).

Í gamla miðbænum eru 2-4 hæða hús og skýr og lokuð göturými sem gefa honum mjög ákveðin miðbæjareinkenni. Áður var gamli miðbærinn og næsta nágrenni hans þungamiðja mannlífsins á Akranesi. Þar voru helstu stofnanir, þjónustufyrirtæki og verslanir bæjarins með tilheyrandi lífi. Akratorg var helsti vettvangur hátíðarhalda og Merkurtúnið, sem var útungunarstöð og vagga knattspyrnunnar hér áður, er fyrir sumum eins konar sjálfsmynd bæjarins. Viðmælendum mínum var umhugað um ásýnd bæjarins og voru ósátt við margar skipulagsákvarðanir síðustu ára, þeim fannst sérstaklega illa hafa tekist upp með skipulag nýja miðbæjarreitsins við Stillholt en endurbætur á Akratorgi í gamla miðbænum var þeim sérstakt ánægjuefni (*sjá kafla 8.2 Ásýnd bæjarins*). Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi á meginhluti verslunar og þjónustu að vera innan skilgreinds miðbæjarsvæðis og endurskipuleggja á gamla miðbæinn sem samræmist vel markmiðum um þéttingu byggðar og uppbyggingu og styrkingu miðbæjarsvæðisins (Akraneskaupstaður, 2006). Mesta uppbygging verslunar og þjónustu hefur þvert á móti verið í útjaðri bæjarins norðanverðum og samkvæmt drögum að nýju aðalskipulagi samræmist það ágætlega framtíðarstefnu bæjarins að byggja upp nýtt verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði í anda Skeifunnar, með stórum malbikuðum plönnum og iðnaðarhúsum í útjaðri bæjarins við Smiðjuvelli (*sjá mynd 5.8 á bls.40*) (Akraneskaupstaður, 2013).

Á síðastliðnum árum hafa skipulagsmál oft lent í óheppilegum farvegi innan sveitarfélaga, sem má ósjaldan rekja til skorts á sérfræðipekkingu á málaflokknum. Skipulagsmál þarfnast viðeigandi sérfræðipekkingar sem fæst með menntun í skipulagsfræðum. Það væri skynsamlegt að innan eins af stærstu sveitarfélögum landsins væri sérstæður skipulagsfulltrúi starfandi, sem sinnti skipulagsmálum af kunnáttu og minnkaði þannig líkurnar á óheppilegum skipulagsákvörðunum. Á Akranesi líkt og víða á Íslandi eru samþætt tvö fagsvið í eitt stöðugildi þar sem skipulagsfræðin hefur lotið í lægra haldi fram til þessa. Að sama skapi þarfnast sérfræðipekkingar í hönnun til að minnka líkurnar á afkáralegu skipulagi með sjónrænum örum. Það kom fram á meðal þátttakenda rýnihópanna og einnig hjá íbúum á íbúáþingi aukin áhersla á mikilvægi umhverfismála og bæjarumhverfis. (Akraneskaupstaður, á.á.c). Akranes þarf að mæta þessari áherslubreytingu um aukna áherslu á gæði og ásýnd umhverfisins með faglegri nálgun. Þannig mætti koma á fót nefnd, skipaðri fagaðilum með tilskilda þekkingu, sem tæki fagurfræðilega afstöðu til fyrirhugaðra skipulagsbreytinga og byggingaframkvæmda og sinnti eftirliti með

útilistaverkum, gömlum húsum og öðrum menningarverðmætum hins byggða umhverfis. Slík nefnd hefði ekki ákvörðunartökuvald heldur sinnti frekar ráðgefandi og leiðbeinandi hlutverki.

„Þau byrja öll og enda alveg eins líkt á milli sleggju og steins.

Með ógnar brimöldu á aðra hönd og sjoppu út við gráa strönd.“

Magnús Eiríksson

Fyrsti skipulagsuppdráttur Akraness frá 1927 (sjá mynd 5.3 á bls.34) tók mikið tillit til upprunalegrar þorpsmyndunar sem má rekja allt aftur á miðja 17. öld (Guðmundur L. Hafsteinsson, 2009). Akranes býr yfir eiginleikum „þorpsins“ sem Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Júlía Björnsdóttir (2014) benda á að geti laðað að skapandi starfsemi. Gamla þorpið er á Neðri-Skaga (sjá mynd 10.1), ágætlega varðveitt en vannært og orkulaust. Það er í nálægð við fjölbreytta náttúru, umlukið hafinu á þrjá vegu og með útsýni allan hringinn. Byggðamynstrið og þéttleikinn er til staðar sem og upprunaleikinn og andinn, þó það megi skerpa á honum. Gamla þorpið vantar samt aðdráttarafl, blandaða og fjölbreytta byggð, sjálfbært samfélag og mannlegt umhverfi.



Mynd 10.1 Neðri-Skagi Neðri-Skagi er sýndur með bláum lit, þar er þéttasta og elsta byggðin. Gamla þorpið er á Neðri-Skaga umlukið hafinu á þrjá vegu (Loftmyndir ehf., 2011).

Huga þarf að varðveislu gamalla húsa sem geyma ákveðna sögu, uppruna og anda þorpsins og upphefja virðingu slíkra þátta. Setja þarf áherslu á fólkið, fjölbreytta flóru mannlífs sem skapar mannauðinn og starfsemina. Skagamenn þurfa að finna þorpið í sér, það skortir upp á mannlífið, að íbúarnir séu sýnilegir, að það sé fjölbreytt þjónusta í göngufæri og að samfélagshóparnir blandist saman. Í þorpinu sér maður lyfsalann stoppa á leið til vinnu og spjalla við trillukarlana þar sem þeir eru að beita, póstberann skjótast á milli staða, skólafólk sitja með bækur sínar út í sólinni, nágretta spjalla og krakka að leik. Þessi atriði sem veita upplifun og sjarma.

10.4 Sementsverksmiðjussvæðið

Möguleikar sementsverksmiðjussvæðisins takmarkast í raun bara við ímyndunaraflíð. En það er ekki alltaf svo einfalt. Viðhorf, hagsmunir og tilfinningar spila inn í og svo eru það staðreyndirnar. Staðreyndirnar eru að Sementsverksmiðjan hefur hætt framleiðslu á sementi og Akraneskaupstaður hefur eignast lóð og eignir hennar að mestu. Fyrir liggur að svæðinu og mögulega mannvirkjum þess, vantar nýjan tilgang. Hugmyndavinna er hafin við framtíðarsýn fyrir svæðið, búið er að skipa starfshóp sem á að móta tillögu að skipulagi og uppbyggingu á svæðinu og búið er að leigja út ákveðin rými til lista- og menningarstarfs (Akraneskaupstaður, á.á.e).


Sementsverksmiðjussvæðið veitir Akranesi ákveðna sérstöðu þegar kemur að þéttbýlisendurnýjun og því var sérstök áhersla lögð á það svæði. Það sem einkenndi hug þeirra sem starfa við skapandi greinar var að það ætti að opna dyrnar að sementsverksmiðjunni, hleypa fólki þar inn og gæða svæðið lífi. Engum datt í hug að rífa allt niður, strípa svæðið og byrja uppbygginguna frá grunni. Í heildina séð mætti sjá fyrir sér fjölbreytt og lifandi svæði með góðar tengingar við hafnarsvæðið, útivistarsvæði á Langasandi og Akratorgið og gamla miðbæinn. Hægt væri að byggja upp sérhæft atvinnulíf á sviði skapandi greina í formi þyrpingar eða klasa, sem er farið að gegna mikilvægara hlutverki í hagvexti (Martin & Sunley, 2003).

Það má nálgast spurninguna um hvernig eigi að endurbæta stórt iðnaðarsvæði sem þekur dýrmætt landsvæði með fjölbreyttum hætti, til dæmis út frá skapandi starfsemi. Bæði gömul iðnaðarsvæði og hafnarsvæði eru flestum samfélögum afar dýrmæt og endurnýjun slíkra svæða eru vel þekkt í þéttbýlisþróun og innan skipulagsfræða. Sambærileg svæði sem hafa gengið í gegnum endurnýjun geta þannig veitt innblástur af hugmyndum fyrir sementssvæðið og á íbúafundi vegna sementsreitsins í byrjun árs 2014 voru til að mynda sýndar margar skemmtilegar

hönnunarhugmyndir fyrir svæðið (Kanon arkitektar, 2014). Nærtækasta dæmið um mikla endurnýjun og uppbyggingu á hafnarsvæði er í Reykjavík. Þar hafa hús og svæði allt frá Grandahólma eða Örfirisey og að Hörpunni fengið nýjan tilgang og skapandi starfsemi aukist og dafnað í bland við aðra starfsemi.

Sementssvæðið á Akranesi sameinar gamalt iðnaðarsvæði og hafnarsvæði og er staðsett fyrir miðju Akraneskaupstaðar og þekur mjög stórt hlutfall hans. Sökum stærðar sementssvæðisins má velta fyrir sér hvort forsendur séu fyrir því að hrinda af stað stórtækum framkvæmdum eins og að rífa niður mannvirki svæðisins og byrja uppbyggingu frá grunni á svæðinu. Það myndi líklega verða kostnaðarsamt og óvíst með árangurinn sem hlytist af því svo ekki sé minnst á umhverfisáhrifin af slíkri framkvæmd. Einnig má velta fyrir sér hvort ráðlegt væri að gera eins konar skammtíma-skipulag og síðan langtíma-skipulag fyrir svæðið eða hluta það niður og takast á við minni svæði í einu til að ráða betur við endurnýjun eða uppbyggingu á því. Þannig gæti skipulag þar sem horft væri til langs tíma miðað að „endanlegri“ sýn fyrir svæðið en á meðan að stefnt væri að henni mætti sporna við hnignun svæðisins og sjónrænni mengun sem af henni hlytist með skipulagi til skemmri tíma.

Viðmælendur í rýnihópunum höfðu sem fyrr segir mikinn áhuga á Sementsreitnum og komu með fjölmargar hugmyndir að starfsemi í sementverksmiðjunni. Þannig mætti koma öllum deildum Listaháskóla Íslands fyrir á svæðinu eins og bent hefur verið á og með heildrænu og góðu skipulagi fyrir svæðið mætti sömuleiðis koma öllum hinum hugmyndunum fyrir á svæðinu og gott betur. Þar gæti jafnvel verið samblanda þjónustu, verslunar, íbúða og athafnarsvæði fyrir skapandi starfsemi. Hægt væri að sjá fyrir sér fjölbreytta starfsemi með einhverja anga af skapandi skólastarfsemi í skrifstofubýggingunni, Listasafni Íslands í ofnhúsinu, frumkvöðlasetur og miðstöð fyrir skapandi greinar í stjórnstöðinni og kvikmyndaveri í efnisgeymslunni. Hægt væri að vera með fundaaðstöðu, vinnu- og sýningarrými og hljóðver í sílóunum. Í sandgryfjunni mætti rækta skrud-, matjurtar-, aldin- og/eða yndisgarða og koma fyrir litlum strandhúsum sem væru vinnubústaðir fyrir listamenn og ennþá eru næg rými til ráðstöfunar. Færibandahúsið sem liggur út á sementsbryggju yrði landgangur úr ferjunni sem kæmi frá Reykjavík og leiddi fólk um sementssvæðið og upp að Akratorgi í gamla miðbænum. Á víð og dreif um svæðið væru íbúðir, veitingastaðir, kaffiteríur og önnur viðeigandi verslun og þjónusta, ásamt alls kyns útimörkuðum í rýmum á milli húsanna. Portið gæti svo verið almenningstorg eða samkomustaður alls svæðisins.



Mynd 10.2 Fjarlægð frá Reykjavík Hver hringur tákna 10 kílómetra fjarlægð frá Lækjartorgi í miðbæ Reykjavíkur (byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands).

Akranes á að vera í virku samhengi við höfuðborgina og stefnt er að því að bæta almenningssamgöngur milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins samkvæmt gildandi aðalskipulagi (Akraneskaupstaður, 2006). Skjótur almenningssamgöngumáti á milli sementsbryggjunnar á Akranesi og miðbæjar Reykjavíkur líkt og er í skoðun (Reykjavíkurborg, 2015) myndi setja Akranes í allt annað samhengi við stærsta

hagvaxtar- og menningarsvæði landsins, þekkingarmiðstöðina í Vatnsmýri og suðupott skapandi greina í miðbæ Reykjavíkur. Það er um 20 kílómetra loftlína á milli Akraness og Reykjavíkur og til samanburðar er akstursfjarlægð úr Hafnarfirði til miðbæjar Reykjavíkur ekki mikið skemmri (*sjá mynd 10.2*). Þannig að með almenningssamgöngum yfir flóann yrði sjónræn tenging svæðanna styrkt verulega, Akranes yrði vænlegri kostur fyrir skapandi starfsemi og Reykvíkingar gætu notið fjölbreyttari upplifunarmöguleika.

11. Ályktanir

Við lifum byltingarkennda tíma þar sem hlutverk sköpunar fer vaxandi og umbreytingar eru leiddar áfram af fólki sem hefur hugvit og sköpun að lífsviðurværi. Skapandi þættir eru mikilvægir vaxtarsprotar í nútíma samfélögum og fyrir vikið er skynsamlegt og mikilvægt að hlúa að og örva skapandi starfsemi þegar kemur að þéttbýlisendurnýjun. Skapandi starfsemi getur vel þrífist í litlum velferðarsamfélögum í útjaðri borgar líkt og á Akranesi en áskorunin felst meðal annars í að skoða og greina mismunandi þarfir fólks til að auka fjölbreytni og sköpun í samfélaginu. Í verkefni mínu er dreginn fram skilningur á reynslu og þörfum þeirra sem starfa innan skapandi greina í stærra fræðilegu samhengi til að varpa ljósi á með hvaða hætti hlúa að skapandi starfsemi á Akranesi til að efla og styrkja samfélagið.

Akranes hefur ýmis tækifæri og ágæta eiginleika til að laða að þau verðmæti sem felast í hugviti, þekkingu, reynslu og sköpun. Aðdráttarafl Akraness felst einkum og sér í lagi í nálægðinni við stærsta hagvaxtarsvæði landsins í Reykjavík og í lægra fasteignaverði en á höfuðborgarsvæðinu. Einnig felst mikið aðdráttarafl í uppruna og sérstöðu staðarins og síðast en ekki síst einstöku sóknarfæri í svokölluðum Sementsreit. Akranes þarf þó að íhuga vel og vandlega stöðu sína á tímum sköpunar. Mikilvægt er fylgja efnahagsþróuninni og vera í sífelldri endurreisn annars er hættan sú að samfélagið vaxi á óraunhæfum hraða og staðni og ef dregin er upp dekkri mynd gæti Akranes orðið ósjálfbær svefnbær í útjaðri Reykjavíkur með fábreyttu atvinnusvæði.

Lægra fasteignaverð og hentug landfræðileg staðsetning dugar skammt ef það eru ekki áhugaverðir og raunhæfir kostir fyrir þá sem hafa hugvit og sköpun að lífsviðurværi. Ef það eru ekki tækifæri til að mennta sig og starfa við skapandi greinar á Akranesi mun sveitarfélagið verða af efnahags- og samfélagslegum ábata og halda

áfram að missa vel menntað fólk sem beitir hugviti og sköpunargáfum á arðbæran hátt úr bænum. Hlutverk sveitarfélaga er mikilvægt þegar kemur að því að veita skapandi starfsemi brautargengi og það er áhyggjuefni að Akranes skuli ekki nýta betur þau sóknarfæri sem felast í skapandi starfsemi, sem eru helstu vaxtarsprotar nútíma samfélaga. Til að slíkir vaxtarsprotar skjóti rótum á Akranesi þarf að setja félagslegt umhverfi í öndvegi, veita raunhæfa húsnæðiskosti og aðstöðu fyrir fólk, af því að það er fyrst og fremst fólkið sem býr yfir sköpunargáfunum og þekkingunni og skapar hagvöxtinn. Skapa þarf fólki aðstöðu sem veitir því tækifæri á að haldast samkeppnishæft, þroskast sem skapandi einstaklingar og starfa að markmiðum sínum. Akranes getur þannig þróað með sér hátt hlutfall skapandi vinnuafis með því að sýna frumkvæði og veitt skapandi starfsemi viðeigandi aðstöðu til langs tíma og á lægra verði en á höfuðborgarsvæðinu. Það kom fram hjá viðmælendum mínum að það væri tímabært að koma á fót frumkvöðlasetri og miðstöð fyrir skapandi greinar á Akranesi, styðja við lítil fyrirtæki, einyrkja og sprotafyrirtæki.

Mikilvægt er að gera meira úr uppruna og sérstöðu Akraness, sýna til að mynda eldri hluta byggðarinnar meiri nærgætni og virðingu og setja meiri áherslu á umhverfið, sjónræn gæði þess og fegurð. Nýtt miðbæjarsvæði á Akranesi er ágætt dæmi um hvernig fólki hefur verið uppálagt að hugsa stórt og með hagnýtni á vissum sviðum sem hefur skilað sér í hraðari og stórtækari lifnaðarháttum en hefur komið niður á ásýnd bæjarins og félagslegu atferli fólks. Skipulagsmál og hönnun umhverfisins þarfnast þannig viðeigandi sérfræðiþekkingar til að minnka líkurnar á afkáralegu skipulagi með sjónrænum örum.

Líkt og komið hefur fram liggja sóknarfæri í staðsetningu Akraness og bætta samgöngur milli sveitarfélagsins og höfuðborgarsvæðisins geta styrkt svæðið verulega. Þannig voru þátttakendur rýnihópanna mjög spenntir fyrir hugmyndum um ferju eða hraðskreiðan bát á milli miðborgar Reykjavíkur og Akraness líkt og er í skoðun. Það má ætla að kostir ferju sem tæki farþega og reiðhjól á milli Akraness og Reykjavíkur séu gríðarmiklir. Slík ferja yrði samgöngubót með mikil félagsleg áhrif fyrir bæði sveitarfélögin og sérstaklega efnahagsleg áhrif fyrir Akurnesinga. Ferja myndi styðja vaxtarþróun á Akranes með því að tengja atvinnu- og búsvæði saman, veita fjárhagslegan ávinning fyrir íbúa í styttri ferðatíma og minni eldsneytiskostnaði, auk þess að draga úr umferðarálagi á milli Akraness og Reykjavíkur. Til að sporna við neikvæðum áhrifum bættra samgangna þarf hlutverk og aðdráttarafl Akraness að vera aðlaðandi og ótvírætt. Með því að skipuleggja og hanna hjólreiðastígakerfi með tilliti

til veðurfarslegra aðstæðna og út frá upplifunartengdum áfangastöðum er komið kjörið tækifæri til að taka forystu í vistvænum samgöngum og efla reiðhjólamenningu. Hjólreiðabær felur í sér fjölmörg sóknarfæri þegar kemur að skapandi vinnuafli og er frábær leið til að bæta umhverfið og almenna lýðheilsu.

Forsenda þess að skapandi starfsemi þrífist er menntun. Fjárfesta þarf í skapandi innviðum, virkja sköpunarkraftinn í mannauðnum og framleiða störf fyrir vel menntað og skapandi fólk. Skólar eru andlegar og vitsmunalegar stofnanir sem hafa góð samfélagsleg áhrif. Stokka þarf upp í stöðluðu og hefðbundnu námi og viðteknum venjum þess, aðlaga það að nýjum tímum og byggja upp sinn eigin mannauð. Veita þarf grunnám í listum og menningu, nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi og þekkingariðnaði. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi gæti gefið skapandi greinum meira vægi, sem hingað til hafa að stórum hluta flokkast undir félagsstörf eða félagslíf. Eins gæti skólinn verið meiri þátttakandi í samfélaginu á Akranesi og gefið þannig meira af sér til þess og fengið til baka.

Eins og áður segir er menntun forsenda þess að skapandi starfsemi þrífist. Auðga þarf og efla framhaldsmenntun á Akranesi og skref í því gæti til dæmis verið að mynda sterkara tengslanet og betra samstarf við öflugt háskólasamfélag í Borgarbyggð og á Höfuðborgarsvæðinu. Kærkomin tækifæri gætu falist í samstarfi Akraneskaupstaðar við þau háskóla- og fræðasamfélög sem eru í grennd við sveitarfélagið. Aukin þátttaka háskólasamfélagsins með kennslu, rannsóknum og ráðgjöf myndi styrkja fræðilegar og hagnýtar stöðir sveitarfélagsins. Samstarf við Umhverfiseild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri gæti til að mynda styrkt umhverfis- og skipulagssvið Akraneskaupstaðar og aukið þátttöku og skilning almennings á málaflokknum.

Eins og þátttakendur í rýnihópum bentu á er áhugi fyrir því að fá Listaháskóla Íslands eða svipaða stofnun á Akranes. Hugmyndin af Listaháskóla Íslands á Sementsreitnum sameinar flesta þá þætti sem að efla og styrkja skapandi samfélag og auka vaxtarmöguleika þess. Ekki nóg með að háskólasamfélag sé þungamiðja skapandi hagkerfis og hefur þannig víðtæk og jákvæð samfélagsleg áhrif þá er starfsemin sem fylgir listaskóla í eðli sínu skapandi. Þar að auki myndi slík starfsemi gefa sementsverksmiðjunni nýjan tilgang, skapa ný störf og afleidda starfsemi á fjölbreyttum sviðum. Það sem gerir hugmyndina svo ennþá betri er að Listaháskóli Íslands fengi loksins virðulegt svæði undir alla starfsemi sína með lægri rekstrarkostnaði og það á besta stað. Nemendur og starfsmenn gætu átt heima í

viðráðanlegra efnahagsumhverfi á Akranesi, með lægri fastakostnaði og almennum útgjaldaliðum en gætu jafnframt verið í góðum tengslum við miðbæ Reykjavíkur með bættum samgöngum yfir Faxaflóann og notið þannig þess góða af báðum stöðum. Háskólasamfélagið gæti einnig notið þess að vera í heillandi og hvetjandi umhverfi í nálægð við höfnina og fjölbreytta náttúru.

Skapandi starfsemi er sjálfbær, óþrjótandi og dýrmæt auðlind. Hún veitir efnahagslegan ávinning og skilar sér í samfélagslegum gæðum. Sé þróun Akraness sjálfbær, miði vexti þess áfram á raunhæfum hraða og sé áhersla lögð á félagslega samstöðu íbúa um stefnu og þróun, getur sveitarfélagið skapað frjótt umhverfi sem stuðlar að vexti og framgangi skapandi atvinnustarfsemi með heildstæðri stefnu í skipulagsmálum, sem skilar sér í efnahagslegum og samfélagslegum ávinningi fyrir Akranes.

Heimildaskrá

- Akraneskaupstaður (2006). *Adalskipulag Akraness 2005-2017*. Akranes: Akraneskaupstaður.
- Akraneskaupstaður (2013). *Adalskipulag Akraness 2013-2025*. Skoðað 18. maí 2015 á <http://www.akranes.is/static/files/2014/thjonusta/Skipulagsmal/Adalskipulag-2013-2022/greinagerd-endurskodun-adalskipulags-2013.pdf>
- Akraneskaupstaður (2014a). *Tillaga að deiliskipulagi á Breið*. Skoðað 21. apríl 2015 á <http://www.akranes.is/static/files/2014/thjonusta/Skipulagsmal/Breidinn/tillaga-ad-deiliskipulagi.pdf>
- Akraneskaupstaður (2014b). *Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar*. Skoðað 22. febrúar 2015 á http://issuu.com/akraneskaupstadur/docs/mannr__ttindastefna_16x24_nota_sm
-
- Akraneskaupstaður (á.á.a). *Meistari Brynjólfur hóf þar útgerð*. Skoðað 7. maí 2014 á vef Akraneskaupstaðar: <http://akranes.is/mannlif/akranes-fyrr-og-nu/meistari-brynjolfur/>
- Akraneskaupstaður (á.á.b). *Vörður á leið til vaxtar*. Skoðað 7. maí 2014 á vef Akraneskaupstaðar: <http://akranes.is/mannlif/akranes-fyrr-og-nu/vordur-a-leid-til-vaxtar/>
- Akraneskaupstaður (á.á.c). *Adalskipulag*. Skoðað 22. apríl 2015 á <http://www.akranes.is/thjonusta/skipulagsmal/adalskipulag>
- Akraneskaupstaður (á.á.d). *Garðar og græn svæði*. Skoðað 17. maí 2015 á <http://www.akranes.is/thjonusta/umhverfismal/gardur-og-graen-svaedi>
- Akraneskaupstaður (á.á.e). *Sementsreitur*. Skoðað 21. apríl 2015 á <http://www.akranes.is/thjonusta/skipulagsmal/sementsreitur>
- Akraneskaupstaður (á.á.f). *Bæjarlistamaður Akraness*. Skoðað á vef Akranesskaupstaðar 21. febrúar 2015 <http://www.akranes.is/mannlif/baejarlistamadur-og-menningarverdlaun>
- Alþingi (2012-13). *Tillaga til þingsályktunar um höfuðborg Íslands*. Skoðað 11. apríl 2014 á <http://www.althingi.is/altext/141/s/0043.html>.
- Andersen, K. V., Bugge, M. M., Hansen, H. K., Isaksen, A. & Raunio, M. (2010). *One size fits all? Applying the creative class thesis onto a Nordic context. European Planning Studies*, 18(10), 1591–1609.
- Andersen, K. V. & Lorenzen, M. (2009). *Den danske Kreative Klasse*. Aarhus: Klim.
- Anna Lís Guðmundsdóttir (höf.) (2011). *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson & Sveinn Agnarsson (2002). *Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

- Ása Richardsdóttir (ritstj.) (2012). *Skapandi greinar – sýn til framtíðar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Ball, L., Pollard, E., Stanley, N. & Oakley, J. (2010). Creative Career Stories. Skoðað 25. apríl 2015 á <http://www.employment-studies.co.uk/system/files/resources/files/477.pdf>
- Bell, D. (1973). *The Coming of Post-Industrial Society: A Venture in Social Forecasting*. New York: Basic Books.
- Bjarni Reynarsson (2014). *Borgir og borgarskipulag : þróun borga á Vesturlöndum, Kaupmannahöfn og Reykjavík*. Reykjavík: Skrudda.
- Boren, T. & Young, C. (2012). "Getting creative with the 'Creative City'? Towards new perspectives on creativity in urban policy". *International Journal of Urban and Regional Research*, 37(5), 1799–1815.
- Boschma, R. A. & Fritsch, M. (2009). Creative Class and Regional Growth: Empirical Evidence from Seven European Countries. *Economic Geography*, 85(4), 391-423.
- Brooks, D. (2000). *Bobos in Paradise: The New Upper Class and How They Got There*. New York: Simon and Schuster.
- Caves, R. E. (2000). *Creative Industries: Contracts between Art and Commerce*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Clark, T. N. (2003). 3. Urban Amenities: Lakes, opera, and juice bars: Do they drive development?. *The City as an Entertainment Machine (Research in Urban Policy)*, 9, 103-140.
- Creativity Group Europe & University of Gothenburg (2007). *Sweden in the creative age*. Skoðað 2. febrúar 2015 á <http://www.creativeclass.com/rfcgdb/articles/Sweden%20in%20the%20Creative%20Age.pdf>
- Cunningham, S. (2010). From cultural to creative industries: Theory, industry, and policy implications. *Media International Australia Incorporating Culture and Policy: Quarterly Journal of Media Research and Resources*, 54-65.
- Cunningham, S. (2011). Developments in measuring the “creative” workforce. *Cultural Trends*, 20(1), 25–40.
- Davies, R. & Sigþórsson, G. (2013). *Introducing the creative industries: From theory to practice*. Thousand Oaks, CA: SAGE.
- Department for Culture Media & Sport (2001). *Foreword*. Skoðað 29. janúar 2015 á https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/183544/2001part1-foreword2001.pdf
- Department for Culture Media & Sport (2010). *Creative Industries Economic Estimates*. Skoðað 11. maí 2015 á www.culture.gov.uk/images/research/CIEE_Full_Release_Dec2010.pdf
- Department for Culture Media & Sport (2014). *Creative Industries Economic Estimates January 2014: Statistical Release*. Skoðað 29. janúar 2015 á https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/271008/Creative_Industries_Economic_Estimates_-_January_2014.pdf

- De Propriis, L. (2013). How are creative industries weathering the crisis? *Cambridge Journal of Regions, Economy and Society*, 6(1), 23–35.
- dos Santos-Duisenberg, E. 2009. Creative Economy: Beyond Economics. Skoðað 21. apríl 2015 á https://www.watershed.co.uk/sites/default/files/publications/2011-08-23/After_the_Crunch.pdf
- Drucker, P. (1959). *Landmarks of Tomorrow: A Report on the New "post-modern" World*. New York: Harper & Brothers.
- Dybvad, K. (2015). *Udkantsmyten - hvordan centraliseringen af Danmark ødelægger vores økonomi og sociale sammenhængskraft*. Copenhagen: People's Press.
- EPO (2015). *European Patent Register*. Skoðað 21. febrúar 2015 á <https://register.epo.org/smartSearch?searchMode=smart&query=akranes>
- European Commission (2006). *The Economy of Culture in Europe*. Skoðað 11. maí 2015 á http://ec.europa.eu/culture/library/studies/cultural-economy_en.pdf
- Evans, G. (2009). Creative Cities, Creative Spaces and Urban Policy. *Urban Studies*, 46(5/6), 1003-1040.
- Felton, E., Gibson, M. N., Flew, T., Graham, P. & Daniel, A. (2010). Resilient creative economies? Creative industries on the urban fringe. *Journal of Media & Cultural Studies*, 24(4), 619-630.
- Félag héraðsskjalavara á Íslandi (á.á.). *Síðasta ferð Akraborgar*. Skoðað 7. maí 2014 á vef Félags héraðsskjalavara á Íslandi: http://www.heradsskjalasafn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=202:sieasta-fer-akraborgar-ljosmyndasafn-akreiness&catid=77:frettir&Itemid=100
- Fjarðabyggð (á.á.) *Sköpunarmiðstöðin*. Skoðað 12. maí 2015 á <http://www.visitfjardabyggd.is/menning-og-afthreying/listir-og-handverk/list-og-handverk/skopunarmidstin>
- Flew, T. (2012). *The Creative Industries. Culture and Policy*. Los Angeles: Sage.
- Florida, R. (2002). *The Rise of the Creative Class: ...and How It's Transforming Work, Leisure, Community and Everyday Life*. New York: Basic Books.
- Florida, R. (2004). *In Defense of the 'Creative Class' - Author Richard Florida responds to criticisms of "The Rise of the Creative Class."* Skoðað 21. febrúar 2015 á <http://www.matr.net/article-10729.html>
- Florida, R. (2005). *Cities and the Creative Class*. New York: Routledge.
- Florida, R. (2007). *The Flight of the Creative Class. The New Global Competition for Talent*. New York: Collins.
- Florida, R. (2009). *Who's Your City?: How the Creative Economy Is Making Where to Live the Most Important Decision of Your Life*. New York: Basic Books.
- Florida, R. & Tinagli, I. (2004). *Europe in the Creative Age*. Skoðað 21. febrúar 2015 á <http://www.demos.co.uk/files/EuropeintheCreativeAge2004.pdf>
- Florida, R. (2015). *America's Leading Creative Class Cities in 2015*. Skoðað 22. Apríl 2015 á <http://www.citylab.com/work/2015/04/americas-leading-creative-class-cities-in-2015/390852/>

- Flyvbjerg, B. (2006). Five Misunderstandings About Case-Study Research. *Qualitative Inquiry*, 12(2), 219-245.
- Flugmálastjórn Íslands (á.á.). Skoðað 15. maí 2014 á <http://ww2.caa.is/>
- Forsætisráðuneytið (2010). *20/20 Sóknaráætlun*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Forsætisráðuneytið (á.á.a). *Samfélagsmarkmið*. Skoðað 1. maí 2015 á <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>
- Forsætisráðuneytið (á.á.b). *Svæðaskipting*. Skoðað 8. maí 2014 á <http://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/soknaraaetlun-2020/landshlutar/svaedi/>
- Fussell, P. (1983). *Class: A Guide Through the American Status System*. New York: Ballantine.
- Gibson, C. (2010). Creative geographies: Tales from the ‘margins’. *Australian Geographer*, 41(1), 1–10.
- Gibson, C. & Brennan-Horley, C. (2006). Goodbye pram city: Beyond inner/outer zone binaries in creative city research. *Urban Policy and Research*, 24(4), 455–471.
- Glaeser, E. L. (2005). Review of Richard Florida’s “The Rise of the Creative Class”. *Regional Science and Urban Economics*, 35(5), 593 - 596.
- Grabher, G. (2002). The project ecology of advertising: Task, talents and teams. *Regional Studies*, 36, 245-262.
- Guðmundur L. Hafsteinsson (2009). *Perla Faxaflóa. Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga*. Akranes: Akraneskaupstaður.
- Gunnlaugur Haraldsson (2011). *Saga Akraness. I. Bindi – Frá landnáms tíð til 1700*. Akranes: Uppheimar.
- Hafþór Hreiðarsson (2012). *Listamenn og lítil samfélög*. Skoðað 12. maí <http://www.640.is/is/frettir/listamenn-og-litil-samfelog>
- Hagstofa Íslands (2014a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2014 - Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Skoðað 3. maí 2014 á <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands (2014b). *Mannfjöldi eftir menntunarstöðu 2003-2013, hlutfallsleg skipting*. Skoðað 22. febrúar 2015 á <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Yfirlit>
- Hagstofa Íslands (2014c). *Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996-2014*. Skoðað 22. febrúar 2015 á <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Yfirlit>
- Hagstofa Íslands (2014d). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2014 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2014*. Skoðað 22. febrúar 2015 á <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands (2014e). *Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996-2014*. Skoðað 22. febrúar 2015 á <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>

- Hagstofa Íslands (2014f). *Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998-2014*. Skoðað 22. febrúar 2015 á <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hátíðahandbókin (á.á.). *Hátíðir*. Skoðað 12. Maí 2015 á <http://hatid.is/>
- Hera Brá Gunnarsdóttir (2010). *Aldrei fór ég suður. Hverju skilar hátíðin samfélaginu?*. Skoðað 15. maí 2015 á <http://skemman.is/handle/1946/5190>
- Hesmondhalgh, D. (2002). *The Cultural Industries*. SAGE.
- Hesmondhalgh, D. & Baker, S. (2010). 'A very complicated version of freedom': Conditions and experiences of creative labour in three cultural industries. *Poetics*, 38(1), 4–20.
- Hesmondhalgh, D. & Baker, S. (2011). *Creative Labour: Media Work in Three Cultural Industries*. New York: Routledge.
- Hilmar Veigar Pétursson (2014, mars). Sóknarfæri til framtíðar. Erindi flutt á Iðning 2014, Drifkraftur nýrrar sóknar, Hörpu, Reykjavík. Skoðað 22. apríl 2015 á <https://www.youtube.com/watch?v=jN2uloZa75c>
- Holdt, C. (2015). *Vi flytter på landet - en bog om udkantsdanmark - Til inspiration for alle der vil bo på landet*. Aarhus: Trykværket.
- Howkins, J. (2001). *The Creative Economy: How People Make Money From Ideas*. Penguin.
- Huggins, R. & Clifton, N. (2011). Competitiveness, creativity, and place-based development. *Environment and Planning A*, 43(6), 1341-1362.
- Innblástur (2015). *Íslenskur listalýðháskóli starfraektur á Seyðisfirði*. Skoðað 12. Maí 2015 á <http://innblastur.is/islenskur-listalydhaskoli-starfraektur-a-seydisfirdi/>
- Jacobs, J. (1961). *The Death and Life of Great American Cities*. New York: Random House.
- Jacobs, J. (1969). *The Economy of Cities*. New York: Vintage.
- Joshua, L. (2010). *Weird City: Sense of Place and Creative Resistance in Austin, Texas*. Texas: University of Texas Press.
- Jón Böðvarsson (1992). *Akranes. Frá landnámi til 1885*. Akranes: Prentverk Akraness.
- Jón Ormur Halldórsson (2015). *Breyttur heimur*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Kagan, S. & Hahn, J. (2011). Creative Cities and (un)sustainability: From creative class to sustainable creative cities. *Culture and Local Governance*, 3(1-2), 11-27.
- Kanon arkitektar (2014). *Sementsreiturinn og sóknarfæri. Verksmiðjan, höfnin og Langisandur*. Skoðað 31. maí 2015 á http://issuu.com/akraneskaupstadur/docs/kynning_kanon_arkitekta
- Kirchberg, V. & Kagan, S. (2013). The roles of artists in the emergence of creative sustainable cities: Theoretical clues and empirical illustrations. *City, Culture and Society*, 4(3), 137–152.

- Kirkpatrick, J. (2009). *Down Behind the Sofa*. Skoðað 20. apríl 2015 á https://www.watershed.co.uk/sites/default/files/publications/2011-08-23/After_the_Crunch.pdf
- Kosningavefur innanríkisráðuneytisins (á.á.). *Kjördæmi*. Skoðað 11. apríl 2014 á <http://www.kosning.is/upplýsingar/kjordaemi/>
- Kotkin, J. (2006). *The City: A World History*. New York: Random House.
- Kotkin, J. (2007). What is the new Suburbanism? Í A. Chavan (ritstj.), *Planetizen: Contemporary debates in urban planning* (bls. 28-33). Washington: Island Press.
- Landmælingar Íslands. Leyfi, samkvæmt 31. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, fyrir gjaldfrjáls gögn frá Landmælingum Íslands. *Kortasjá*. Skoðað 20. maí 2015 á <http://www.lmi.is/kort/>
- Landry, C. (2003). *Imagination and regeneration: Cultural policy and the future of cities*. Skoðað 15. maí 2015 á https://www.coe.int/t/dg4/cultureheritage/culture/Completed/STAGE/DGIV_CULT_STAGE%282003%293_EN.pdf
- Landry, C. & Bianchini, F. (1995). *The Creative City: A toolkit for Urban Innovators*. Demos.
- Lash, S. & Urry, J. (1994). *Economies of Sign and Space*. SAGE.
- Lawton, P. Murphy E. & Redmond, D. (2013) Residential preferences of the 'creative class'?. *Elsevier*. 31, 47-59.
- Listahátíð í Reykjavík (á.á.) *Eyrarrósinn*. Skoðað 12. Maí 2015 á <http://www.listahatid.is/eyrarrosin/>
- Loftmyndir ehf. (2011). Láflug af Akranesi. Hefðbundin loftmynd.
- Lorenzen, M. & Frederiksen, L. (2008). Why do cultural industries cluster? Localization, urbanization, products and projects. Í Cooke, P. og Lazzeretti, L. (ritstj.) *Creative cities, cultural clusters and local economic development* (bls. 155-179). Cheltenham: Edward Elgar.
- Lorenzen, M. & Andersen, K. V. (2009). Centrality and creativity: Does Richar Florida's creative offer new insights into urban hierarchy?. *Economic Geography*, 85, 363-390.
- Lorenzen, M. & Andersen, K. V. (2011). Different Creative Cities: Exploring Danish Data to Adapt the Creative Class Argument to Small Welfare Economies. *Creative Industries Journal*, 4(2), 123-136.
- Lunga (á.á.). Skoðað 12. Maí 2015 á <http://lunga.is/>
- Malanga, S. (2004). The curse of the creative class. *City Journal*, 4, 36-45.
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir (2014). *Sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu*. Reykjavík: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tóms Young (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Reykjavík: Samráðsvettvangur skapandi greina, Íslandsstofa, Íslenska ríkið.

- Markusen, A. (2006). "Urban development and the politics of the creative class: evidence from a study of artists". *Environment and Planning A*, 38(10), 1921-1940.
- Markusen, A. & Gadwa, A. (2010). Arts and Culture in Urban or Regional Planning: A Review and Research Agenda. *Journal of Planning Education and Research*, 29(3), 379–391.
- Martin, P. (2009). Mortgage-belt jobs 'in peril'. Skoðað 18. apríl 2015 á <http://www.smh.com.au/national/mortgagebelt-jobs-in-peril-20090316-9023.html>
- Martin, R. og Sunley, P. (2003). Deconstructing clusters: *Chaotic concept or policy panacea?*. *Journal of Economic Geography*, 3, 5-35.
- McGuigan, J. (2009). Doing the Florida thing: the creative class thesis and cultural policy. *International Journal of Cultural Policy*, 15 (3), 291–300.
- McKinlay, A. & Smith, C. (ritstj.) (2009); Creative Labour: Working in the Creative Industries. Critical Perspectives on Work and Employment. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Oakley K. (2009). Getting Out of Place: The Mobile Creative Class Takes on the Local. A UK Perspective on the Creative Class. Í L. Kong & J. O'Connor (ritstj.), *Creative economies, creative cities* (bls. 121-134). New York: Springer Netherlands.
- OECD (2013). *OECD Science, Technology and Industry Scoreboard 2013*. Skoðað 21. febrúar 2015 á http://dx.doi.org/10.1787/sti_scoreboard-2013-en
- OECD (2014). *Adult education level*. Skoðað 19. febrúar 2015 á <http://data.oecd.org/eduatt/adult-education-level.htm#indicator-chart>
- Óðinn Þór. Ljósmynd af Akranesi. Skoðuð 20. maí 2015 á <http://imgarcade.com/1/akranes/>
- Páll Líndal (1982). *Bæirnir byggjast*. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins, Sögufél.
- Peck, J. (2005). Struggling with the creative class. *International Journal of Urban and Rural Research*, 29, 740 – 770.
- Potts J., Cunningham, S., Hartley, J. & Ormerod, P. (2008). Social network markets: a new definition of the creative industries. *Journal of Cultural Economics* 32(3), 167-185.
- Pratt, A. C. (2009). The creative and cultural economy and the recession. *Geoforum*, 40(4), 495–496.
- Priestman, P. 2009. *Old Baths for Drinking Troughs*. Skoðað 20. apríl 2015 á https://www.watershed.co.uk/sites/default/files/publications/2011-08-23/After_the_Crunch.pdf
- Rauði krossinn á Íslandi (2014). *Hvar þrengir að?*. Skoðað 22. Febrúar 2015 á <http://www.raudikrossinn.is/doc/10417896>
- Reykjavíkurborg (2013). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, A. Meginmarkmið og framtíðarsýn (bindandi stefna)*. Skoðað 3. febrúar 2015 á vef Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf

- Reykjavíkurborg (2015). *Fjárfesting í Reykjavík*. Skoðað 19. apríl 2015 á http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/kynningarfundur_15_april_dbe-vefutgafa.pdf
- Ross, A. (2009). *Nice Work If You Can Get It: Life and Labor in Precarious Times*. New York: NYU press.
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2013). *Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, verkefnatillaga*. Skoðað 22. apríl 2015 á <http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/LOKASKJAL%20-%20SSH%20-%20S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun%20h%C3%B6fu%C3%B0borgarsv%C3%A6%C3%B0isins%202013.pdf>
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (á.á.). Höfuðborgarsvæðið. Skoðað 7. Maí 2014 á <http://www.ssh.is/hofudborgarsvaedid/hofudborgarsvaedid>
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (2011). Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Skýrsla SSV Nr. 1 2011.
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (2013). *Sóknaráætlun Vesturlands*. Skoðað 18. apríl 2015 á http://www.ssv.is/Files/Skra_0065434.pdf
- Scott, A. J. (1988). *New Industrial Spaces: Flexible Production Organization and Regional Development in North America and Western Europe*. London: Pion.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir (ritstj.) (2012). *Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.
- Sindri Birgisson, (2012). Ströndin og skógurinn, útivistarnotkun og sóknarfæri. Óútgefin rannsóknarkerfni, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.
- Sitte, C. (1965). *City Planning According to Artistic Principles*, (G. R. Collins & C. C. Collins, þýð.). London: Phaidon Press. (Frumútgáfa 1889).
- Skessuhorn (2013). Sterk viðbrögð íbúa við tveimur þáttum í aðalskipulagi fyrir Akranes. Skoðað 21. apríl 2015 á <http://skessuhorn.rat.nepal.is/frettir/nr/167645/>
- Skessuhorn (2015). Óska eftir viðræðum um landfyllingu. Skoðað 21. apríl 2015 á <http://skessuhorn.is/frettir/nr/193692/>
- Slumstrup, F., Mortensen, V. (2015). *Oprør fra udkanten - mulighedernes land 2.0*. Aarhus: Hovedland.
- Smit, A. J. (2011). The Influence of District Visual Quality on Location Decisions of Creative Entrepreneurs. *Journal of the American Planning Association*, 77(2), 168–184.
- Snæfellsbær (á.á.) *Frystiklefinn*. Skoðað 12. maí 2015 á <http://snb.is/blog/menning/frystiklefinn/>
- Teiknistofa Arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. (2003). Miðbær Akraness. Greining á stöðu og uppbyggingarkostum - Aðalskipulag Akraness, áfangaskýrsla 1. Akranes: Akraneskaupstaður.
- Throsby, D. (2001). *Economics and culture*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Tinagli, I. (2012). *Norway in the creative age*. Skoðað 2. febrúar 2015 á <http://abelia.no/getfile.php/Dokumenter/Norway%20in%20the%20creative%20age.pdf>
- UNCTAD (2010). *The Creative Economy Report 2010 - Creative economy: A feasible development option*. Skoðað 29. janúar 2015 á http://unctad.org/en/Docs/ditctab20103_en.pdf
- UNESCO (2009). *2009 UNESCO Framework for Cultural Statistic*. Skoðað 29. janúar 2015 á <http://www.uis.unesco.org/culture/Documents/framework-cultural-statistics-culture-2009-en.pdf>
- Walsh, S. (2012). Let Failure be your Guide: Becoming a Relevant Researcher for Industrial Renewal. *Inaugural Lecture, 5. júlí 2012*. Universiteit Twente.
- Wetzels, C. (2008). Are workers in the cultural industries paid differently? *Journal of Cultural Economics*, 32(1), 59–77.
- Whyte, W.H. (1956). *The Organization Man*. New York: Simon & Schuster.
- WIPO (2002). *The Guide on Surveying the Economic Contribution of the Copyright-Based Industries*. Skoðað 2. febrúar 2015 á http://www.wipo.int/edocs/pubdocs/en/copyright/893/wipo_pub_893.pdf
- WIPO (2015). *Search International and National Patent Collections*. Skoðað 21. febrúar 2015 á [https://patentscope.wipo.int/search/en/result.jsf?currentNavigationRow=1&prevCurrentNavigationRow=3&query=FP:\(Akranes\)&office=&sortOption=Pub%20Date%20Desc&prevFilter=&maxRec=21](https://patentscope.wipo.int/search/en/result.jsf?currentNavigationRow=1&prevCurrentNavigationRow=3&query=FP:(Akranes)&office=&sortOption=Pub%20Date%20Desc&prevFilter=&maxRec=21)
- Zukin, S. (1982). *Loft Living: Culture and Capital in Urban Change*. Johns Hopkins University Press.

Viðauki I

Íbúafjöldi			
Sveitarfélög með yfir 2000 íbúa árið 2014			
Nr. Sveitarfélag	Íbúar	Innflytjendur	Hlutfall
Ísland	325671	30979	9,5%
1 Reykjavík	121230	14091	11,6%
2 Kópavogur	32308	2636	8,2%
3 Hafnarfjörður	27357	2621	9,6%
4 Akureyri	18103	778	4,3%
5 Reykjanesbær	14527	1821	12,5%
6 Garðabær	14180	589	4,2%
7 Mosfellsbær	9075	465	5,1%
8 Árborg	7889	458	5,8%
9 Akranes	6699	505	7,5%
10 Fjarðabyggð	4675	593	12,7%
11 Seltjarnarnes	4381	273	6,2%
12 Vestmannaeyjar	4264	251	5,9%
13 Skagafjörður	3978	150	3,8%
14 Ísafjarðarbær	3639	486	13,4%
15 Borgarbyggð	3535	205	5,8%
16 Fljótsdalshérað	3463	215	6,2%
17 Grindavíkurbær	2888	322	11,1%
18 Norðurþing	2822	226	8,0%
19 Hveragerði	2333	132	5,7%
20 Hornafjörður	2167	181	8,4%
21 Fjallabyggð	2010	95	4,7%

Fjöldi innflytjenda, fyrstu og annarrar kynslóðar

Sveitarfélög með yfir 2000 íbúa árið 2014

Nr. Sveitarfélag	Íbúar	Innflytjendur	Hlutfall
Ísland	325671	30979	9,5%
1 Reykjavík	121230	14091	11,6%
2 Kópavogur	32308	2636	8,2%
3 Hafnarfjörður	27357	2621	9,6%
4 Reykjanesbær	14527	1821	12,5%
5 Akureyri	18103	778	4,3%
6 Fjarðabyggð	4675	593	12,7%
7 Garðabær	14180	589	4,2%
8 Akranes	6699	505	7,5%
9 Ísafjarðarbær	3639	486	13,4%
10 Mosfellsbær	9075	465	5,1%
11 Árborg	7889	458	5,8%
12 Grindavíkurbær	2888	322	11,1%
13 Seltjarnarnes	4381	273	6,2%
14 Vestmannaeyjar	4264	251	5,9%
15 Norðurþing	2822	226	8,0%
16 Fljótshálsa	3463	215	6,2%
17 Borgarbyggð	3535	205	5,8%
18 Hornafjörður	2167	181	8,4%
19 Skagafjörður	3978	150	3,8%
20 Hveragerði	2333	132	5,7%
21 Fjallabyggð	2010	95	4,7%

Hlutfalli innflytjenda, fyrstu og annarrar kynsl.

Sveitarfélög með yfir 2000 íbúa árið 2014

Nr. Sveitarfélag	Íbúar	Innflytjendur	Hlutfall
1 Ísafjarðarbær	3639	486	13,4%
2 Fjarðabyggð	4675	593	12,7%
3 Reykjanesbær	14527	1821	12,5%
4 Reykjavík	121230	14091	11,6%
5 Grindavíkurbær	2888	322	11,1%
6 Hafnarfjörður	27357	2621	9,6%
Ísland	325671	30979	9,5%
7 Hornafjörður	2167	181	8,4%
8 Kópavogur	32308	2636	8,2%
9 Norðurþing	2822	226	8,0%
10 Akranes	6699	505	7,5%
11 Seltjarnarnes	4381	273	6,2%
12 Fljótshálsa	3463	215	6,2%
13 Vestmannaeyjar	4264	251	5,9%
14 Árborg	7889	458	5,8%
15 Borgarbyggð	3535	205	5,8%
16 Hveragerði	2333	132	5,7%
17 Mosfellsbær	9075	465	5,1%
18 Fjallabyggð	2010	95	4,7%
19 Akureyri	18103	778	4,3%
20 Garðabær	14180	589	4,2%
21 Skagafjörður	3978	150	3,8%

Fjarlægð í kílómetrum frá Reykjavík samkv. vef Vegagerðarinnar	
Bær	km
Garðabær	8
Hafnafjörður	11
Hveragerði	45
Keflavík	46
Akranes	49
Grindavík	50
Þorlákshöfn	51
Sandgerði	54
Selfoss	57
Eyrabakki	59
Borgarnes	74